

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvirkni upplýsingakerfa Evrópusambandsins á sviði landamæra, vegabréfsáritana, lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga, nr. 1057/2025.

1. gr.

Á eftir orðunum „að undanskildum“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: V. kafla og.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ríkislögreglustjóri, sem ábyrgðaraðili að rekstri íslenska hluta komu- og brottfararkerfis, ferða- upplýsinga- og ferðaheimildakerfis, Schengen-upplýsingakerfis og evrópsks fingrafaragrunns, skal halda aðgerðaskrá yfir leitarfyrirspurnir innlendra stjórnvalda í evrópsku leitargáttinni, sameiginlega lífkennamatunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu sem gerðar eru í viðkomandi kerfum, sbr. 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 16. gr. og 5. mgr. 24. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818. Utanríkisráðuneytið sem ábyrgðaraðili að rekstri íslenska hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir (N-VIS) skal halda aðgerðaskrá yfir leitarfyrirspurnir innlendra stjórnvalda í evrópsku leitargáttinni, sameiginlega lífkennamatunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu sem gerðar eru í N-VIS.

3. gr.

Á eftir 4. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 4. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Aðgangur lögreglu að sameiginlega auðkennasafninu.

Lögreglu er heimilt, í þeim tilgangi einum að staðfesta auðkenni einstaklings, að framkvæma leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu, enda sé uppfyllt eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- lögregla getur ekki staðfest deili á einstaklingi vegna skorts á ferðaskilríkjum eða öðru trúverðugu skjali eða skilríkjum sem sanna hver viðkomandi er,
- efasemdir eru um auðkennisupplýsingar sem einstaklingurinn leggur fram,
- efasemdir eru um hvort ferðaskilríkin eða annað trúverðugt skjal eða skilríki, sem einstaklingurinn leggur fram, séu ósvikin,
- efasemdir eru um hver handhafi ferðaskilríkjanna eða annars trúverðugs skjals eða skilríkja er eða
- einstaklingur neitar eða er ófær um samvinnu.

Framkvæmd leitarfyrirspurna er aðeins heimil gagnvart börnum undir 12 ára aldri þar sem ekki er búið við hagsmuni barnsins.

Lögreglu er aðeins heimilt að framkvæma leitarfyrirspurn skv. 1. mgr. á grundvelli lífkenna- upplýsinga einstaklings, sem teknar hafa verið beint við auðkenniseftirlit, í löggæslutilgangi eða vegna máls á grundvelli laga um útlendinga og að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings. Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklings eða ef leitarfyrirspurn með þeim upplýsingum ber ekki árangur er lögreglu heimilt að framkvæma leitarfyrirspurn á grundvelli auðkennisupplýsinga einstaklingsins ásamt ferðaskilríkjaupplýsingum eða á grundvelli auðkennisupplýsinga sem sá einstaklingur leggur fram.

Lögreglu er enn fremur heimilt að framkvæma leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu með lífkennagögnum í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar og einungis í þeim tilgangi að staðfesta deili á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar.

4. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Í stað fylgiskjala 1 og 2 við reglugerðina koma ný fylgiskjöl 1 og 2, reglugerð (ESB) 2019/817 og reglugerð (ESB) 2019/818, með áorðnum breytingum, sem birt eru með reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði k-liðar 1. mgr. 23. gr. laga um landamæri, nr. 136/2022 og öðlast hún þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 11. júní 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/817****frá 20. maí 2019**

um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM, með síðari breytingum

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 16. gr. (2. mgr.), 74. gr. og 77. gr. (a-, b-, d- og e-lið 2. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni frá 6. apríl 2016 undir heitinu „Öflugri og snjallari upplýsingakerfi á sviði landamæra og öryggis“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nauðsyn þess að bæta högun gagnastjórnunar Sambandsins á sviði landamæra- og öryggis. Með orðsendingunni hófst ferli sem miðar að því að ná samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði öryggis, landamæra og stjórnunar fólksflutninga með það að markmiði að leysa úr skipulagslegum vanköntum í tengslum við þessi kerfi sem hamla vinnu landsyfirvalda og tryggja að landamæraverðir, tollyfirvöld, lögreglumenn og dómsyfirvöld hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.
- 2) Í vegvísi sínum um að efla upplýsingaskipti og upplýsingastjórnun, þ.m.t. samvirknilausnir á sviði dóms- og innanríkismála, frá 6. júní 2016 benti ráðið á ýmsar lagalegar, tæknilegar og rekstrartengdar áskoranir í tengslum við samvirkni upplýsingakerfa ESB og kallaði eftir því að leitað yrði lausna.
- 3) Í ályktun sinni frá 6. júlí 2016 um stefnumiðuð forgangsmál vegna vinnuáætlunar framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2017 ⁽³⁾ kallaði Evrópuþingið eftir tillögum til að bæta og þróa fyrirbyggjandi upplýsingakerfi ESB, fylla upp í upplýsingaeyður og færast nær samvirkni þeirra, auk tillagna um skyldubundin upplýsingaskipti á vettvangi ESB, ásamt nauðsynlegum persónuverndarverndarráðstöfunum.
- 4) Í niðurstöðum sínum frá 15. desember 2016 kallaði leiðtoga ráðið eftir því að áfram yrði unnið að því að koma á samvirkni upplýsingakerfa og gagnagrunna ESB.
- 5) Í lokaskýrslu sinni frá 11. maí 2017 komst hópur háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri og tæknilega mögulegt að vinna að hagnýtum samvirknilausnum og að samvirkni gæti að jafnaði leitt til rekstrarlegs ávinnings, auk þess sem koma mætti henni á í samræmi við kröfur um persónuvernd.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 16. maí 2017 undir heitinu Sjöunda skýrsla um framvindu í átt að skilvirkni og raunverulega öruggu Sambandi setti framkvæmdastjórnin fram, í samræmi við orðsendingu sína frá 6. apríl 2016 og niðurstöður og tilmæli hóps háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni, nýja nálgun á stjórnun gagna vegna landamæra, öryggis og fólksflutninga þar sem stefnt var að því að öll upplýsingakerfi ESB á sviði öryggis, landamæra og stjórnunar fólksflutninga yrðu samvirk, í fullu samræmi við grundvallar-réttindi.
- 7) Í niðurstöðum sínum frá 9. júní 2017 um hvernig vinna eigi að því að bæta upplýsingaskipti og tryggja samvirkni upplýsingakerfa ESB hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að vinna að þeim samvirknilausnum sem viðkomandi hópur háttsettra sérfræðinga lagði til.
- 8) Í niðurstöðum sínum frá 23. júní 2017 lagði leiðtoga ráðið áherslu á nauðsyn þess að bæta samvirkni milli gagnagrunna og hvatti framkvæmdastjórnina til að undirbúa, eins fljótt og unnt er, drög að löggjöf á grundvelli tillagnanna frá hópi háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni.
- 9) Í því skyni að bæta skilvirkni og árangur eftirlits á ytri landamærunum, stuðla að því að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks og stuðla að fyllsta öryggi innan svæðis frelsis, öryggis og réttlætis í Sambandinu, þ.m.t. viðhalda almannaoöryggi og allsherjarreglu og standa vörð um öryggi á yfirráða-

svæðum aðildarríkjanna, framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum, aðstoða við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, greiða fyrir því að unnt sé að staðfesta deili á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar, í þeim tilgangi að viðhalda trausti almennings á kerfi Sambandsins á sviði fólksflutninga og verndarmála, öryggisráðstöfunum Sambandsins og getu þess til að stjórna ytri landamærunum, ætti að koma á samvirkni milli upplýsingakerfa ESB, þ.e. komu- og brottfararkerfisins (EES), upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfisins), evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) og upplýsingakerfis evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins) til þess að þessi upplýsingakerfi ESB og gögn þeirra geti komið hverju öðru til fyllingar, jafnframt því að grundvallarréttindi einstaklinga eru virt, einkum rétturinn til verndar persónuupplýsingum. Til að ná þessu markmiði ætti að koma á fót evrópski leitargátt (ESP), sameiginlegu lífkennamatunarkerfi (e. shared BMS), sameiginlegu auðkennasafni (CIR) og fjölaufkennaskynjara (e. multiple-identity detector (MID)) sem samvirknieiningum.

- 10) Samvirkni milli upplýsingakerfa ESB ætti að gera þessum kerfum kleift að koma hvert öðru til fyllingar til þess að greiða fyrir réttari staðfestingu deila á einstaklingum, m.a. óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar, leggja af mörkum til baráttunnar gegn auðkennasvikum, bæta og samræma kröfur um gæði gagna í viðkomandi upplýsingakerfum ESB, greiða fyrir tæknilegri og rekstrarlegri framkvæmd aðildarríkjanna á upplýsingakerfum ESB, efla verndarráðstafanir vegna gagnaöryggis og persónuverndar sem gilda um viðkomandi upplýsingakerfi ESB, einfalda aðgang að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði og styðja við tilgang komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.
- 11) Samvirknieiningarnar ættu að taka til komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. Þær ættu einnig að ná til gagna Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunarinnar (Europol)) en þó aðeins að því marki að hægt sé að leita samtímis í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og í þessum upplýsingakerfum ESB.
- 12) Samvirknieiningarnar ættu að vinna persónuupplýsingar þeirra einstaklinga sem unnið er með persónuupplýsingar frá í undirliggjandi upplýsingakerfum ESB og hjá Löggæslusamvinnustofnuninni.
- 13) Koma ætti á fót evrópsku leitargáttinni til að greiða tæknilega fyrir hröðum, snurðulausum, skilvirkum, kerfisbundnum og stýrðum aðgangi yfirvalda aðildarríkja og fagstofnana Sambandsins að upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamála-lögreglu (Interpol) í samræmi við aðgangsrétt þeirra, að svo miklu leyti sem þörf er á til að þau geti sinnt verkefnum sínum. Einnig ætti að koma evrópsku leitargáttinni á fót til að styðja við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins og gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar. Með því að gera kleift að leita samhliða í öllum viðeigandi upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunar og gagnagrunnum Interpol ætti evrópska leitargáttin að virka sem einn gluggi eða „skilaboðamiðlari“ til að leita í hinum ýmsu miðlægu kerfum og fá nauðsynlegar upplýsingar hnökralaust og í fullu samræmi við kröfur undirliggjandi kerfa um aðgangsstýringu og persónuvernd.
- 14) Hönnun evrópsku leitargáttarinnar ætti að tryggja að við leit í gagnagrunnum Interpol sé gögnum, sem notandi gáttarinnar notar í leitarfyrirspurn sinni, ekki deilt með eigendum gagna Interpol. Hönnun evrópsku leitargáttarinnar ætti einnig að tryggja að leit í gagnagrunnum Interpol fari einungis fram í samræmi við gildandi lög Sambandsins og landslög.
- 15) Gagnagrunnur Interpol um stolin og horfin ferðaskilríki gerir viðurkenndum aðilum, sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði í aðildarríkjunum, þ.m.t. innflytjendayfirvöldum og landamærayfirvöldum, kleift að ganga úr skugga um gildi ferðaskilríkja. ETIAS-ferðaheimildakerfið leitar í gagnagrunni Interpol um stolin og horfin ferðaskilríki (SLTD) og gagnagrunni Interpol um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (TDAWN), í tengslum við mat á því hvort einstaklingur, sem sækir um ferðaheimild, sé líklegur til að verða t.d. óreglulegur innflytjandi eða kunni að vera ógn við öryggi. Evrópska leitargáttin ætti að gera kleift að leita í gagnagrunni Interpol um stolin og horfin skilríki og gagnagrunni Interpol um ferðaskilríki sem gefin hefur

verið út tilkynning um á grundvelli auðkennis- eða ferðaskilríkjaupplýsinga einstaklings. Sé persónuupplýsingum miðlað frá Sambandinu til Alþjóðasambands sakamálaöreglu (Interpol) um evrópsku leitargáttina ættu ákvæðin um alþjóðlega miðlun í V. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁴⁾ eða landsákvæði sem leiða í lög V. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽⁵⁾ að gilda. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á sértæku reglurnar sem mælt er fyrir um í sameiginlegri afstöðu ráðsins 2005/69/DIM ⁽⁶⁾ og ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM ⁽⁷⁾.

- 16) Þróa ætti evrópsku leitargáttina og stilla þannig að hún heimili aðeins leitarfyrirspurnir á grundvelli gagna er tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum sem er að finna í upplýsingakerfi ESB, í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar eða í gagnagrunnum Interpol.
- 17) Til að tryggja kerfisbundna notkun viðeigandi upplýsingakerfa ESB ætti að nota evrópsku leitargáttina til að leita í sameiginlega auðkennasafninu, komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu. Þó ætti að viðhalda landsbundinni tengingu við hin mismunandi upplýsingakerfi ESB til þess að fyrir hendi sé tæknileg varaleið. Einnig ættu fagstofnanir Sambandsins að nota evrópsku leitargáttina til að leita í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við aðgangsrétt sinn og til þess að þær geti sinnt verkefnum sínum. Evrópska leitargáttin ætti að vera viðbótarleið til að leita í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol og koma til viðbótar fyrirleggjandi leitar-skilflötum.
- 18) Lífkennaupplýsingar, t.d. fingraför og andlitsmyndir, eru einkvæmar upplýsingar og því mun áreiðanlegri til að staðfesta deili á einstaklingi en alstafagögn. Sameiginlega lífkennamatunarkerfið ætti að vera tæknilegt tól til að efla og auðvelda starf viðeigandi upplýsingakerfa ESB og hinna samvirknieininganna. Megin-tilgangur sameiginlega lífkennamatunarkerfisins ætti að vera sá að auðvelda staðfestingu deila á einstaklingi sem er skráður í nokkra gagnagrunna með því að nota einn tæknilegan þátt í stað nokkurra til að máta saman lífkenni einstaklingsins í mismunandi kerfum. Sameiginlega lífkennamatunarkerfið ætti að stuðla að öryggi, auk þess að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning og ávinning í tengslum við viðhald og rekstur. Öll sjálfvirk fingrafaragreiningarkerfi, þ.m.t. þau sem eru nú notuð fyrir evrópska fingrafaragrunnin, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og Schengen-upplýsingakerfið, nota lífkennasniðmát (e. biometric templates) sem samanstanda af gögnum sem eru leidd af útdrætti þátta úr raunverulegum lífkennasýnum. Í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu ætti að endurflokka og geyma á einum stað öll þessi lífkennasniðmát, aðskilin á rökrænan hátt eftir því frá hvaða upplýsingakerfi gögnin komu, og auðvelda þannig samanburð á milli kerfa með því að nota lífkennasniðmát og gera það kleift að nýta stærðarhagkvæmni við þróun og viðhald miðlægra kerfa ESB.
- 19) Lífkennasniðmátin sem geymd eru í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu ættu að samanstanda af gögnum sem eru leidd af útdregnum þáttum raunverulegra lífkennasýna og fengin þannig að ekki sé hægt að rekja útdrattarferlið til baka. Lífkennasniðmát ættu að vera fengin úr lífkennaupplýsingum en ekki ætti að vera hægt að fá fram þessar sömu lífkennaupplýsingar úr lífkennasniðmátunum. Þar sem lófafaragögn og DNA-snið eru aðeins geymd í Schengen-upplýsingakerfinu og ekki er hægt að nota þau til milligátunar við gögn í öðrum upplýsingakerfum, ætti ekki að geyma DNA-snið eða lífkennasniðmát sem byggjast á lófafaragögnum í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu, í samræmi við meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf.
- 20) Lífkennaupplýsingar teljast vera viðkvæmar persónuupplýsingar. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um grundvöll fyrir og verndarráðstafanir vegna vinnslu slíkra upplýsinga í þeim tilgangi að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingum með einkvæmum hætti.
- 21) Komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópski fingrafaragrunnurinn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið krefjast nákvæmrar staðfestingar deila á þeim einstaklingum sem geymdar eru persónuupplýsingar um í kerfunum. Af þeim sökum ætti sameiginlega auðkennasafnið að greiða fyrir rétttri staðfestingu deila á þeim einstaklingum sem eru skráðir í þessi kerfi.
- 22) Persónuupplýsingar sem geymdar eru í þessum upplýsingakerfum ESB kunna að varða sömu einstaklinga en undir mismunandi eða ófullnægjandi auðkennum. Aðildarríkin hafa yfir að ráða skilvirkum leiðum til að staðfesta deili á eigin ríkisborgurum eða skráðum íbúum á yfirráðasvæðum sínum. Samvirkni milli upplýsingakerfa ESB ætti að stuðla að rétttri staðfestingu deila á einstaklingum í þessum kerfum. Sameiginlega auðkennasafnið ætti að geyma þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að staðfesta nákvæmari deili á einstaklingum sem eiga persónuupplýsingar í þessum kerfum, þ.m.t. auðkennisupplýsingar þeirra, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar, óháð því hvaða kerfi safnaði upplýsingunum í upphafi. Aðeins þær persónuupplýsingar sem eru algerlega nauðsynlegar til að framkvæma nákvæmt auðkenniseftirlit ætti að geyma í sameiginlega auðkennasafninu. Ekki ætti að geyma persónuupplýsingar, sem eru skráðar í sameiginlega auðkennasafnið, lengur en bráðnauðsynlegt telst samkvæmt tilgangi undir-

- liggjandi kerfa og þeim ætti að eyða sjálfkrafa þegar upplýsingum er eytt í undirliggjandi kerfum í samræmi við rökrænan aðskilnað þeirra.
- 23) Ný vinnsluáðgerð, sem felur í sér geymslu slíkra upplýsinga í sameiginlega auðkennasafninu í stað þess að geyma þær í hverju einstöku kerfi, er nauðsynleg til að auka nákvæmni staðfestingar á deilum með sjálfvirkum samanburði og pörum upplýsinga. Enda þótt auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar séu geymdar í sameiginlega auðkennasafninu ætti það ekki með neinum hætti að koma í veg fyrir vinnslu upplýsinga að því er varðar komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið þar sem sameiginlega auðkennasafnið ætti að vera ný sameiginleg eining þessara undirliggjandi kerfa.
 - 24) Því er nauðsynlegt að stofna sérstaka gagnaskrá í sameiginlega auðkennasafninu fyrir hvern þann einstakling sem er skráður í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið til að hægt sé að staðfesta rétt deili á fólki á Schengen-svæðinu og til að styðja við fjöluauðkennaskynjarann, í þeim tvíþætta tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti ferðamanna, sem ferðast með heiðarlegum ásetningi, og berjast gegn auðkennasvikum. Gagnaskráin ætti að geyma allar auðkennisupplýsingar sem tengjast einstaklingi á einum stað og gera þær aðgengilegar endanlegum notendum með tilskilda heimild.
 - 25) Sameiginlega auðkennasafnið ætti þannig að auðvelda og einfalda aðgang yfirvalda, sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, að þeim upplýsingakerfum ESB sem ekki er komið á fót í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka alvarleg afbrot.
 - 26) Sameiginlega auðkennasafnið ætti að fela í sér sameiginlega hirslu fyrir auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar einstaklinga sem eru skráðir í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið. Það ætti að vera hluti af tæknilegri högun þessara kerfa og sameiginleg eining þeirra til þess að geyma og leita í auðkennisupplýsingum, ferðaskilríkjaupplýsingum og lífkennaupplýsingum sem unnar eru í þeim.
 - 27) Allar skráningar í sameiginlega auðkennasafninu ættu að vera aðskildar á rökrænan hátt þannig að hver skráning sé með sjálfvirkum hætti merkt heiti undirliggjandi kerfis sem á skráninguna. Aðgangsstýringar sameiginlega auðkennasafnsins ættu að nota þessar merkingar til að ákvarða hvort heimila eigi aðgang að skráningunni.
 - 28) Þegar lögreglu yfirvald í aðildarríki getur ekki staðfest deili á einstaklingi vegna skorts á ferðaskilríkjum eða öðru trúverðugu skjali eða skilríkjum sem sanna hver viðkomandi er eða þegar efasemdir eru um auðkennisupplýsingar sem einstaklingurinn leggur fram, um það hvort ferðaskilríkin eru ósvikin eða um deili á handhafa þeirra eða þegar einstaklingurinn er ófær um eða neitar samvinnu ætti lögreglu yfirvaldinu að vera heimilt að leita í sameiginlega auðkennasafninu til þess að staðfesta deili á einstaklingnum. Í þessum tilgangi ættu lögreglu yfirvöld að taka fingraför með lífkennaskannatækni fyrir fingraför að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings. Ekki ætti að leyfa slíkar leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að staðfesta deili á börnum undir 12 ára aldri nema það sé barninu fyrir bestu.
 - 29) Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklings eða ef leitarfyrirspurn með þeim upplýsingum ber ekki árangur ætti að framkvæma leitina með auðkennisupplýsingum einstaklingsins ásamt ferðaskilríkjaupplýsingum. Ef leitarfyrirspurnin gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu ættu yfirvöld aðildarríkis að hafa aðgang að því til þess að fletta upp auðkennisupplýsingum og ferðaskilríkjaupplýsingum einstaklingsins, án þess að auðkennasafnið gefi vísbendingar um það hvaða upplýsingakerfi ESB upplýsingarnar tilheyra.
 - 30) Aðildarríkin ættu að samþykka landsbundnar löggjafarráðstafanir þar sem tilnefnd eru þau yfirvöld sem eru til þess bær að annast auðkenniseftirlit með því að nota sameiginlega auðkennasafnið og mælt er fyrir um verklag við, skilyrði fyrir og viðmiðanir vegna slíks eftirlits sem fylgja ættu meginreglunni um meðalhóf. Einkum ætti í landslögum að kveða á um heimild til að safna lífkennaupplýsingum við auðkenniseftirlit með einstaklingi sem er staddur hjá starfsmanni þessara yfirvalda.
 - 31) Í þessari reglugerð ætti einnig að setja fram nýjan möguleika á einföldun aðgangs að gögnum, öðrum en auðkennisupplýsingum eða ferðaskilríkjaupplýsingum sem er að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða evrópska fingrafaragrunninum, fyrir yfirvöld sem aðildarríki hefur tilnefnt og bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði og fyrir Löggæslusamvinnustofnunina. Slík gögn kunna að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra,

alvarlega, refsiverða verknaði í tilteknu máli þar sem gild ástæða er til að ætla að uppfletting í gögnunum muni stuðla að því að hægt verði að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega refsiverða verknaði, einkum þar sem grunur leikur á að upplýsingar um hinn grunaða, gerandann eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða evrópska fingrafaragrunninum.

- 32) Fullur aðgangur að gögnum í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða evrópska fingrafaragrunninum, sem er nauðsynlegur í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega refsiverða verknaði, umfram aðgang að auðkennisupplýsingum eða ferðaskilríkjaupplýsingum í sameiginlega auðkennasafninu, ætti áfram að falla undir viðeigandi lagagerninga. Tilnefnd yfirvöld, sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega refsiverða verknaði, og Löggæslusamvinnustofnunin vita ekki fyrir fram hvaða upplýsingakerfi ESB búa yfir gögnum um þá einstaklinga sem þau þurfa að spyrjast fyrir um. Þetta leiðir til tafa og óskilvirkni. Af þessum sökum ætti að leyfa endanlegum notanda, með heimild frá tilnefndu yfirvaldi, að sjá í hvaða upplýsingakerfum ESB gögnin, sem svara til leitarniðurstöðunnar, eru skráð. Þannig yrði viðkomandi kerfi merkt í kjölfar sjálfvirkar sannprófunar á því að samsvörun sé fyrir hendi í kerfinu (svokölluð samsvörunarmerking).
- 33) Í þessu samhengi ætti ekki að túlka eða nota svar frá sameiginlega auðkennasafninu sem grundvöll eða ástæðu til ályktana um einstakling eða til að grípa til ráðstafana varðandi hann heldur ætti einungis að nota það í þeim tilgangi að leggja fram aðgangsbéidni til undirliggjandi upplýsingakerfa ESB samkvæmt þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum sem stýra slíkum aðgangi. Slík aðgangsbéidni ætti að vera með fyrirvara um VII. kafla þessarar reglugerðar og, eftir því sem við á, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁸⁾.
- 34) Almenna reglan er sú að þegar samsvörunarmerki gefur til kynna að gögnin séu skráð í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið eða evrópska fingrafaragrunnin ættu tilnefnd yfirvöld eða Löggæslusamvinnustofnunin að fara fram á fullan aðgang að a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa ESB sem málið varðar. Í sérstökum undantekningartilvikum þegar ekki er farið fram á slíkan fullan aðgang, t.d. vegna þess að tilnefnd yfirvöld eða Löggæslusamvinnustofnunin hafa þegar aflað gagnanna eftir öðrum leiðum eða ekki er lengur heimilt að afla gagnanna samkvæmt landslögum, ætti að skrá rökstuðninginn fyrir því að ekki er farið fram á aðgang.
- 35) Í aðgerðaskrá (e. logs) vegna leitarfyrirspurnar í sameiginlega auðkennasafninu ætti að koma fram tilgangur fyrirspurnanna. Þegar slík leitarfyrirspurn var gerð með því að nota tveggja þrepa nálgunina við uppflettingu gagna ætti að koma fram í aðgerðaskránum tilvísun til landsbundnu skrárinnar fyrir rannsóknina eða málið og þar með væri gefið til kynna að leitarfyrirspurnin hafi verið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
- 36) Leitarfyrirspurn, sem tilnefnd yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin framkvæma í sameiginlega auðkennasafninu til þess að afla samsvörunarmerkis sem gefur til kynna að gögnin séu skráð í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið eða evrópska fingrafaragrunnin, krefst sjálfvirkar vinnslu persónuupplýsinga. Samsvörunarmerki ætti ekki að sýna persónuupplýsingar viðkomandi einstaklings aðrar en vísbendingu um að einhverjar upplýsingar um hann séu geymdar í einu af kerfunum. Endanlegur notandi með tilskilda heimild ætti ekki að taka ákvörðun sem er viðkomandi einstaklingi í óhag á þeim grundvelli einum að fram hafi komið samsvörunarmerki. Aðgangur endanlegs notanda að samsvörunarmerki mun því fela í sér afar takmarkaða skerðingu á réttinum til verndar persónuupplýsingum viðkomandi einstaklings en gera tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni kleift að fara fram á aðgang að persónuupplýsingum með skilvirkari hætti.
- 37) Koma ætti á fót fjöluauðkennaskynjaranum til að styðja við starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins og markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. Öll þessi upplýsingakerfi ESB krefjast nákvæmrar staðfestingar á deilum einstaklinga sem eiga persónuupplýsingar í kerfunum til þess geta náð markmiðum sínum með skilvirkum hætti, hvert um sig.
- 38) Til þess að ná betur markmiðum upplýsingakerfa ESB ættu yfirvöldin, sem nota þessi kerfi, að geta framkvæmt nægilega áreiðanlegar sannprófanir á auðkennum þeirra einstaklinga sem eiga persónuupplýsingar í mismunandi kerfum. Auðkennis- eða ferðaskilríkjaupplýsingar, sem eru geymdar í tilteknu kerfi, geta verið rangar, ófullnægjandi eða sviksamlegar og engin leið er, eins og er, til að greina rangar, ófullnægjandi eða sviksamlegar auðkennisupplýsingar eða ferðaskilríkjaupplýsingar með því að bera þær saman við

upplýsingar sem eru geymdar í öðru kerfi. Til að ráða bót á þessu er nauðsynlegt að hafa tæknilega leið á vettvangi Sambandsins sem gerir það mögulegt að staðfesta nákvæmlega deili á einstaklingum í þessum tilgangi.

- 39) Fjölauðkennaskynjarinn ætti að mynda og geyma tengingar milli gagna í hinum mismunandi upplýsingakerfum ESB til þess að greina margföld auðkenni, í þeim tvíþætta tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti með ferðamönnum sem ferðast með heildarlegum ásetningi og berjast gegn auðkennasvikum. Í fjöluauðkennaskynjaranum ættu aðeins að vera tengingar milli upplýsinga um einstaklinga sem eru í fleiri en einu upplýsingakerfi ESB. Tengdu gögnin ættu að einskorðast við gögn sem eru nauðsynleg til að sannprófa að einstaklingur sé skráður með réttmætum eða óréttmætum hætti undir mismunandi auðkennum í mismunandi kerfum eða til að útskýra að tveir einstaklingar með svipaðar auðkennisupplýsingar séu e.t.v. ekki sami einstaklingurinn. Gagnavinnslu í gegnum evrópsku leitargáttina og sameiginlega lífkennamátunarkerfið til þess að tengja saman gagnaskrár í mismunandi kerfum ætti að halda í algeru lágmarki og hún því takmarkast við fjöluauðkennagreiningu, sem skal fara fram þegar nýjum gögnum er bætt við eitt þeirra kerfa sem geymir gögn í sameiginlega auðkennasafninu, eða við Schengen-upplýsingakerfið. Fjölauðkennaskynjarinn ætti að fela í sér verndarráðstafanir gagnvart hugsanlegri mismunun einstaklinga með margföld lögmat auðkenni og óhagstæðum ákvörðunum varðandi þá.
- 40) Í þessari reglugerð er kveðið á um nýjar gagnavinnsluaðgerðir sem miða að því að staðfesta rétt deili á viðkomandi einstaklingum. Í þessu felst skerðing á grundvallarréttindum þeirra eins og þau eru varin skv. 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar sem skilvirk framkvæmd upplýsingakerfa ESB veltur á rétttri staðfestingu deila á viðkomandi einstaklingum er slík skerðing réttlætt með sömu markmiðum og liggja að baki hverju þessara kerfa, skilvirkri stjórnun landamæra Sambandsins, innra öryggi Sambandsins og skilvirkri framkvæmd stefna Sambandsins á sviði verndarmála og vegabréfsáritana.
- 41) Evrópska leitargáttin og sameiginlega lífkennamátunarkerfið ættu að bera saman gögn um einstaklinga í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu þegar landsyfirvald eða fagstofnun Sambandsins stofnar eða hleður upp nýjum skráningum. Slíkur samanburður ætti að vera sjálfvirkur. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að nota sameiginlega lífkennamátunarkerfið til þess að greina mögulegar tengingar á grundvelli lífkennaupplýsinga. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að nota evrópsku leitargáttina til þess að greina mögulegar tengingar á grundvelli alstafagagna. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að vera fær um að greina sömu eða svipuð gögn um einstakling sem geymd er í nokkrum kerfum. Þegar sú er raunin ætti að koma á tengingu sem gefur til kynna að um sama einstakling sé að ræða. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að vera stillt þannig að þau greini minni háttar umritun eða stafsetningarvillur þannig að ekki leiði til óréttmætra hindrana fyrir viðkomandi einstakling.
- 42) Landsyfirvaldið eða fagstofnun Sambandsins sem skráði gögnin í viðkomandi upplýsingakerfi ESB ætti að staðfesta tengingarnar eða breyta þeim. Landsyfirvaldið eða fagstofnunin ætti að hafa aðgang að gögnum sem eru geymd í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og í fjöluauðkennaskynjaranum í þeim tilgangi að sannprófa handvirkt hvort um mismunandi auðkenni sé að ræða.
- 43) Það yfirvald, sem skapaði eða uppfærði gögnin sem kölluðu fram samsvörunina sem leiddi til tengingar við gögn geymd í öðru upplýsingakerfi ESB, ætti að tryggja að fram fari handvirk sannprófun mismunandi auðkenna. Yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna ætti að meta hvort fyrir liggja margföld auðkenni sem vísa til sama einstaklings með réttmætum eða óréttmætum hætti. Matið ætti, ef mögulegt er, að fara fram í viðurvist viðkomandi einstaklings og, ef nauðsyn krefur, með því að fara fram á viðbótarskýringar eða -upplýsingar. Framkvæma ætti matið án tafar í samræmi við lagakröfur um nákvæmni upplýsinga samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Viðkomandi einstaklingar munu sæta ferðatakörkunum, einkum á landamærunum, á meðan sannprófun stendur yfir og hún ætti því ekki að vara um óákveðinn tíma. Þótt fyrir hendi sé gul tenging í fjöluauðkennaskynjaranum ætti það í sjálfu sér ekki að teljast ástæða fyrir synjun um komu og sérhverja ákvörðun um að heimila eða synja um komu ætti einungis að taka á grundvelli viðeigandi ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽⁹⁾.
- 44) Þegar um er að ræða tengingar í gegnum Schengen-upplýsingakerfið vegna skráninga um einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir með afhendingu eða framsal í huga, týnda einstaklinga eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu, einstaklinga sem leitað er að til að veita liðsinni við dómsmeðferð eða einstaklinga vegna eftirlits í kyrrþey, rannsóknareftirlits eða markviss eftirlits ætti SIRENE-skrifstofa aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna að vera það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Þessar tegundir skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu eru viðkvæmar og þeim ætti ekki endilega að miðla til þeirra yfirvalda sem skapa eða uppfæra gögn sem hafa tengingar við þær í einu af hinum upplýsingakerfum ESB. Myndun tengingar við gögn Schengen-upplýsingakerfisins ætti ekki að hafa áhrif á þær

aðgerðir sem grípa á til í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1860⁽¹⁰⁾, (ESB) 2018/1861⁽¹¹⁾ og (ESB) 2018/1862⁽¹²⁾.

- 45) Myndun slíkra tenginga krefst gagnsæis gagnvart þeim einstaklingum sem þetta hefur áhrif á. Til þess að auðvelda framkvæmd nauðsynlegra verndarráðstafana í samræmi við gildandi persónuverndarreglur Sambandsins ætti að upplýsa einstaklinga, sem fá rauða eða hvíta tengingu í kjölfar handvirkar sannprófunar mismunandi auðkenna, skriflega um það, sbr. þó takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að innlendum rannsóknum sé ekki stofnað í hættu. Þessir einstaklingar ættu að fá stakt auðkennisnúmer sem gerir þeim kleift að finna út til hvaða yfirvalds þeir ættu að snúa sér til að neyta réttinda sinna.
- 46) Þegar gul tenging myndast ætti yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna að hafa aðgang að fjölaufkennaskynjaranum. Ef rauð tenging er fyrir hendi ættu yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins, sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB sem fellur undir sameiginlega auðkennasafnið eða að Schengen-upplýsingakerfinu, að hafa aðgang að fjölaufkennaskynjaranum. Rauð tenging ætti að gefa til kynna að einstaklingur noti mismunandi auðkenni á óréttmætan hátt eða að einstaklingur noti auðkenni annars einstaklings.
- 47) Ef hvít eða græn tenging er fyrir hendi milli gagna frá tveimur upplýsingakerfum ESB ættu yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins að hafa aðgang að fjölaufkennaskynjaranum ef viðkomandi yfirvald eða stofnun hefur aðgang að báðum upplýsingakerfum. Veita ætti slíkan aðgang í þeim tilgangi einum að gera viðkomandi yfirvaldi eða stofnun kleift að greina möguleg tilvik þar sem gögn hafa verið ranglega tengd eða unnin í fjölaufkennaskynjaranum, sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu í bága við þessa reglugerð, og grípa til aðgerða til að ráða bót á ástandinu og uppfæra tenginguna eða eyða henni.
- 48) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA)) ætti að koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum með gæðum gagna og sameiginlegum gæðavísam fyrir gögn. Hún ætti að bera ábyrgð á þróun miðlægrar eftirlitsgetu með gæðum gagna og á því að leggja reglulega fram gagnagreiningarskýrslur til að bæta eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á upplýsingakerfum ESB. Sameiginlegir gæðavísar fyrir gögn ættu að taka til lágmarksgæðastaðla vegna geymslu gagna í upplýsingakerfum ESB eða samvirknieiningunum. Markmiðið með slíkum gæðastöðlum gagna ætti að vera sjálfvirk greining upplýsingakerfa ESB og samvirknieininganna á því sem virðist vera röng eða ósamræmd framlagning gagna þannig að upprunaaðildarríkið geti sannprófað gögnin og gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.
- 49) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á gæðaskýrslur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og gefa út tilmæli til aðildarríkjanna, eftir því sem við á. Aðildarríkin ættu að bera ábyrgð á undirbúningi aðgerðaáætlunar þar sem lýst er aðgerðum til úrbóta á hvers kyns annmörkum á gæðum gagna og leggja fram skýrslu um framvindu hennar með reglubundnum hætti.
- 50) Nota ætti almenna skilaboðasniðið (UMF) sem staðal fyrir skipulögð upplýsingaskipti yfir landamæri milli upplýsingakerfa, yfirvalda eða stofnana á sviði dóms- og innanríkismála. Í almenna skilaboðasniðinu ætti að skilgreina sameiginlegan orðaforða og röklega skipan fyrir algeng upplýsingaskipti til að greiða fyrir samvirkni með því að gera kleift að semja og lesa efni upplýsingaskiptanna með samkvæmum og merkningarfræðilega jafngildum hætti.
- 51) Taka má til skoðunar að taka upp staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið fyrir upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfið og önnur fyrirliggjandi eða ný upplýsingaskiptalíkön og upplýsingakerfi yfir landamæri á sviði dóms- og innanríkismála sem aðildarríkin hafa þróað.
- 52) Koma ætti á fót miðlægu skýrslu- og tölfræðisafni (CRRS) til að búa til tölfræðileg gögn þvert á kerfi og greiningarskýrslur í þágu stefnumótunar, rekstrarmála og gagnagæða í samræmi við víðeigandi lagagerninga. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að koma miðlæga skýrslu- og tölfræðisafninu á fót, hrinda því í framkvæmd og hýsa það á tæknisvæðum sínum. Safnið ætti að geyma tölfræðileg gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, frá upplýsingakerfum ESB, sameiginlega auðkennasafninu, fjölaufkennaskynjaranum og sameiginlega lífkennamátunarkerfinu. Ekki ætti að vera mögulegt að staðfesta deili á einstaklingum í gögnum miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnsins. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að aftengja gögnin persónuauðkennum með sjálfvirkum hætti og skrá slík gögn sem hafa verið gerð nafnlaus í miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið. Ferlið við að aftengja gögn persónuauðkennum ætti að vera sjálfvirk og starfsfólk stofnunarinnar ætti ekki að hafa beinan aðgang að neinum persónuupplýsingum sem geymdar eru í upplýsingakerfum ESB eða í samvirknieiningunum.
- 53) Reglugerð (ESB) 2016/679 á við um vinnslu landsyfirvalda á persónuupplýsingum í þágu samvirkni samkvæmt þessari reglugerð nema slík vinnsla fari fram af hálfu tilnefndra yfirvalda eða miðlægra aðgangs-

stöðva aðildarríkjanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.

- 54) Þegar vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum í þágu samvirkni samkvæmt þessari reglugerð er innt af hendi af hálfu lögbærra yfirvalda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði gildir tilskipun (ESB) 2016/680.
- 55) Reglugerð (ESB) 2016/679, reglugerð (ESB) 2018/1725 eða, ef við á, tilskipun (ESB) 2016/680 á við um hvers kyns miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa eða alþjóðastofnana samkvæmt þessari reglugerð. Með fyrirvara um ástæður fyrir miðlun skv. V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 eða, ef við á, tilskipun (ESB) 2016/680, ætti því aðeins að viðurkenna eða framfylgja með einhverjum hætti dómi, sem dómstólar kveða upp, eða ákvörðunum stjórnislyufirvalds í þriðja landi, sem krefjast þess að ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili miðli persónuupplýsingum eða birti þær, að slíkt byggist á alþjóðasamningi sem er í gildi milli þriðja landsins sem leggur fram beiðni og Sambandsins eða aðildarríkis.
- 56) Sértaku ákvæðin um persónuvernd í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ⁽¹³⁾, (EB) nr. 767/2008 ⁽¹⁴⁾, (ESB) 2018/1240 ⁽¹⁵⁾ og reglugerð (ESB) 2018/1861 eiga við um vinnslu persónuupplýsinga í þeim kerfum sem falla undir þessar reglugerðir.
- 57) Reglugerð (ESB) 2018/1725 á við um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og annarra meginstofnana og stofnana Sambandsins þegar þær sinna störfum sínum samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ⁽¹⁶⁾ sem á við um vinnslu Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum.
- 58) Eftirlitsyfirvöldin sem um getur í reglugerð (ESB) 2016/679 eða tilskipun (ESB) 2016/680 ættu að hafa eftirlit með lögmæti vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum. Evrópska persónuverndarstofnunin ætti að hafa eftirlit með starfsemi meginstofnana og stofnana Sambandsins í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Evrópska persónuverndarstofnunin og eftirlitsyfirvöldin ættu að hafa með sér samstarf um eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í samvirknieiningum. Evrópska persónuverndarstofnunin þarf nægileg tilföng, m.a. mannafla og fjármagn, til að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.
- 59) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹⁷⁾ og hún setti fram álit sitt 16. apríl 2018 ⁽¹⁸⁾.
- 60) Starfshópurinn skv. 29. gr. um persónuvernd setti fram álit sitt 11. apríl 2018.
- 61) Bæði aðildarríkin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ættu að gera öryggisáætlunir til þess að auðvelda framkvæmd öryggisskuldbindinga og ættu að hafa með sér samstarf til þess að fást við öryggismál. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti einnig að sjá til þess að nýjasta tækniþróun sé stöðugt nýtt til að tryggja heilleika gagna í tengslum við þróun, hönnun og stjórnun samvirknieininganna. Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa í þessu tilliti ættu að fela í sér samþykkt nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang, m.a. starfsfólks utanaðkomandi þjónustuaðila, að persónuupplýsingum sem eru unnar í gegnum samvirknieiningarnar. Þegar aðildarríkin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa gera þjónustusamninga ættu þau að hafa í huga allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum eða reglum er varða vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs eða til að standa vörð um grundvallaröryggishagsmuni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ⁽¹⁹⁾ og viðeigandi alþjóðasamningum. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að beita meginreglunum um innbyggða friðhelgi og sjálfgefna friðhelgi við þróun samvirknieininganna.
- 62) Framkvæmd samvirknieininganna sem kveðið er á um í þessari reglugerð mun hafa áhrif á það hvernig eftirlit verður framkvæmt á landamærastöðvum. Þessi áhrif verða afleiðing sameiginlegrar beitingar fyrir-
liggjandi reglna í reglugerð (ESB) 2016/399 og reglnanna um samvirkni sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 63) Sökum þessarar sameiginlegu beitingar reglnanna ætti evrópska leitargáttin að vera sameiginlegur aðgangsstaður fyrir skyldubundna, kerfisbundna uppflettingu í gagnagrunnum vegna einstaklinga á landamærastöðvum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/399. Auk þess ættu landamæraverðir að taka tillit til auðkennisupplýsinga eða ferðaskilríkjaupplýsinga, sem leitt hafa til þess að tenging í fjölaðkennaskynjaranum er flokkuð sem rauð tenging, í þeim tilgangi að meta hvort einstaklingurinn uppfylli skilyrði fyrir komu sem skilgreind eru í reglugerð (ESB) 2016/399. Rauð tenging ætti þó ekki ein og sér að teljast vera ástæða fyrir synjun um komu og því ætti ekki að breyta fyrir-
liggjandi ástæðum fyrir synjun um komu sem fram koma í reglugerð (ESB) 2016/399.

- 64) Rétt væri að uppfæra hagnýtu handbókina fyrir landamæraverði til að gera þessar skýringar greinarbetri.
- 65) Ef leitarfyrirspurn til fjölaufkönnaskynjarans, sem fer um evrópsku leitargáttina, leiðir til gular tengingar eða greinir rauða tengingu ætti landamæravörðurinn að fletta upp í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu eða báðum til þess að meta upplýsingarnar um einstaklinginn sem verið er að athuga, sannprófa handvirkt auðkennisupplýsingar hans og lagfæra lit tengingarinnar ef þörf krefur.
- 66) Til að styðja við þann tilgang sem liggur að baki tölfraðilegum upplýsingum og skýrslugjöf er nauðsynlegt að veita starfsfólki með tilskilda heimild hjá lögbærum yfirvöldum, meginstofnunum og fagstofnunum Sambandsins sem um getur í þessari reglugerð, aðgang til að fletta upp í tilteknum gögnum sem tengjast tilteknum samvirknieiningum án þess að unnt sé að staðfesta deili á einstaklingum.
- 67) Til þess að gera yfirvöldum aðildarríkja og fagstofnunum Sambandsins kleift að laga sig að nýju kröfunum um notkun evrópsku leitargáttarinnar er nauðsynlegt að gera ráð fyrir umbreytingartímabili. Á sama hátt ætti að koma á umbreytingarráðstöfunum í þágu samfélldrar og bestu mögulegu starfrækslu fjölaufkönnaskynjarans frá því að hann er tekinn í notkun.
- 68) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fót umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 69) Endurúthluta ætti því sem eftir stendur ónotað af fjárhæðinni sem var eyrnamerkt snjalllandamærum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 ⁽²⁰⁾ til þessarar reglugerðar skv. b-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 515/2014 til þess að mæta kostnaði við þróun samvirknieininganna.
- 70) Til að bæta við tiltekna ítarlega, tæknilega þætti þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar:
- 71) framlengingu umbreytingartímabilsins vegna notkunar evrópsku leitargáttarinnar,
- 72) framlengingu umbreytingartímabilsins vegna fjölaufkönnagreiningar miðlægu ETIAS-einingarinnar,
- 73) verklagsreglur við að ákvarða þau tilvik þar sem telja má auðkennisupplýsingar þær sömu eða svipaðar,
- 74) reglur um starfrækslu miðlæga skýrslu- og tölfraðisafnsins, þ.m.t. sérstakar verndarráðstafanir vegna vinnslu persónuupplýsinga og öryggisreglur sem gilda um safnið, og
- 75) ítarlegar reglur um starfrækslu vefgáttarinnar.
- 76) Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽²¹⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá framkvæmdastjórnin og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 77) Til þess að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarða hvenær evrópska leitargáttin, sameiginlega lífkennamátunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið, fjölaufkönnaskynjarinn og miðlæga skýrslu- og tölfraðisafnið verða tekin í notkun.
- 78) Einnig ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í tengslum við samþykkt ítarlegra reglna um: tæknilegar upplýsingar um notendalýsingar evrópsku leitargáttarinnar; forskriftir tæknilausnarinnar sem gerir kleift að senda leitarfyrirspurnir til upplýsingakerfa ESB, gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunna Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina og snið svara úr evrópsku leitargáttinni; tæknireglur um myndun tenginga í fjölaufkönnaskynjaranum milli gagna í mismunandi upplýsingakerfum ESB; efni og framsetningu formsins sem notað verður til að tilkynna skráðum aðila um myndun rauðrar tengingar; kröfur um og eftirlit með frammistöðu sameiginlega lífkennamátunarkerfisins; sjálfvirk eftirlitskerfi með gæðum gagna, verklagsreglur og vísa; þróun staðalsins fyrir almenna skilaboðasniðið; samstarfsaðferð sem nota skal ef upp kemur öryggisatvik, og forskriftir tæknilausnar fyrir aðildarríkin til að stjórna aðgangsbeiðnum notenda. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²²⁾.

- 79) Þar sem samvirknieiningarnar munu ná til vinnslu umtalsverðs magns viðkvæmra persónuupplýsinga er mikilvægt að einstaklingar, sem eiga þau gögn sem unnin eru í gegnum þessar einingar, geti í reynd neytt réttinda sinna sem skráðir aðilar eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725. Veita ætti skráðu aðilunum aðgang að vefgátt sem auðveldar þeim að neyta réttinda sinna til að fá aðgang að, leiðrétta, eyða og takmarka vinnslu persónuupplýsinga um sig. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að koma slíkri vefgátt á fót og stýra henni.
- 80) Ein af grundvallarreglum persónuverndar er lágmarkun gagna: samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 verður vinnsla persónuupplýsinga að vera nægileg, viðeigandi og takmarkast við það sem nauðsynlegt er miðað við tilganginn með vinnslunni. Af þessum sökum ættu samvirknieiningarnar ekki að gera ráð fyrir geymslu neinna nýrra persónuupplýsinga, að frátöldum tengingunum sem verða geymdar í fjölaufkönnaskynjaranum og sem eru í því lágmarki sem hægt er að komast af með að því er þessa reglugerð varðar.
- 81) Reglugerð þessi ætti að innihalda skýr ákvæði um bótaábyrgð og bótarétt vegna ólögmetrar vinnslu persónuupplýsinga og annars athæfis sem samrýmist henni ekki. Slík ákvæði ættu ekki að hafa áhrif á rétt til bóta frá ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila og bótaábyrgð þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að bera ábyrgð á hverju því tjóni sem hún veldur í hlutverki sínu sem gagnavinnsluáðili hafi hún ekki uppfyllt þær skyldur sem þessi reglugerð leggur henni sérstaklega á herðar eða ef hún hefur ekki fylgt lögmetum fyrirmælum aðildarríkisins, sem er gagnavinnsluáðilinn, eða farið gegn þeim.
- 82) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB⁽²³⁾.
- 83) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-réttarreglunum ber Danmörku, í samræmi við 4. gr. þeirrar bókunar, að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa, hvort hún verði felld inn í landslög.
- 84) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Bretland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB⁽²⁴⁾. Bretland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 85) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB⁽²⁵⁾. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 86) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi sammingsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁽²⁶⁾ sem falla innan sviðsins sem um getur í A-, B-, C og G-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB⁽²⁷⁾.
- 87) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi sammingsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna⁽²⁸⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-, B-, C- og G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/146/EB⁽²⁹⁾.
- 88) Að því er Liechtenstein varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi bókunarinnar sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Fursta-dæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópu-sambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna⁽³⁰⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-, B-, C- og G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/350/ESB⁽³¹⁾.
- 89) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og henni ætti að beita með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 90) Til að fella þessa reglugerð inn í lagarammann sem fyrir er ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB⁽³²⁾ og 2008/633/DIM⁽³³⁾ til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð, ásamt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 ⁽³⁴⁾ er komið á umgjörð til að tryggja samvirkni milli komu- og brottfararkerfisins (EES), upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfisins), evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) og upplýsingakerfis evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins).
2. Umgjörðin skal samanstanda af eftirfarandi samvirknieiningum:
 - a) evrópski leitargátt (ESP),
 - b) sameiginlegu lífkennamatunarkerfi (e. shared BMS),
 - c) sameiginlegu auðkennasafni (CIR),
 - d) fjöluauðkennaskynjara (MID).
3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ákvæði um kröfur um gæði gagna, um almennt skilaboðasnið (UMF), um miðlægt skýrslu- og tölfraeðisafn og um skyldur aðildarríkjanna og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa að því er varðar hönnun, þróun og starfrækslu samvirknieininganna.
4. Þessi reglugerð aðlagar einnig verklagsreglur um og skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda og Löggæslusamvinnustofnunarinnar að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
5. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ramma til að sannprófa deili á einstaklingum og til að staðfesta deili á einstaklingum.

2. gr.

Markmið

1. Markmið þessarar reglugerðar með því að tryggja samvirkni eru eftirfarandi:
 - a) að bæta skilvirkni og árangur landamæraeftirlits á ytri landamærum,
 - b) að stuðla að því að koma megi í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks,
 - c) að stuðla að fyllsta öryggi innan svæðis frelsis, öryggis og réttlætis í Sambandinu, þ.m.t. viðhalda almannaöryggi og allsherjarreglu og standa vörð um öryggi á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna,
 - d) að framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum,
 - e) að aðstoða við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd,
 - f) að stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði,
 - g) að greiða fyrir staðfestingu deila á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar.
2. Markmiðunum sem um getur í 1. mgr. skal náð með því að:
 - a) tryggja rétta staðfestingu deila á einstaklingum,
 - b) leggja af mörkum til baráttunnar gegn auðkennasvikum,
 - c) bæta gæði gagna og samræma kröfur um gæði gagna sem vistuð eru í upplýsingakerfum ESB, jafnframt því að virða gagnavinnslukröfur þeirra lagagerninga sem gilda um hvert og eitt kerfi og staðla og meginreglur persónuverndar,
 - d) greiða fyrir og styðja við tæknilega og rekstrarlega framkvæmd aðildarríkjanna á upplýsingakerfum ESB,
 - e) styrkja, einfalda og samræma skilyrði um gagnaöryggi og persónuvernd sem gilda um viðkomandi upplýsingakerfi ESB án þess að það komi niður á sérstakri vernd og verndarráðstöfunum sem tilteknir gagnaflokkar njóta,
 - f) einfalda skilyrði fyrir aðgengi tilnefndra yfirvalda að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum, jafnframt því að tryggja nauðsynleg og hófleg skilyrði fyrir þeim aðgangi,

- g) styðja við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um komu- og brottfararkerfið (EES), upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið (ETIAS-ferðaheimildakerfið) og Schengen-upplýsingakerfið (SIS).
2. Þessi reglugerð gildir um einstaklinga sem vinna má persónuupplýsingar um í þeim upplýsingakerfum ESB sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og sem gögnum er safnað um í þeim tilgangi sem skilgreindur er í 1. og 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 1. og 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 1. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860 og 1. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861.

4. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „ytri landamæri“: ytri landamæri eins og þau eru skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 2) „landamæraeftirlit“: landamæraeftirlit eins og það er skilgreint í 11. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 3) „landamærayfirvald“: landamæravörður sem skipaður er í samræmi við landslög til að sinna landamæraeftirliti,
- 4) „eftirlitsyfirvöld“: eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680,
- 5) „sannprófun“: það ferli að bera saman gagnamengi til að sannreyna hvort viðkomandi einstaklingur sé sá sem hann segist vera (eitt gagnamengi borið saman við annað (e. one-to-one check)),
- 6) „staðfesting deila“: það ferli að ákvarða deili á einstaklingi með leit í gagnagrunni, þar sem borið er saman við mörg gagnamengi (eitt gagnamengi borið saman við mörg (e. one-to-many check)),
- 7) „alstafagögn“: gögn sem sett eru fram með bókstöfum, tölustöfum, sérstökum táknum, bilum og greinarmerkjum,
- 8) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í a- til e-lið 3. mgr. 27. gr.,
- 9) „fingrafaraupplýsingar“: fingrafaramyndir og myndir af vettvangsförum sem gera það kleift, vegna þess hversu einstök þau eru og þeirra tilvísunarpunkta sem þar er að finna, að gera nákvæman og óyggjandi samanburð varðandi deili á einstaklingi,
- 10) „andlitsmynd“: stafrænar andlitsmyndir,
- 11) „lífkennaupplýsingar“: fingrafaraupplýsingar eða andlitsmyndir eða hvort tveggja,
- 12) „lífkennasniðmát“: stærðfræðileg framsetning sem fengin er með útdrætti þátta úr lífkennaupplýsingum sem takmörkuð er við þá þætti sem nauðsynlegir eru til að framkvæma staðfestingar á deilum og sannprófanir,
- 13) „ferðaskilríki“: vegabréf eða önnur jafngild skilríki sem heimila handhafa að fara yfir ytri landamæri og setja má vegabréfsáritun í,
- 14) „ferðaskilríkjaupplýsingar“: tegund, númer og útgáfuland ferðaskilríkja, lokadagsetning gildistíma þeirra og þriggja stafa kóði útgáfulands þeirra,
- 15) „upplýsingakerfi ESB“: komu- og brottfararkerfið (EES), upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS), ETIAS-ferðaheimildakerfið (ETIAS), evrópski fingrafaragrunnurinn (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfið (SIS) og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið (ECRIS-TCN),
- 16) „gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar“: persónuupplýsingar sem unnar eru af Löggæslusamvinnustofnuninni í þeim tilgangi sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794,
- 17) „gagnagrunnar Interpol“: gagnagrunnur Interpol um stolin og horfin ferðaskilríki (SLTD) og gagnagrunnur Interpol um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (TDAWN),
- 18) „samsvörun“: þegar samsvörun fæst við sjálfvirkan samanburð á persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið eða sem verið er að skrá í upplýsingakerfi eða gagnagrunn,
- 19) „lögreglugerð“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 7. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680,
- 20) „tilnefnd yfirvöld“: tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna eins og þau eru skilgreind í 26. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, e-lið 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2008/633/DIM og 21. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240,
- 21) „hryðjuverk“: afbrot samkvæmt landslögum sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ⁽³⁵⁾,

- 22) „alvarlegur refsiverður verknaður“: afbrot sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/584/DIM⁽³⁶⁾, ef þau varða að hámarki a.m.k. þriggja ára refsivist eða öryggisráðstöfun samkvæmt landslögum,
- 23) „komu- og brottfararkerfið (EES)“: komu- og brottfararkerfið sem komið var á með reglugerð (ESB) 2017/2226,
- 24) „upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS)“: upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 767/2008,
- 25) „evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið“ eða „ETIAS-ferðaheimildakerfið“: evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið sem komið var á með reglugerð (ESB) 2018/1240,
- 26) „evrópski fingrafaragrunnurinn (Eurodac)“: evrópski fingrafaragrunnurinn sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013⁽³⁷⁾,
- 27) „Schengen-upplýsingakerfið (SIS)“: Schengen-upplýsingakerfið sem komið var á með reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862,
- 28) „upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)“: miðlægt kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsídóma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816⁽³⁸⁾.

5. gr.

Bann við mismunun og grundvallarréttindi

Vinnsla persónuupplýsinga að því er þessa reglugerð varðar skal ekki leiða til þess að einstaklingum sé mismunað á neinn hátt s.s. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungumáls, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, aðildar að þjóðernis-minnihluta, eigna, uppruna, fötunar, aldurs eða kynhneigðar. Við hana skal taka fullt tillit til mannglegrar reisnar, friðhelgi einstaklingsins og grundvallarréttinda, þ.m.t. réttarins til friðhelgi einkalífs og til verndar persónuupplýsingum. Huga skal sérstaklega að börnum, eldra fólki, fjöluðu fólki og fólki sem þarfnast alþjóðlegrar verndar. Fyrst og fremst skal hafa það að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu.

II. KAFLI

EVROPSKA LEITARGÁTTIN

6. gr.

Evrópska leitargáttin

1. Evrópski leitargátt (e. European search portal (ESP)) er komið á fót í þeim tilgangi að greiða fyrir hröðum, snurðlausum, skilvirkum, kerfisbundnum og stýrðum aðgangi yfirvalda aðildarríkja og fagstofnana Sambandsins að upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaalögreglu (Interpol) til að þau geti sinnt verkefnum sínum og í samræmi við aðgangsrétt þeirra og markmið og tilgang komu- og brottfarakerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanirnar, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.
2. Evrópska leitargáttin skal samanstanda af:
 - a) miðlægu grunnvirki, þ.m.t. leitargátt sem gerir kleift að leita samtímis í komu- og brottfarakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, Schengen-upplýsingakerfinu og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sem og í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og í gagnagrunnum Interpol,
 - b) öruggri samskiptaleið milli evrópsku leitargáttarinnar, aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem er heimilt að nota evrópsku leitargáttina,
 - c) öruggu fjarskiptavirki milli evrópsku leitargáttarinnar og komu- og brottfarakerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins, gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunna Interpol, sem og milli evrópsku leitargáttarinnar og miðlægra grunnvirkja sameiginlega auðkennasafnsins og fjöluðkennaskynjarans.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa evrópsku leitargáttina og tryggja tæknilega stjórnun hennar.

*7. gr.***Notkun á evrópsku leitargáttinni**

1. Notkun á evrópsku leitargáttinni skal einskorðast við þau yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB í samræmi við þá lagagerninga sem gilda um þau upplýsingakerfi ESB, að sameiginlega auðkennasafninu og fjöluauðkennaskynjaranum í samræmi við þessa reglugerð, að gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 eða að gagnagrunnum Interpol í samræmi við lög Sambandsins eða landslög sem gilda um slíkan aðgang.

Þessum yfirvöldum aðildarríkja og fagstofnunum Sambandsins er aðeins heimilt að nota evrópsku leitargáttina og gögn frá henni í samræmi við þau markmið og í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í lagagerningunum sem gilda um þessi upplýsingakerfi ESB, í reglugerð (ESB) 2016/794 og í þessari reglugerð.

2. Yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlægum kerfum komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og ETIAS-ferðaheimildakerfisins, í samræmi við aðgangsrétt sinn eins og um getur í lagagerningunum sem gilda um þessi upplýsingakerfi ESB og í landslögum. Þau skulu einnig nota evrópsku leitargáttina til að leita í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við aðgangsrétt sinn samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. gr.

3. Yfirvöldum aðildarríkja sem um getur í 1. mgr. er heimilt að nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum tengdum einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu sem um getur í reglugerðum (ESB) 2018/1860 og (ESB) 2018/1861.

4. Kveði lög Sambandsins á um það skulu fagstofnanir Sambandsins sem um getur í 1. mgr. nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu.

5. Yfirvöldum aðildarríkja og fagstofnunum Sambandsins sem um getur í 1. mgr. er heimilt að nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum tengdum ferðaskilríkjum í gagnagrunnum Interpol ef kveðið er á um það í lögum Sambandsins og landslögum og í samræmi við aðgangsrétt sinn samkvæmt þeim.

*8. gr.***Lýsingar fyrir notendur evrópsku leitargáttarinnar**

1. Til að gera kleift að nota evrópsku leitargáttina skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, í samstarfi við aðildarríkin, búa til lýsingu sem byggist á hverjum flokki notenda evrópsku leitargáttarinnar og á tilgangi leitarfyrirspurna, í samræmi við tækniupplýsingarnar og aðgangsréttinn sem um getur í 2. mgr. Hver lýsing skal, í samræmi við lög Sambandsins og landslög, hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) þá gagnareiti sem nota skal til leitar,
- b) þau upplýsingakerfi ESB, gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar og þá gagnagrunna Interpol sem leita á í, sem hægt er að leita í og sem eiga að veita notandanum svar,
- c) þau tilteknu gögn í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol sem leita má í,
- d) þá gagnaflokka sem mega koma fram í hverju svari.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina tækniupplýsingar fyrir lýsingarnar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við aðgangsrétt notenda evrópsku leitargáttarinnar samkvæmt þeim lagagerningum sem gilda um upplýsingakerfi ESB og samkvæmt landslögum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, endurskoða reglulega og a.m.k. einu sinni á ári þær lýsingar sem um getur í 1. mgr. og uppfæra þær ef þörf krefur.

*9. gr.***Leitarfyrirspurnir**

1. Notendur evrópsku leitargáttarinnar skulu setja af stað leitarfyrirspurn með því að færa inn alstafagögn eða lífkennaupplýsingar í evrópsku leitargáttina. Þegar sett hefur verið af stað leit skal evrópska leitargáttin samtímis leita í komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sameiginlega

auðkennasafninu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol á grundvelli þeirra gagna sem notandinn hefur fært inn og í samræmi við notandalýsinguna.

2. Þeir gagnaflokkar sem notaðir eru til að setja af stað leitarfyrirspurn í gegnum evrópsku leitargáttina skulu samsvara þeim gagnaflokkum tengdum einstaklingum eða ferðaskilríkjum sem nota má til að leita í hinum ýmsu upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol í samræmi við þá lagagæringa sem um þá gilda.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, innleiða styriskjal fyrir skilflöt, sem byggir á almenna skilaboðasniðinu sem um getur í 38. gr., fyrir evrópsku leitargáttina.

4. Þegar notandi evrópsku leitargáttarinnar setur af stað leitarfyrirspurn skulu komu- og brottfararkerfið, ETIAS-ferðaheimildakerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfið, evrópski fingrafaragrunnurinn, ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, sameiginlega auðkennasafnið, fjöluauðkennaskynjarinn, gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnar Interpol svara leitarfyrirspurninni með því að veita þær upplýsingar sem þau búa yfir.

Með fyrirvara um 20. gr. skal koma fram í svari evrópsku leitargáttarinnar hvaða upplýsingakerfi ESB eða gagnagrunni gögnin tilheyra.

Evrópska leitargáttin skal ekki veita upplýsingar varðandi gögn í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol sem notandinn hefur ekki aðgang að samkvæmt gildandi lögum Sambandsins og landslögum.

5. Hvers konar leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Interpol sem gerðar eru í gegnum evrópsku leitargáttina skulu fara fram þannig að engar upplýsingar séu gefnar upp við eiganda Interpol-skráningarinnar.

6. Evrópska leitargáttin skal svara notandanum eins fljótt og gögn liggja fyrir frá einu af upplýsingakerfum ESB, úr gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar eða gagnagrunnum Interpol. Þessi svör skulu einungis innihalda gögn sem notandinn hefur aðgang að samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð sem tilgreinir tæknilega útfærslu leitarfyrirspurnar evrópsku leitargáttarinnar í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol og snið svara úr evrópsku leitargáttinni. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

10. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Með fyrirvara um 46. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 69. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 og 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í evrópsku leitargáttinni. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina og þá lýsingu evrópsku leitargáttarinnar (e. ESP profile) sem notuð er,
- dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- þau upplýsingakerfi ESB og þá gagnagrunna Interpol sem leitað er í.

2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota evrópsku leitargáttina. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.

3. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðaskrárnanna hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

11. gr.

Varaáðferðir þegar tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina

1. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í evrópsku leitargáttinni skal stofnun Evrópu-

sambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa tilkynna notendum evrópsku leitargáttarinnar um það með sjálfvirkum hætti.

2. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í landsbundnu grunnvirki í aðildarríki skal aðildarríkið tilkynna það stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa og framkvæmdastjórninni með sjálfvirkum hætti.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar og þar til bætt hefur verið úr biluninni í tæknibúnaðinum skal skyldan sem um getur í 2. og 4. mgr. 7. gr. ekki gilda og aðildarríki skulu tengjast upplýsingakerfum ESB og sameiginlega auðkennasafninu beint þegar þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

4. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í grunnvirki fagstofnunar Sambandsins skal stofnunin tilkynna það Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa og framkvæmdastjórninni með sjálfvirkum hætti.

III. KAFLI

SAMEIGINLEGT LÍFKENNA MÁTUNARKERFI

12. gr.

Sameiginlegt lífkennamátunarkerfi

1. Sameiginlegu lífkennamátunarkerfi (e. shared biometric matching service (shared BMS)) sem geymir lífkennasniðmát sem fengin eru úr lífkennaupplýsingunum sem um getur í 13. gr. og geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og sem gerir kleift að leita á grundvelli lífkennaupplýsinga í nokkrum upplýsingakerfum ESB, er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við sameiginlega auðkennasafnið og fjöluauðkennaskynjarann og við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

2. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið skal samanstanda af:

- a) miðlægu grunnvirki sem skal koma í stað miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins eftir því sem við á, að því marki að það skal geyma lífkennasniðmát og gera leit á grundvelli lífkennaupplýsinga mögulega,
- b) öruggu fjarskiptavirki milli sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal þróa sameiginlega lífkennamátunarkerfið og tryggja tæknilega stjórnun þess.

13. gr.

Geymsla lífkennasniðmáta í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu

1. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið skal geyma lífkennasniðmát sem það fær úr eftirfarandi lífkennaupplýsingum:

- a) gögnunum sem um getur í 16. gr. (d-lið 1. mgr.), 17. gr. (b- og c-lið 1. mgr.) og 18. gr. (a-, b- og c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- b) gögnunum sem um getur í 6. lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- c) gögnunum sem um getur í w- og x-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861, að undanskildum gögnum um lófaför,
- c) gögnunum sem um getur í u- og v-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860, að undanskildum gögnum um lófaför.

Lífkennasniðmátin skulu geymd í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu á rökrænt aðskildu formi eftir því frá hvaða upplýsingakerfi ESB gögnin komu.

2. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega lífkennamátunarkerfið setja í hvert lífkennasniðmát tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB þar sem samsvarandi lífkennaupplýsingar eru geymdar og tilvísun til raunverulegu skrána í þessum upplýsingakerfum ESB.

3. Lífkennasniðmát skulu aðeins fara inn í sameiginlega lífkennamátunarkerfið eftir að kerfið hefur framkvæmt sjálfvirka gæðakönnun á þeim lífkennaupplýsingum sem bætt er í eitt af upplýsingakerfum ESB til að ganga úr skugga um að lágmarksstaðall um gæði gagna sé uppfylltur.
4. Geymsla gagnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við gæðastaðlana sem um getur í 2. mgr. 37. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerð, mæla fyrir um kröfur um afköst og hagnýtt fyrirkomulag til að fylgjast með frammistöðu sameiginlega lífkennamátunarkerfisins til að tryggja að skilvirkni lífkenna-leita sé í samræmi við þann hraða sem krafist er við ferli eins og landamæraeftirlit og staðfestingu deila á fólki. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

14. gr.

Leit í lífkennaupplýsingum með sameiginlega lífkennamátunarkerfinu

Til að leita í lífkennaupplýsingum sem geymdar eru í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu skulu sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið notast við lífkennasniðmátin sem geymd eru í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu. Leitarfyrirspurnir á grundvelli lífkennaupplýsinga skulu gerðar í samræmi við þann tilgang sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816.

15. gr.

Varðveisla gagna í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu

Gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr. 13. gr. skulu aðeins geymd í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu svo lengi sem samsvarandi lífkennaupplýsingar eru geymdar í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu. Gögnunum skal eytt úr sameiginlega lífkennamátunarkerfinu með sjálfvirkum hætti.

16. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Með fyrirvara um 46. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:
 - a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
 - b) feril myndunar og geymslu á lífkennasniðmátum,
 - c) þau upplýsingakerfi ESB sem leitað er í á grundvelli lífkennasniðmáta sem geymd eru í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu,
 - d) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
 - e) tegund lífkennaupplýsinga sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
 - d) niðurstöður leitarinnar og dagsetning og tímasetning niðurstaðnanna.
2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota sameiginlega lífkennamátunarkerfið. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.
3. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðaskránnar hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEGT AUÐKENNASAFN

17. gr.

Sameiginlegt auðkennasafn

1. Sameiginlegu auðkennasafni (e. common identity repository (CIR)), þar sem stofnuð er sérstök gagnaskrá fyrir hvern þann einstakling sem er skráður í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið sem hefur að geyma

Þau gögn sem um getur í 18. gr., er komið á fót í þeim tilgangi að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið í samræmi við 20. gr. og 20. gr. a, að styðja við starfrækslu fjölaufkönnaskynjarans í samræmi við 21. gr. og að greiða fyrir og einfalda tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni aðgang að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði í samræmi við 22. gr.

2. Sameiginlega auðkennasafnið skal samanstanda af:

- a) miðlægu grunnvirki sem skal koma í stað miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins eftir því sem við á, að því marki að það skal geyma þau gögn sem um getur í 18. gr.,
- b) öruggri samskiptaleið milli sameiginlega auðkennasafnsins, aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem er heimilt að nota sameiginlega auðkennasafnið í samræmi við lög Sambandsins og landslög,
- c) öruggu fjarskiptavirki milli sameiginlega auðkennasafnsins og komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. sem og við miðlæg grunnvirki evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamatunarkerfisins og fjölaufkönnaskynjarans.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa sameiginlega auðkennasafnið og tryggja tæknilega stjórnun þess.

4. Ef tæknilega ómögulegt reynist, vegna bilunar í sameiginlega auðkennasafninu, að leita í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi samkvæmt 20. gr. eða í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi samkvæmt 20. gr. a, til að greina margföld auðkenni samkvæmt 21. gr. eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði samkvæmt 22. gr., skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa upplýsa notendur sameiginlega auðkennasafnsins um það með sjálfvirkum hætti.

5. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, innleiða stýriskjal fyrir skilflöt, sem byggir á almenna skilaboðasniðinu sem um getur í 38. gr., fyrir sameiginlega auðkennasafnið.

18. gr.

Gögn í sameiginlega auðkennasafninu

1. Sameiginlega auðkennasafnið skal geyma eftirfarandi gögn, aðskilin á rökrænan hátt eftir því frá hvaða upplýsingakerfi gögnin komu:

- a) gögnin sem um getur í 16. gr. (a- til d-lið 1. mgr.), 17. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.) og 18. gr. (1. og 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- b) gögnin sem um getur í a- til c-lið 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- c) gögnin sem um getur í a- til e-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240.

2. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega auðkennasafnið setja tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB sem gögnin tilheyra.

3. Aðgangur yfirvalda að sameiginlega auðkennasafninu skal vera í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þeim lagagerningum sem gilda um upplýsingakerfi ESB og samkvæmt landslögum og í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. gr.

4. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega auðkennasafnið setja tilvísun til raunverulegu skrárinnar í þeim upplýsingakerfum ESB sem gögnin tilheyra.

5. Geymsla gagnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við gæðastaðlana sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

19. gr.

Að bæta við og breyta gögnum í og eyða gögnum úr sameiginlega auðkennasafninu

1. Þegar gögnum er bætt við, þeim breytt í eða eytt úr komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og ETIAS-ferðaheimildakerfinu skal bæstast við gögnin sem um getur í 18. gr. og geymd eru í

gagnaskránni í sameiginlega auðkennasafninu, þeim breytt eða þeim eytt til samræmis við það með sjálfvirkum hætti.

2. Þegar hvít eða rauð tenging myndast í fjölaufkennaskynjarianum í samræmi við 32. eða 33. gr. milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB sem sameiginlega auðkennasafnið tekur til, skal sameiginlega auðkennasafnið bæta nýju gögnunum við gagnaskrá tengdu gagnanna í stað þess að búa til nýja gagnaskrá.

20. gr.

Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til staðfestingar á deilum

1. Lögregluþingvald skal einungis framkvæma leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2. og 5. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef lögregluþingvald getur ekki staðfest deili á einstaklingi vegna skorts á ferðaskilríkjum eða öðru trúverðugu skjali eða skilríkjum sem sanna hver viðkomandi er,
- b) ef efasemdir eru um auðkennisupplýsingar sem einstaklingurinn leggur fram,
- c) ef efasemdir eru um hvort ferðaskilríkin eða annað trúverðugt skjal eða skilríki, sem einstaklingurinn leggur fram, séu ósvikin,
- d) ef efasemdir eru um hver handhafi ferðaskilríkjanna eða annars trúverðugs skjals eða skilríkja er eða
- e) ef einstaklingur er ófær um eða neitar samvinnu.

Slíkar leitarfyrirspurnir eru óheimilar gagnvart börnum undir 12 ára aldri nema það sé barninu fyrir bestu.

2. Ef eitt þeirra tilvika sem upp eru talin í 1. mgr. kemur upp og lögregluþingvaldi hafa verið faldar tilskildar heimildir með landsbundnum löggjafarráðstöfunum, eins og um getur í 5. mgr., getur lögregluþingvaldið, einungis í þeim tilgangi að staðfesta deili á einstaklingi, leitað í sameiginlega auðkennasafninu á grundvelli lífkennaupplýsinga þess einstaklings, sem teknar hafa verið beint við auðkenniseftirlit, að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings.

3. Ef leitin gefur til kynna að gögn um þann einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu skal lögregluþingvaldið hafa aðgang til að fletta upp í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr.

Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklings eða ef leitarfyrirspurn með þeim upplýsingum ber ekki árangur ætti að framkvæma leitina á grundvelli auðkennisupplýsinga einstaklingsins ásamt ferðaskilríkjaupplýsingum eða á grundvelli auðkennisupplýsinga sem sá einstaklingur leggur fram.

4. Hafi lögregluþingvaldi verið faldar tilskildar heimildir með landsbundnum löggjafarráðstöfunum, eins og um getur í 6. mgr., getur það, í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar og einungis í þeim tilgangi að staðfesta deili á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar, framkvæmt leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu á grundvelli lífkennaupplýsinga þessara einstaklinga.

5. Aðildarríki sem vilja nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 2. mgr. skulu samþykka landsbundnar löggjafarráðstafanir. Þegar það er gert skulu aðildarríki taka tillit til þess að forðast þarf hvers konar mismunun gagnvart ríkisborgurum þriðja lands. Í slíkum löggjafarráðstöfunum skal tilgreina nákvæmlega tilganginn með staðfestingu deila innan þess ramma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 2. gr. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær lögregluþingvöld og mæla fyrir um verklag við, skilyrði fyrir og viðmið vegna slíks eftirlits.

6. Aðildarríki sem vilja nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 4. mgr. skulu samþykka landsbundnar löggjafarráðstafanir sem mæla fyrir um verklag, skilyrði og viðmiðanir.

20. gr. a

Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til að staðfesta eða sannprófa deili samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ⁽³⁹⁾

1. Skimunaryfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 („skimunaryfirvöldin“), skulu framkvæma leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkenningsafninu eingöngu í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings.

2. Ef leitarfyrirspurnin gefur til kynna að gögn um þann einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu skulu skimunaryfirvöldin hafa aðgang til að fletta upp í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar, sem og í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

*21. gr.***Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til að greina margföld auðkenni**

1. Ef leit í sameiginlega auðkennasafninu leiðir til gulrar tengingar í samræmi við 4. mgr. 28. gr. skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr. hafa aðgang, í þeim tilgangi einum að framkvæma sannprófunina, að gögnunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 18. gr., sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og tengd eru með gulri tengingu.
2. Ef leit í sameiginlega auðkennasafninu leiðir til rauðrar tengingar í samræmi við 32. gr. skulu þau yfirvöld sem um getur í 2. mgr. 26. gr. hafa aðgang, í þeim tilgangi einum að berjast gegn auðkennasvikum, að gögnunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 18. gr., sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og tengd eru með rauðri tengingu.

*22. gr.***Leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði**

1. Í tilteknum málum, þar sem gild ástæða er til að ætla að uppfletting í upplýsingakerfum ESB muni stuðla að því að hægt verði að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega refsiverða verknaði, einkum þar sem grunur leikur á að upplýsingar um hinn grunaða, gerandann eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ETIAS-ferðaheimildakerfinu, er tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni heimilt að fletta upp í sameiginlega auðkennasafninu til að fá upplýsingar um hvort gögn um tiltekinn einstakling sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ETIAS-ferðaheimildakerfinu.

2. Ef svar við leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ETIAS-ferðaheimildakerfinu skal sameiginlega auðkennasafnið svara tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni með tilvísun eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. þar sem fram kemur hvert þessara upplýsingakerfa ESB hefur að geyma samsvarandi gögn. Svar sameiginlega auðkennasafnsins skal vera með þeim hætti að öryggi gagnanna sé ekki stofnað í hættu.

Svarið, sem gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling sé að finna í einu af upplýsingakerfum ESB er um getur í 1. mgr., skal aðeins nota í þeim tilgangi að leggja fram beiðni um fullan aðgang, samkvæmt þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum sem gilda um slíkan aðgang.

Ef um eina eða fleiri samsvaranir er að ræða skal tilnefnt yfirvald eða Löggæslusamvinnustofnunin fara fram á fullan aðgang að a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa þar sem samsvörun fannst.

Í sérstökum undantekningartilvikum þegar ekki er farið fram á slíkan fullan aðgang skulu tilnefndu yfirvöldin skrá rökstuðninginn fyrir því, sem skal vera hægt að rekja til landsbundnu skrárinnar. Löggæslusamvinnustofnunin skal skrá rökstuðninginn í viðeigandi skrá.

3. Fullur aðgangur að gögnum í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ETIAS-ferðaheimildakerfinu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði skal áfram háður þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum sem gilda um slíkan aðgang.

*23. gr.***Varðveisla gagna í sameiginlega auðkennasafninu**

1. Gögnunum sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. 18. gr. skal eytt úr sameiginlega auðkennasafninu með sjálfvirkum hætti í samræmi við ákvæði reglugerða (ESB) 2017/2226, (EB) nr. 767/2008 og (ESB) 2018/1240 um varðveislu gagna, eftir því sem við á.
2. Gagnaskráin skal aðeins geymd í sameiginlega auðkennasafninu svo lengi sem samsvarandi gögn eru geymd í a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa ESB sem á gögn í sameiginlega auðkennasafninu. Myndun tengingar skal ekki hafa áhrif á varðveislutímabil hvers gagnaatriðis hinna tengdu gagna.

24. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Með fyrirvara um 46. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 69. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2. mgr., 2. mgr. a, 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir samkvæmt 20. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
- e) niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar.

2a. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir samkvæmt 20. gr. a í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurnina,
- e) niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir samkvæmt 21. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þegar tenging myndast, gögnin sem notuð voru til að setja af stað leitarfyrirspurnina og niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar sem gefa til kynna frá hvaða upplýsingakerfi ESB gögnin bárust.

4. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir samkvæmt 22. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- b) gögnin sem notuð eru til að setja af stað leitarfyrirspurnina,
- c) niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar,
- d) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem gerir leitarfyrirspurnina í sameiginlega auðkennasafninu.

Lögbæra eftirlitsyfirvaldið, í samræmi við 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, eða Evrópska persónuverndarstofnunin, í samræmi við 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, skulu sannprófa aðgerðaskrár yfir slíkan aðgang reglulega og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, til að ganga úr skugga um hvort verklagsreglur og skilyrði 1. og 2. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

5. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem yfirvöld þess og starfsfólk þeirra með tilskilda heimild til að nota sameiginlega auðkennasafnið gerir samkvæmt 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. grein. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem starfsfólk hennar með tilskilda heimild gerir skv. 21. og 22. gr.

Auk þess skal hvert aðildarríki halda aðgerðaskrár um eftirfarandi vegna sérhvers aðgangs að sameiginlega auðkennasafninu skv. 22. gr.:

- a) tilvísunina í landsbundnu skrána,
- b) tilganginn með aðganginum,
- c) einrætt notandaauðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitarfyrirspurnina, í samræmi við reglur landsins.

6. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 skal Löggæslusamvinnustofnunin halda aðgerðaskrár um einrætt notandaauðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitarfyrirspurnina vegna sérhvers aðgangs að sameiginlega auðkennasafninu skv. 22. gr. þessarar reglugerðar.

7. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 2.–6. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðarskránni hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafid, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

8. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal geyma aðgerðaskrár sem varða feril gagnanna í sérstöku gagnaskránum. Stofnunin skal eyða slíkum aðgerðaskráum með sjálfvirkum hætti þegar gögnunum hefur verið eytt.

V. KAFLI

FJÖLAUÐKENNASKYNJARI

25. gr.

Fjölauðkennaskynjari

1. Fjölauðkennaskynjara, sem býr til og geymir staðfestingarskrár auðkenna eins og um getur í 34. gr., inniheldur tengingar milli gagna í þeim upplýsingakerfum ESB sem falla undir sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfinu og gerir kleift að greina margföld auðkenni, í þeim tvöfalda tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti og berjast gegn auðkennasvikum, er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins og markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

2. Fjölauðkennaskynjarinn skal samanstanda af:

- miðlægu grunnvirki sem geymir tengingar og tilvísanir til upplýsingakerfa ESB,
- öruggu fjarskiptavirki til að tengja fjölauðkennaskynjarann við Schengen-upplýsingakerfið og miðlæga grunnvirki evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal þróa fjölauðkennaskynjarann og tryggja tæknilega stjórnun hans.

26. gr.

Aðgangur að fjölauðkennaskynjaranum

1. Í þeim tilgangi að framkvæma handvirka sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í 29. gr. skal aðgangur að þeim gögnum sem um getur í 34. gr. og eru geymd í fjölauðkennaskynjaranum veittur:

- lögberum yfirvöldum sem eru tilnefnd í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 þegar þau stofna eða uppfæra sérstaka gagnaskrá í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. þeirrar reglugerðar,
- yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 þegar þau stofna eða uppfæra umsóknarskrá í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við þá reglugerð,
- miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins og landsskrifstofum þess þegar þær framkvæma vinnsluna sem um getur í 22. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240,
- SIRENE-skrifstofu aðildarríkisins sem stofnar eða uppfærir skráningu í Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við reglugerðir (ESB) 2018/1860 og (ESB) 2018/1861.

2. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins, sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB sem fellur undir sameiginlega auðkennasafnið eða að Schengen-upplýsingakerfinu, skulu hafa aðgang að þeim gögnum sem um getur í a- og b-lið 34. gr. að því er varðar rauðar tengingar sem um getur í 32. gr.

3. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins skulu hafa aðgang að hvítu tengingunum sem um getur í 33. gr. hafi þau aðgang að báðum upplýsingakerfum ESB sem innihalda gögnin sem hvíta tengingin tengir.

4. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins skulu hafa aðgang að grænu tengingunum sem um getur í 31. gr. hafi þau aðgang að báðum upplýsingakerfum ESB sem innihalda gögnin sem græna tengingin tengir og leitarfyrirspurn til þessara upplýsingakerfa hefur leitt í ljós samsvörun við þessi tvö tengdu gagnamengi.

27. gr.

Fjöluauðkennagreining

1. Fjöluauðkennagreining í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu skal fara af stað þegar:

- a) gagnaskrá er stofnuð eða uppfærð í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- b) umsóknarskrá er stofnuð eða uppfærð í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2008,
- c) umsóknarskrá er stofnuð eða uppfærð í ETIAS-ferðaheimildakerfinu í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240,
- d) skráning um einstakling er stofnuð eða uppfærð í Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1861.

2. Þegar gögn í upplýsingakerfi ESB sem um getur í 1. mgr. innihalda lífkennaupplýsingar skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota sameiginlega lífkennamatunarkerfið til að framkvæma fjöluauðkennagreiningu. Sameiginlega lífkennamatunarkerfið skal bera lífkennasniðmát fengin úr nýjum lífkennagögnum saman við lífkennasniðmátin sem þegar er að finna í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu til að sannprófa hvort gögn sem tilheyra sama einstaklingi séu þegar geymd í sameiginlega auðkennasafninu eða miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu.

3. Auk ferlisins sem um getur í 2. mgr. skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem eru geymd í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu annars vegar og sameiginlega auðkennasafninu hins vegar á grundvelli eftirfarandi upplýsinga:

- a) kenninafns, eiginnaafns eða -nafna, fæðingardags og -árs, ríkisfangs, eins eða fleiri, og kyns, eins og um getur í 16. gr. (a-lið 1. mgr.), 17. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- b) kenninafns, eiginnaafns eða -nafna, fæðingardags og -árs, kyns, fæðingarstaðar og -lands og ríkisfanga, eins og um getur í a- og aa-lið 4. liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- c) kenninafns, eiginnaafns eða -nafna, kenninafns við fæðingu, tökuheitis, eins eða fleiri, fæðingardags og -árs, fæðingarstaðar, kyns og núverandi ríkisfangs, eins og um getur í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240,
- d) kenninafna, eiginnaafna, nafna við fæðingu, fyrri nafna og tökuheita, fæðingarstaðar, fæðingardags og -árs, kyns og ríkisfanga, eins og um getur í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861,
- e) kenninafna, eiginnaafna, nafna við fæðingu, fyrri nafna og tökuheita, fæðingarstaðar, fæðingardags og -árs, kyns og ríkisfanga, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860.

4. Auk ferlisins sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem eru geymd í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu annars vegar og sameiginlega auðkennasafninu hins vegar á grundvelli ferðaskilríkjaupplýsinga.

5. Fjöluauðkennagreining skal einungis gerð í því skyni að bera gögn í einu upplýsingakerfi ESB saman við gögn í öðrum upplýsingakerfum ESB.

28. gr.

Niðurstöður fjöluauðkennagreiningar

1. Sýni leitarfyrirspurnar sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr. enga samsvörun skulu ferlin sem um getur í 1. mgr. 27. gr. halda áfram í samræmi við þá lagagerninga sem um þau gilda.

2. Sýni leitarfyrirspurn, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., eina eða fleiri samsvaranir skulu sameiginlega auðkennasafnið og, ef við á, Schengen-upplýsingakerfið mynda tengingu milli gagnanna sem notuð voru til að setja af stað leitarfyrirspurnina og gagnanna sem kölluðu fram samsvörun.

Ef um nokkrar samsvaranir er að ræða skal myndast tenging milli allra gagna sem kölluðu fram samsvörun. Ef gögnin voru þegar tengd skal víkka tenginguna sem fyrir hendi er þannig að hún nái til gagnanna sem notuð voru til að gera fyrirspurnina.

3. Ef leitarfyrirspurn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., sýnir eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum eru þær sömu eða svipaðar skal myndast hvít tenging í samræmi við 33. gr.

4. Ef leitarfyrirspurn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., sýnir eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum geta ekki talist svipaðar skal myndast gul tenging í samræmi við 30. gr. og málsmeðferðin sem um getur í 29. gr. skal gilda.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 73. gr. þar sem mælt er fyrir um aðferðir við að ákvarða í hvaða tilvikum auðkennisupplýsingar geta talist þær sömu eða svipaðar.
6. Tengingarnar skulu geymdar í staðfestingarskrá auðkennis sem um getur í 34. gr.
7. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatekni-kerfa, mæla fyrir um tæknireglur fyrir myndun tenginga milli gagna frá mismunandi upplýsingakerfum ESB með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

29. gr.

Handvirk sannprófun mismunandi auðkenna og ábyrg yfirvöld

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna vera:

- a) lögbæra yfirvaldið sem er tilnefnt í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 vegna samsvarana sem komu fram þegar gagnaskrá var stofnuð eða uppfærð í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við þá reglugerð,
- b) yfirvöldin sem gefa út vegabréfsáritanir sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 vegna samsvarana sem komu fram þegar umsóknarskrá var stofnuð eða uppfærð í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við þá reglugerð,
- c) miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og landsskrifstofur þess vegna samsvarana sem komu fram þegar umsóknarskrá var stofnuð eða uppfærð í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1240,
- d) SIRENE-skrifstofa aðildarríkis vegna samsvarana sem komu fram þegar skráning í Schengen-upplýsingakerfinu var stofnuð eða uppfærð í samræmi við reglugerðir (ESB) 2018/1860 og (ESB) 2018/1861.

Fjölauðkennaskynjarinn skal tilgreina í staðfestingarskrá auðkennis hvaða yfirvald ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna.

2. SIRENE-skrifstofan í aðildarríkinu sem stofnaði skráninguna skal vera yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í staðfestingarskrá auðkennis þegar tenging myndast við gögn í skráningu um:

- a) einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir með afhendingu eða framsal í huga sem um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- b) týnda einstaklinga eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu sem um getur í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- c) einstaklinga sem leitað er að til að veita liðsinni við dómsmeðferð sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- d) einstaklinga vegna eftirlits í kyrrþey, rannsóknareftirlits eða markviss eftirlits sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862.

3. Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. þessarar greinar skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hafa aðgang að tengdu gögnunum í viðkomandi staðfestingarskrá auðkennis og að auðkennisupplýsingunum sem eru tengdar í sameiginlega auðkennasafninu og, ef við á, í Schengen-upplýsingakerfinu. Það skal meta hin mismunandi auðkenni án tafar. Þegar slíku mati er lokið skal það uppfæra tenginguna í samræmi við 31., 32. og 33. gr. og bæta henni við staðfestingarskrá auðkennis án tafar.

4. Ef lögbæra yfirvaldið, sem tilnefnt er í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og sem stofnar eða uppfærir gagnaskrá í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. þeirrar reglugerðar, er það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í staðfestingarskrá auðkennis og gul tenging myndast, skal það yfirvald framkvæma viðbótarsannprófanir. Þetta yfirvald skal, í þeim tilgangi einum, hafa aðgang að tengdu gögnunum í viðkomandi staðfestingarskrá auðkennis. Það skal meta hin mismunandi auðkenni, uppfæra tenginguna í samræmi við 31., 32. og 33. gr. þessarar reglugerðar og bæta henni við staðfestingarskrá auðkennis án tafar.

Slíka handvirka sannprófun mismunandi auðkenna skal hefja í viðurvist viðkomandi einstaklings, sem skal gefið tækifæri til að útskýra aðstæður fyrir ábyrga yfirvaldinu, sem skal taka tillit til þeirra útskýringa.

Í tilvikum þar sem handvirk sannprófun mismunandi auðkenna fer fram á landamærunum skal hún eiga sér stað innan 12 klukkustunda frá myndun gular tengingar skv. 4. mgr. 28. gr., ef mögulegt er.

5. Ef fleiri en ein tenging myndast skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna meta hverja tengingu sérstaklega.

6. Ef gögn sem sýna samsvörun voru þegar tengd skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna taka tillit til tenginganna sem fyrir voru við mat á myndun nýrra tenginga.

30. gr.

Gul tenging

1. Þar sem handvirk sannprófun mismunandi auðkenna hefur ekki enn farið fram skal flokka tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB sem gula í eftirfarandi tilvikum:

- a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar,
- b) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling,
- c) tengdu gögnin innihalda sömu auðkennisupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar,
- d) tengdu gögnin hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar.

2. Ef tenging er flokkuð sem gul í samræmi við 1. mgr. gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 29. gr.

31. gr.

Græn tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem græna ef:

- a) tengdu gögnin hafa mismunandi lífkennaupplýsingar en innihalda sömu auðkennisupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga,
- b) tengdu gögnin hafa mismunandi lífkennaupplýsingar, svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar, innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga,
- c) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar, a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga.

2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og græn tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn tilgreina að auðkennisupplýsingarnar í tengdu gögnunum svari ekki til sama einstaklings.

3. Hafi yfirvald aðildarríkis ástæðu til að ætla að græn tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum, að græn tenging sé úrelt eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum eða upplýsingakerfum ESB í bága við þessa reglugerð skal það athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og, ef þörf krefur, leiðrétta eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum án tafar. Þetta yfirvald aðildarríkis skal upplýsa aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna án tafar.

32. gr.

Rauð tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem rauða í eftirfarandi tilvikum:

- a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á óréttmætan hátt,
- b) tengdu gögnin hafa sömu, svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og sömu ferðaskilríkjaupplýsingar en mismunandi lífkennaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga og a.m.k. annar þeirra noti sömu ferðaskilríki á óréttmætan hátt,
- c) tengdu gögnin innihalda sömu auðkennisupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar og mismunandi eða engar ferðaskilríkjaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga á óréttmætan hátt,

- d) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar, a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á óréttmætan hátt.
2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og rauð tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn gefa upp þær upplýsingar sem um getur í 34. gr. Eftirfylgni vegna rauðrar tengingar skal fara fram í samræmi við lög Sambandsins og landslög og allar lögfylgjur fyrir viðkomandi einstakling byggjast eingöngu á viðeigandi gögnum um þann einstakling. Það eitt að rauð tenging sé fyrir hendi skal ekki hafa neinar lögfylgjur fyrir viðkomandi einstakling.
3. Þegar rauð tenging myndast milli gagna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skal gagnaskráin, sem er geymd í sameiginlega auðkennasafninu, uppfærast í samræmi við 2. mgr. 19. gr.
4. Með fyrirvara um ákvæðin sem tengjast meðhöndlun skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu í reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862 og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknnum verði stofnað í hættu skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna upplýsa, þegar rauð tenging myndast, viðkomandi einstakling um að ólögsmætar mismunandi auðkennisupplýsingar séu til staðar og láta honum í té staka auðkennisnúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. þessarar reglugerðar, tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34. gr. þessarar reglugerðar og veffang vefgáttarinnar sem komið er á fót í samræmi við 49. gr. þessarar reglugerðar.
5. Upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. skulu veittar skriflega á stöðluðu formi af yfirvaldinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða efni og framsetningu formsins með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.
6. Þegar rauð tenging myndast skal fjölaufkennaskynjarinn tilkynna það með sjálfvirkum hætti til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á tengdu gögnunum.
7. Hafi yfirvald aðildarríkis eða fagstofnun Sambandsins sem hefur aðgang að sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu ástæðu til að ætla að rauð tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum, sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu í bága við þessa reglugerð skal það yfirvald eða sú stofnun athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og skal:
- a) ef tengingin tengist einni af skráningunum í Schengen-upplýsingakerfinu sem um getur í 2. mgr. 29. gr., tafarlaust upplýsa viðkomandi SIRENE-skrifstofu þess aðildarríkis sem stofnaði skráninguna í Schengen-upplýsingakerfinu,
 - b) í öllum öðrum tilvikum, annaðhvort leiðréttá eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum tafarlaust.

Ef haft er samband við SIRENE-skrifstofu skv. a-lið fyrstu undirgreinar skal hún sannprófa sönnunargögnin sem yfirvald aðildarríkis eða fagstofnun Sambandsins leggur fram og ef við á leiðréttá eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum tafarlaust.

Það yfirvald aðildarríkis sem aflar sönnunargagnanna skal upplýsa það yfirvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna án tafar um sérhverja viðkomandi leiðréttingu eða eyðingu rauðrar tengingar.

33. gr.

Hvít tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem hvíta í eftirfarandi tilvikum:
 - a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar og sömu eða svipaðar auðkennisupplýsingar,
 - b) tengdu gögnin innihalda sömu eða svipaðar auðkennisupplýsingar, sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB hefur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling,
 - c) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar, sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og svipaðar auðkennisupplýsingar,
 - d) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á réttmætan hátt.

2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og hvít tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn tilgreina að auðkennisupplýsingarnar í tengdu gögnunum svari til sama einstaklings. Þau upplýsingakerfi ESB sem leitað er í skulu svara með því að tilgreina, þar sem við á, öll tengd gögn um einstaklinginn, og framkalla þannig samsvörun við gögnin sem eru tengd með hvítu tengingunni, ef yfirvaldið sem setur af stað leitarfyrirspurnina hefur aðgang að tengdu gögnunum samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

3. Þegar hvít tenging myndast milli gagna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfs-áritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skal gagnaskráin, sem er geymd í sameiginlega auðkennasafninu, uppfærast í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

4. Með fyrirvara um ákvæðin sem tengjast meðhöndlun skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu í reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862 og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknum verði stofnað í hættu skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna upplýsa, þegar hvít tenging myndast, viðkomandi einstakling um að svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar séu til staðar og láta honum í té staka auðkennishúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. þessarar reglugerðar, tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34. gr. þessarar reglugerðar og veffang vefgáttarinnar sem komið er á fót í samræmi við 49. gr. þessarar reglugerðar.

5. Hafi yfirvald aðildarríkis ástæðu til að ætla að hvít tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum, að hvít tenging sé úrelt eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum eða upplýsingakerfum ESB í bága við þessa reglugerð skal það athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og, ef þörf krefur, leiðrétta eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum án tafar. Þetta yfirvald aðildarríkis skal upplýsa aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna án tafar.

6. Upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. skulu veittar skriflega á stöðluðu formi af yfirvaldinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða efni og framsetningu formsins með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

34. gr.

Staðfestingarskrá auðkennis

Staðfestingarskrá auðkennis skal innihalda eftirfarandi gögn:

- a) tengingarnar sem um getur í 30.–33. gr.,
- b) tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB þar sem tengdu gögnin eru geymd,
- c) stakt auðkennishúmer sem gerir kleift að sækja tengdu gögnin frá tilsvarendi upplýsingakerfum ESB,
- d) það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna,
- e) dagsetninguna þegar tenging myndaðist eða sérhverrar uppfærslu hennar.

35. gr.

Varðveisla gagna í fjölaufkennaskynjaranum

Staðfestingarskrár auðkenna og gögn í þeim, þ.m.t. tengingarnar, skulu aðeins geymd í fjölaufkennaskynjaranum svo lengi sem tengdu gögnin eru geymd í tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB. Þeim skal eytt úr fjölaufkennaskynjaranum með sjálfvirkum hætti.

36. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í fjölaufkennaskynjaranum. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notanda,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
- e) tilvísun til tengdu gagnanna,
- f) feril staðfestingarskrár auðkennis.

2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota fjölaufkönnaskynjarann. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.
3. Aðgerðaskrár sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðarskránnar hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

VI. KAFLI

RÁÐSTAFANIR SEM STYÐJA VIÐ SAMVIRKNI

37. gr.

Gæði gagna

1. Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna að því er varðar gæði gagna sem færð eru inn í kerfin skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum og verklagsreglum fyrir gæði gagna vegna þeirra gagna sem eru geymd í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, Schengen-upplýsingakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu.
2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa skal innleiða kerfi til að meta nákvæmni sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega gæðavísa fyrir gögn og lágmarksgæðastaðla vegna geymslu gagna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, Schengen-upplýsingakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu.
Einungis má færa gögn sem uppfylla lágmarksgæðastaðlana inn í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, Schengen-upplýsingakerfið, sameiginlega lífkennamátunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkönnaskynjarann.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa skal gefa aðildarríkjunum reglulega skýrslur um sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna og um sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn. Stofnunin skal einnig gefa framkvæmdastjórninni reglulega skýrslu um þau vandamál sem upp koma og um viðkomandi aðildarríki. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa skal einnig láta Evrópuþinginu og ráðinu þá skýrslu í té þegar þess er óskað. Engar skýrslur sem lagðar eru fram samkvæmt þessari málsgrein skulu innihalda neinar persónuupplýsingar.
4. Mæla skal nánar fyrir um sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn og lágmarksgæðastaðlana vegna geymslu gagna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, Schengen-upplýsingakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu, einkum að því er varðar lífkennaupplýsingar, í framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.
5. Einu ári eftir að sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum um gæði gagna er komið á fót, og á hverju ári eftir það, skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd aðildarríkjanna varðandi gagnagæði og leggja fram nauðsynleg tilmæli. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni aðgerðaáætlun til úrbóta á hvers kyns annmörkum sem tilgreindir eru í matsskýrslunni og einkum vandamálum tengdum gagnagæðum sem stafa af röngum gögnum í upplýsingakerfum ESB. Aðildarríkin skulu reglulega gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um alla framvindu í tengslum við þessa aðgerðaáætlun þar til hún er komin til framkvæmdar að fullu.
Framkvæmdastjórnin skal senda matsskýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, Evrópska persónuverndarráðsins og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 ⁽⁴⁰⁾.

38. gr.

Almennt skilaboðasnið

1. Staðlinum fyrir almenna skilaboðasniðið (UMF) er hér með komið á fót. Með almenna skilaboðasniðinu eru skilgreindir staðlar fyrir tiltekna efnisþætti upplýsingaskipta yfir landamæri milli upplýsingakerfa, yfirvalda eða stofnana á sviði dóms- og innanríkismála.

2. Nota skal staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið við þróun komu- og brottfararkerfisins, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega auðkennasafnsins, fjölaufkennaskynjarans og, ef við á, við þróun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa eða annarrar fagstofnunar Sambandsins á nýjum upplýsingaskiptalíkönnum og upplýsingakerfum á sviði dóms- og innanríkismála.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð til að mæla fyrir um og þróa staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

39. gr.

Miðlægt skýrslu- og tölfræðisafn

1. Miðlægu skýrslu- og tölfræðisafni (CRRS) er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Schengen-upplýsingakerfisins, í samræmi við viðeigandi lagagæringa sem gilda um þessi kerfi og til að sjá fyrir tölfræðilegum gögnum þvert á kerfi og greiningarskýrslum í þágu stefnumótunar, rekstrarmála og gagnagæða.

2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal koma miðlæga skýrslu- og tölfræðisafninu á fót, hrinda því í framkvæmd og hýsa það á tæknisvæðum sínum en safnið inniheldur þau gögn og þær tölfræðilegu upplýsingar sem um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 84. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 60. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860, aðskilin á rökrænan hátt eftir upplýsingakerfi ESB. Aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfræðisafninu skal veita með stýrðum, öruggum aðgangi og sértækum notendalýsingum, eingöngu vegna skýrslugjafar og tölfræðilegra upplýsinga, þeim yfirvöldum sem um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 84. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 og 60. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal aftengja gögnin persónuauðkennum og skrá slík gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, í miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið. Ferlið við að aftengja gögn persónuauðkennum skal vera sjálfvirkt.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum í gögnum miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnsins.

4. Miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið skal samanstanda af:

- naúðsynlegum tólum til að gera gögn nafnlaus,
- miðlægu grunnvirki sem felur í sér gagnasafn nafnlausra gagna,
- öruggu fjarskiptavirki til að tengja miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið við komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið og Schengen-upplýsingakerfið, sem og við miðlægt grunnvirki sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins og fjölaufkennaskynjarans.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 73. gr. þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnsins, þ.m.t. sérstakar verndarráðstafanir vegna vinnslu persónuupplýsinga skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar og öryggisreglur sem gilda um safnið.

VII. KAFLI

PERSÓNUVERND

40. gr.

Ábyrgðaraðili gagna

1. Í tengslum við vinnslu gagna í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem eru ábyrgðaraðilar fyrir komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og Schengen-upplýsingakerfið, eftir því sem við á, vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 eða 8. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 með tilliti til lífkennasniðmátanna sem fengin eru úr þeim gögnum sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar og sem þau færa inn í undirliggjandi kerfi og skulu bera ábyrgð á vinnslu lífkennasniðmátanna í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu.

2. Í tengslum við vinnslu gagna í sameiginlega auðkennasafninu skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem eru ábyrgðaraðilar fyrir komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og ETIAS-ferðaheimildakerfið, eftir því sem við á, vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 með tilliti til gagna sem um getur í 18. gr. þessarar reglugerðar og sem þau færa inn í undirliggjandi kerfi og skulu bera ábyrgð á vinnslu þessara persónuupplýsinga í sameiginlega auðkennasafninu.

3. Í tengslum við vinnslu gagna í fjölaufkennaskynjaranum:

- a) skal Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu vera ábyrgðaraðili gagna í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 í tengslum við vinnslu miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins á persónuupplýsingum,
- b) skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem bæta við eða breyta gögnum í staðfestingarskrá auðkennis vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 eða 8. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 og skulu bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga í fjölaufkönnaskynjaranum.

4. Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslu, skulu ábyrgðaraðilar gagna hafa aðgang að aðgerðaskránum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. vegna eigin eftirlits eins og um getur í 44. gr.

41. gr.

Gagnavinnsluaðili

Í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu, sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkönnaskynjaranum skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa vera gagnavinnsluaðili í skilningi a-liðar 12. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.

42. gr.

Öryggi við vinnslu

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og yfirvöld aðildarríkja skulu tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt þessari reglugerð. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og yfirvöld aðildarríkja skulu vinna saman að verkefnum tengdum öryggi.

2. Með fyrirvara um 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi samvirknieininganna og tengds fjarskiptavirkis þeirra.

3. Einkum skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa samþykka nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. öryggisáætlun, áætlun um rekstrarsamfellu og endurreisnaráætlun eftir stóráfall, í því skyni:

- a) að vernda búnað sem gögn eru geymd á, m.a. með gerð viðbragðsáætlana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
- b) að neita þeim sem hafa ekki til þess heimild um aðgang að gagnavinnslubúnaði og mannvirkjum,
- c) að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt,
- d) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að færa inn, skoða, breyta eða eyða skráðum persónuupplýsingum,
- e) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að vinna, afrita, breyta eða eyða gögnum,
- f) að koma í veg fyrir að þeir sem hafa ekki til þess heimild geti notað sjálfvirk gagnavinnslukerfi með hjálp gagnasamskiptabúnaðar,
- g) að tryggja með notkun persónubundinna notandaauðkenna og leynilegs aðgangshams að þeir, sem er heimilaður aðgangur að samvirknieiningunum, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra,
- h) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila má senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði,
- i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið unnin í samvirknieiningunum, hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi,
- j) að hindra, einkum með víðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa eða afrita persónuupplýsingar, breyta þeim eða eyða meðan verið er að senda þær til samvirknieininganna eða úr þeim eða við flutning gagnamiðla,
- k) að tryggja að uppsett kerfi sé hægt að setja upp að nýju eftir rof svo að það starfi edlilega,
- l) að tryggja áreiðanleika með því að sjá til þess að tilkynnt sé með tilhlýðilegum hætti um allar truflanir á virkni samvirknieininganna,
- m) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari málsgrein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og til að meta þessar öryggisráðstafanir í ljósi nýrrar tækniþróunar.

4. Aðildarríkin, Löggæslusamvinnustofnunin og miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skulu gera ráðstafanir sem jafngilda þeim sem um getur í 3. mgr. að því er varðar öryggi í tengslum við vinnslu yfirvalda, sem hafa rétt til aðgangs að einhverri samvirknieininganna, á persónuupplýsingum.

43. gr.

Öryggisatvik

1. Sérhvert atvik, sem hefur eða gæti haft áhrif á öryggi samvirknieininganna og gæti valdið tjóni á gögnum sem geymd eru í þeim eða að þau glatist, skal teljast vera öryggisatvik, einkum þar sem um óheimilan aðgang að gögnum gæti verið að ræða eða þar sem aðgengileika, heilleika og leynd gagna hefur, eða gæti hafa verið, stofnað í hættu.

2. Taka skal á öryggisatvikum þannig að tryggja megi skjót, skilvirk og viðeigandi viðbrögð.

3. Með fyrirvara um tilkynningu og að gert sé viðvart um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 30. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 eða báðum skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, lögbærum eftirlitsyfirlöndum og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um öll öryggisatvik án tafar.

Með fyrirvara um 34. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, skulu miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um öll öryggisatvik án tafar.

Ef um öryggisatvik er að ræða í tengslum við miðlægt grunnvirki samvirknieininganna, skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um það án tafar.

4. Aðildarríkin, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu fá upplýsingar um öryggisatvik, sem hefur eða gæti haft áhrif á starfsemi samvirknieininganna eða á aðgengileika, heilleika og leynd gagna, án tafar og skýrsla gefin um það í samræmi við atvikastjórnunaráætlun sem Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa mun leggja fram.

5. Viðkomandi aðildarríki, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skulu vinna saman ef til öryggisatviks kemur. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um nákvæmar skilgreiningar á samstarfsaðferðinni með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

44. gr.

Eigið eftirlit

Aðildarríkin og viðkomandi fagstofnanir Sambandsins skulu tryggja að sérhvert yfirvald sem hefur rétt til aðgangs að samvirknieiningunum geri nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að það fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og starfi, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsyfirlöndum.

Þeir ábyrgðaraðilar gagna sem um getur í 40. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að gagnavinnsla sé í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. með tíðri sannpröfun á aðgerðaskránum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. og starfi, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsyfirlöndum og Evrópsku persónuverndarstofnuninni.

45. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu tryggja að misnotkun á gögnum, vinnsla gagna eða skipti á gögnum, sem brjóta í bága við þessa reglugerð varði viðurlögum í samræmi við landslög. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

46. gr.

Bótaábyrgð

1. Án þess að það hafi áhrif á rétt til bóta frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og bótaábyrgð þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725 skal:

- a) sérhver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beðið eignatjón eða óefnislegt tjón af völdum ólög-
mætrar vinnslu persónuupplýsinga eða annars verknaðar aðildarríkis sem er ekki í samræmi við þessa
reglugerð, eiga rétt á að fá skaðabætur frá því aðildarríki,
- b) sérhver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beðið eignatjón eða óefnislegt tjón af völdum verknaðar
Löggæslusamvinnustofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu eða Stofnunar
Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð,
eiga rétt á að fá skaðabætur frá þeirri stofnun sem um er að ræða.

Hlutaðeigandi aðildarríki, Löggæslusamvinnustofnunin, Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu eða
Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal undanþegið eða undanþegin bóta-
ábyrgð samkvæmt fyrstu undirgrein, að fullu eða að hluta, ef það eða hún getur fært sönnur á að það eða hún beri
ekki ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.

2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og slíkt veldur tjóni á
samvirknieiningunum skal það aðildarríki bera ábyrgð á tjóninu, nema Stofnun Evrópusambandsins um rekstur
stórra upplýsingatæknikerfa eða annað aðildarríki sem bundið er af þessari reglugerð hafi, og að því marki sem
hún eða það hefur, vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að hún eða það hafi gert til að
koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.

3. Um bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara samkvæmt lands-
lögum aðildarríkisins sem er varnaraðili. Um bótakröfur á hendur ábyrgðaraðila eða Stofnunar Evrópu-
sambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara
samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í sáttmálunum.

47. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Yfirvaldið sem safnar persónuupplýsingunum sem geyma á í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu,
sameiginlega auðkennasafninu eða fjölaufkennaskynjaranum skal veita þeim einstaklingum, sem gögnum er
safnað um, þær upplýsingar sem krafist er skv. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 12. og 13. gr.
tilskipunar (ESB) 2016/680 og 15. og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Yfirvaldið skal veita upplýsingarnar
þegar gögnunum er safnað.

2. Allar upplýsingar skulu látnar í té á skýru og einföldu máli, á tungumáli sem viðkomandi einstaklingur
skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji. Í þessu felst að upplýsingagjöf skal vera með þeim hætti að hún
hæfi aldri þeirra skráðu aðila sem eru ólöggráða börn.

3. Upplýsa skal einstaklinga sem skráð eru gögn um í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um
vegabréfsáritanir eða ETIAS-ferðaheimildakerfið um vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa reglugerð
í samræmi við 1. mgr. þegar:

- a) gagnaskrá er stofnuð eða uppfærð í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB)
2017/2226,
- b) umsóknarskrá er stofnuð eða uppfærð í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 8. gr.
reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- c) umsóknarskrá er stofnuð eða uppfærð í ETIAS-ferðaheimildakerfinu í samræmi við 19. gr. reglugerðar
(ESB) 2018/1240.

48. gr.

Réttur til að hafa aðgang að persónuupplýsingum í fjölaufkennaskynjaranum, leiðréttá þær og eyða þeim og til að takmarka vinnslu þeirra

1. Í því skyni að neyta réttinda sinna skv. 15.–18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 17.–20. gr. reglugerðar
(ESB) 2018/1725 og 14., 15. og 16. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 skal sérhver einstaklingur eiga rétt á að snúa
sér til lögbærs yfirvalds hvaða aðildarríkis sem er, sem skal kanna beiðnina og svara henni.

2. Aðildarríkið sem kannar slíka beiðni skal svara án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 45 dögum eftir
viðtöku beiðninnar. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því
hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið sem kannar beiðnina skal tilkynna skráðum aðila um slíkar framlengingar
innan 45 daga frá viðtöku beiðninnar, ásamt ástæðunum fyrir töfnni. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að svör
skuli koma frá aðalskrifstofum.

3. Ef beiðni um að láta leiðréttá eða eyða persónuupplýsingum er lögð fram hjá öðru aðildarríki en aðildar-
ríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna, skal aðildarríkið sem beiðnin var lögð
fram hjá hafa samband við yfirvöld í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á handvirkri sannpröfun mismunandi

auðkenna, innan sjö daga. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna skal kanna hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort vinnsla þeirra sé lögmæt, án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að haft er samband við það. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna skal upplýsa aðildarríkið sem hafði samband við það um slíka framlengingu, ásamt ástæðunum fyrir töfnni. Aðildarríkið, sem hafði samband við yfirvaldið í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, skal upplýsa hlutaðeigandi einstakling um frekari málsmeðferð.

4. Ef beiðni um að láta leiðréttu eða eyða persónuupplýsingum er lögð fram hjá aðildarríki þar sem miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, skal aðildarríkið sem beiðnin var lögð fram hjá hafa samband við miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins innan sjö daga til að fá álit hennar. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal gefa álit sitt án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að haft er samband við hana. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið, sem hafði samband við miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, skal upplýsa hlutaðeigandi einstakling um frekari málsmeðferð.

5. Ef rannsókn leiðir í ljós að gögn sem eru geymd í fjölaúðkennaskynjarianum eru röng eða hafa verið skráð með ólögmætum hætti skal aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, ef ekkert aðildarríki bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða ef miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, leiðréttu eða eyða þessum gögnum án ótilhlýðilegrar tafar. Viðkomandi einstaklingur skal upplýstur skriflega um að gögn hans hafi verið leiðrétt eða þeim hafi verið eytt.

6. Breyti aðildarríki gögnum, sem eru geymd í fjölaúðkennaskynjarianum, meðan á varðveislutímabili þeirra stendur skal það aðildarríki framkvæma vinnsluna sem mælt er fyrir um í 27. gr. og, þar sem við á, 29. gr. til að ákvarða hvort tengja eigi breyttu gögnin. Síni vinnslan enga samsvörum skal það aðildarríki eyða gögnum um staðfestingarskrá auðkennis. Síni sjálfvirka vinnslan eina eða fleiri samsvaranir skal það aðildarríki mynda eða uppfæra viðeigandi tengingu í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar.

7. Þegar aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá er ekki sammála því að gögn sem eru geymd í fjölaúðkennaskynjarianum séu röng eða hafi verið skráð með ólögmætum hætti, skal það aðildarríki taka stjórnvaldsákvörðun og skýra skriflega fyrir viðkomandi einstaklingi án tafar af hverju það er ekki tilbúið til að leiðréttu eða eyða gögnum sem tengjast viðkomandi.

8. Í ákvörðuninni, sem um getur í 7. mgr., skal einnig veita viðkomandi einstaklingi upplýsingar þar sem útskýrður er sá möguleiki að vefengja ákvörðunina sem tekin hefur verið varðandi beiðnina um að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga og, ef við á, upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða leggja fram kvörtun til lögbærra yfirvalda eða dómstóla og um hvers konar aðstoð, m.a. frá eftirlitsyfirvöldum.

9. Allar beiðnir um að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga skulu innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingi. Þessar upplýsingar skal eingöngu nota til að gera það kleift að neyta réttindanna sem um getur í þessari grein og þeim skal eytt umsvifalaust eftir á.

10. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá skal halda skriflegar skrár um að beiðni um fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga hafi verið lögð fram og hvaða meðferð hún fékk og skal sú skrá gerð aðgengileg eftirlitsyfirvöldum án tafar.

11. Þessi grein er með fyrirvara um allar takmarkanir og höft á þeim réttindum sem sett eru fram í þessari grein samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun (ESB) 2016/680.

49. gr.

Vefgátt

1. Vefgátt er komið á fót í þeim tilgangi að auðvelda neytingu réttinda til að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga.

2. Vefgáttin skal innihalda upplýsingar um réttindin og verklagsreglurnar sem um getur í 47. og 48. gr. og notendaviðmót sem gerir einstaklingum, sem eiga gögn sem unnin eru í fjölaúðkennaskynjarianum og hafa verið upplýstir um rauða tengingu í samræmi við 4. mgr. 32. gr., kleift að fá samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna.

3. Til að fá samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna ætti einstaklingurinn, sem á gögn sem unnin eru í fjölaúðkennaskynjarianum, að slá inn tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34.

gr. Vefgáttin skal nota þessa tilvísun til að sækja samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Vefgáttin skal einnig innihalda sniðmát fyrir tölvupóst til að auðvelda samskipti milli notenda vefgáttarinnar og lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Slíkur tölvupóstur skal innihalda reit fyrir staka auðkennisnúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. til að gera lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna kleift að bera kennsl á viðkomandi gögn.

4. Aðildarríkinu skulu láta Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa í té samskiptaupplýsingar allra yfirvalda sem eru lögbær til að kanna og svara hvers konar beiðnum sem um getur í 47. og 48. gr. og skulu yfirfara reglulega hvort þessar samskiptaupplýsingar séu uppfærðar.

5. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa vefgáttina og tryggja tæknilega stjórnun hennar.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 73. gr. þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu vefgáttarinnar, þ.m.t. notendaviðmótið, þau tungumál sem vefgáttin skal vera tiltæk á og sniðmátið fyrir tölvupóst.

50. gr.

Persónuupplýsingar sendar þriðju löndum, alþjóðastofnunum og einkaaðilum

Með fyrirvara um 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina í samræmi við 5. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar sem uppfylla ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, skal persónuupplýsingum, sem eru geymdar eru í eða unnar af samvirknieiningunum eða sem þær hafa aðgang að, ekki miðlað til eða þær gerðar aðgengilegar neinu þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila.

51. gr.

Eftirlit eftirlitsyfirvalda

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að eftirlitsyfirvöldin hafi óháð eftirlit með því hvort vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá samvirknieiningunum.

2. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/680 gildi einnig, þar sem það á við, um aðgang lögregluvalda og tilnefndra yfirvalda að samvirknieiningunum, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra einstaklinga sem eiga upplýsingarnar sem slíkur aðgangur er veittur að.

3. Eftirlitsyfirvöldin skulu sjá til þess að úttekt fari fram á vinnslu ábyrgra, landsbundinna yfirvalda á persónuupplýsingum að því er varðar þessa reglugerð, í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Eftirlitsyfirvöldin skulu árlega birta tölur um fjölda beiðna um að leiðrétta, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga, þær aðgerðir sem gripið er til í kjölfarið og fjölda tilvika þar sem upplýsingar eru leiðréttar, þeim er eytt og vinnsla þeirra takmörkuð vegna beiðna frá viðkomandi einstaklingum.

4. Aðildarríkinu skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöld þeirra hafi nægilegt fjármagn og sérþekkingu til að leysa af hendi þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

5. Aðildarríkinu skulu veita hverjar þær upplýsingar sem eftirlitsyfirvaldið, sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, fer fram á, einkum upplýsingar um starfsemina sem fram fer í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkinu skulu veita eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, aðgang að aðgerðaskráum sínum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. þessarar reglugerðar og að rökstuðningnum sem um getur í 2. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar og heimila þeim ávallt aðgang að öllum starfstöðvum sínum sem notaðar eru í þágu samvirkni.

52. gr.

Úttektir Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

Evrópska persónuverndarstofnunin skal sjá til þess að úttekt á vinnslu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum, að því er varðar þessa reglugerð, fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla á a.m.k. fjögurra ára fresti. Senda skal skýrslu um úttektina til Evrópuþingsins, ráðsins, Stofnunar

Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og viðeigandi fagstofnunar Sambandsins. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnuninni skal gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en skýrslurnar eru samþykktar.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta Evrópsku persónuverndarstofnuninni í té þær upplýsingar sem hún óskar eftir, veita henni aðgang að öllum skjölum sem hún fer fram á og að aðgerðaskráum sínum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. og heimila Evrópsku persónuverndarstofnuninni ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum sínum.

53. gr.

Samstarf eftirlitsyfirvalda og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Eftirlitsyfirvöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, hafa með sér virkt samstarf innan ramma skyldustarfa sinna og tryggja samræmt eftirlit með notkun samvirknieininganna og beitingu annarra ákvæða þessarar reglugerðar, einkum ef Evrópska persónuverndarstofnunin eða eftirlitsyfirvald finnur alvarlegt misræmi milli starfsvenja í aðildarríkjunum eða finnur sendingar um samskiptaleiðir samvirknieininganna sem mögulega eru ólöglegar.
2. Í tilvikunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal tryggja samræmt eftirlit í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.
3. Evrópska persónuverndarráðið skal senda sameiginlega skýrslu um starfsemi sína samkvæmt þessari grein til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, Löggæslusamvinnustofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eigi síðar en 12. júní 2021 og annað hvert ár eftir það. Þessi skýrsla skal hafa að geyma kafla um hvert aðildarríki sem eftirlitsyfirvald þess aðildarríkis tekur saman.

VIII. KAFLI

SKYLDUR

54. gr.

Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa meðan á hönnunar- og þróunaráfanga standur

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal tryggja að miðlæg grunnvirki samvirknieininganna séu starfrækt í samræmi við þessa reglugerð.
2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal hýsa samvirknieiningarnar á tæknisvæðum sínum og í þeim skal sú virkni tiltæk sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við skilyrðin um öryggi, aðgengileika, gæði og frammistöðu sem um getur í 1. mgr. 55. gr.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á þróun samvirknieininganna og allri aðlögun sem þörf er á til að koma á samvirkni milli miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Schengen-upplýsingakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins og evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamatunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins, fjölauðkennaskynjarans og miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnsins.

Með fyrirvara um ákvæði 66. gr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ekki hafa aðgang að neinum persónuupplýsingum sem unnar eru í gegnum evrópsku leitargáttina, sameiginlega lífkennamatunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið eða fjölauðkennaskynjarann.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal skilgreina hönnun raunlægrar högunar samvirknieininganna, þ.m.t. fjarskiptavirkja þeirra, og tækniforskriftir þeirra og þróun að því er varðar miðlæga grunnvirkið og örugga fjarskiptavirknið, sem skulu samþykktar af stjórninni með fyrirvara um jákvætt álit framkvæmdastjórnarinnar. Stofnunin skal einnig framkvæma nauðsynlegar aðlaganir á komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða Schengen-upplýsingakerfinu í tengslum við að samvirkni er komið á og sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal annast þróun og framkvæmd samvirknieininganna eins fljótt og unnt er eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 8. gr. (2. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 28. gr. (5. og 7. mgr.), 37. gr. (4. mgr.), 38. gr. (3. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 78. gr. (10. mgr.).

Í þróuninni skal felast gerð og framkvæmd tækniforskrifta, prófanir og heildarverkefnastjórnun og samræming.

4. Meðan á hönnunar- og þróunaráfanganum stendur skal koma á fót áætlunarstjórn sem í sitja að hámarki 10 manns. Hún skal skipuð sjö mönnum sem stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilnefni úr hópi stjórnarmanna sinna eða varamanna, formanni ráðgjafarhópsins um samvirkni sem um getur í 75. gr., einum fulltrúa Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem tilnefndur er af framkvæmdastjóra hennar og einum manni sem framkvæmdastjórnin tilnefni. Fulltrúarnir sem stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilnefni skulu einungis valdir frá þeim aðildarríkjum sem samkvæmt lögum Sambandsins eru bundin að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra upplýsingakerfa ESB og sem munu taka þátt í samvirknieiningunum.

5. Áætlunarstjórnin skal halda fundi með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en þrisvar á ársfjórðungi. Hún skal tryggja fullnægjandi stjórnun hönnunar- og þróunaráfanga samvirknieininganna.

Mánaðarlega skal áætlunarstjórnin leggja fram skriflegar skýrslur um framvindu verkefnisins til stjórnar Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa. Hún skal ekki hafa neitt vald til ákvarðanatöku né umboð til að koma fram fyrir hönd stjórnarmanna Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa.

6. Stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal ákveða starfsreglur áætlunarstjórnarinnar sem skulu einkum varða:

- a) formennsku,
- b) fundarstaði,
- c) undirbúning funda,
- d) aðgang sérfræðinga að fundum,
- e) samskiptaáætlanir sem tryggja stjórnarmönnum, sem ekki taka þátt, allar upplýsingar.

Formennskan skal vera í höndum aðildarríkis sem samkvæmt lögum Sambandsins er bundið að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra upplýsingakerfa ESB og sem mun taka þátt í samvirknieiningunum.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal greiða allan ferða- og dvalarkostnað þeirra sem eiga sæti í áætlunarstjórninni og skal 10. gr. starfsreglna stofnunarinnar gilda að breyttu breytanda. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal annast skrifstofuhald áætlunarstjórnarinnar.

Ráðgjafarhópurinn um samvirkni sem um getur í 75. gr. skal halda reglulega fundi þar til starfsemi samvirknieininganna hefst. Hann skal gefa áætlunarstjórninni skýrslu eftir hvern fund. Hópurinn skal búa yfir tæknilegri sérþekkingu til að styðja við verkefni áætlunarstjórnarinnar og fylgjast með stöðu undirbúnings hjá aðildarríkjunum.

55. gr.

Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eftir að starfræksla hefst

1. Eftir að hver samvirknieining fyrir sig tekur til starfa skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun miðlægs grunnvirkis samvirknieininganna, þ.m.t. viðhaldi þeirra og tækniþróun. Í samstarfi við aðildarríkin skal hún tryggja að besta, fánlega tækni sé notuð, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun fjarskiptavirkisins sem um getur í 6., 12., 17., 25. og 39. gr.

Tæknileg stjórnun samvirknieininganna skal taka til allra nauðsynlegra verkefna og tæknilausna til að halda samvirknieiningunum starfandi og veita aðildarríkjunum og fagstofnunum Sambandsins órofna þjónustu allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, í samræmi við þessa reglugerð. Í henni felst nauðsynleg viðhaldsvinna og tækniþróun til að tryggja að starfsemi eininganna sé á viðunandi tæknilegu gæðastigi, einkum að því er varðar svartíma leitar í miðlægu grunnvirkjunum í samræmi við tækniforskriftirnar.

Þróun og stjórnun hverrar samvirknieiningar skal miða að því að tryggja hraðan, snurðulausan, skilvirkan og stýrðan aðgang, fullan, órofinn aðgengileika eininganna og gagnanna sem geymd eru í fjölauðkennaskynjaranum, sameiginlega lífkennamatúnarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu og að svartími sé í samræmi við rekstrarlegar þarfir yfirvalda aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins.

2. Með fyrirvara um 17. gr. starfsmannareglna embættismanna Evrópusambandsins skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa láta viðeigandi reglur um þagnarskyldu eða aðra sambærilega trúnaðarskyldu gilda um starfsfólk sitt sem þarf að vinna með gögn sem geymd eru í samvirknieiningunum.

Þessi kvöð gildir áfram eftir að þessir einstaklingar láta af embætti eða hætta störfum eða eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

Með fyrirvara um ákvæði 66. gr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ekki hafa aðgang að neinum persónuupplýsingum sem unnar eru í gegnum í evrópsku leitargáttina, sameiginlega lífkennamatunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa og viðhalda fyrirkomulagi og ferlum til að framkvæma kannanir á gæðum gagna sem geymd eru í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 37. gr.

4. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig hafa með höndum verkefni tengd því að veita þjálfun í tæknilegri notkun samvirknieininganna.

56. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Sérhvert aðildarríki skal bera ábyrgð á:
 - a) tengingunni við fjarskiptavirki evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins,
 - b) samþættingu landsbundnu kerfanna og grunnvirkjanna sem fyrir eru við evrópsku leitargáttina, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann,
 - c) skipulagi, stjórnun, starfrækslu og viðhaldi þeirra landsbundnu grunnvirkja sem fyrir eru og tengingu þeirra við samvirknieiningarnar,
 - d) aðgangsstjórn og fyrirkomulagi á aðgangi starfsfólks lögbærra innlendra yfirvalda með tilskilda heimild, að evrópsku leitargáttinni, sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkennaskynjaranum í samræmi við þessa reglugerð og á því að útbúa og uppfæra reglulega skrá yfir slíkt starfsfólk og lýsingar (e. profiles) þess,
 - e) samþykkt löggjafarráðstafananna sem um getur í 5. og 6. mgr. 20. gr., til að fá aðgang að sameiginlega auðkennasafninu til staðfestingar á deilum,
 - f) handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í 29. gr.,
 - g) að farið sé að kröfum um gæði gagna, sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins,
 - h) að farið sé að reglum hvers upplýsingakerfis ESB að því er varðar öryggi og heilleika persónuupplýsinga,
 - i) að ráðin sé bót á annmörkum sem tilgreindir eru í matskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um gæði gagna, sem um getur í 5. mgr. 37. gr.
2. Sérhvert aðildarríki skal tengja tilnefnd yfirvöld sín við sameiginlega auðkennasafnið.

57. gr.

Skyldur miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins

Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal bera ábyrgð á:

- a) handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr.,
- b) framkvæmd fjölaufkennagreiningar milli gagna sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum og Schengen-upplýsingakerfinu, eins og um getur í 69. gr.

IX. KAFLI

BREYTINGAR Á ÖÐRUM GERNINGUM SAMBANDSINS

58. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 767/2008

Reglugerð (EB) nr. 767/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„Með því að geyma auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar í sameiginlega auðkennasafninu (CIR), sem komið er á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*1), stuðlar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir að því að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, með þeim skilyrðum og í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr. þeirrar reglugerðar.

(*¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).“

- 2) Eftirfarandi liðir bætast við í 4. gr.:
 - 12) „gögn upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir“: öll gögn sem geymd eru í miðlæga upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 9.–14. gr.,
 - 13) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í a- og aa-lið 4. mgr. 9. gr.,
 - 14) „fingrafaraupplýsingar“: upplýsingar um fimm fingraför, vísifingurs, löngutangar, baugfingurs, litla fingurs og þumalfingurs hægri handar og, séu þau fyrir hendi, vinstri handar,“.
- 3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 5. gr.:

„1a. Sameiginlega auðkennasafnið skal innihalda þau gögn sem um getur í a- til c-lið 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 9. gr. Önnur gögn upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir skulu geymd í miðlæga upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.“
- 4) Í stað 2. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í þeim tilgangi að fletta upp gögnum skal eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfyrvöldum sérhvers aðildarríkis sem eru lögbær í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 15.–22. gr. og starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfyrvöldum sérhvers aðildarríkis og hjá fagstofnunum Sambandsins sem eru lögbær í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem það þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.“
- 5) Í stað a- til c-liðar í 4. lið 9. gr. kemur eftirfarandi:
 - a) kenninafn, eiginnafn eða -nöfn, fæðingardag og -ár, kyn,
 - aa) kenninafn við fæðingu (fyrra kenninafn/-nöfn), fæðingarstað og -land, núverandi ríkisfang og ríkisfang við fæðingu,
 - b) tegund og númer ferðaskilríkja, einna eða fleiri, og þriggja stafa kóða útgáfulands ferðaskilríkjanna,
 - c) lokadagsetningu gildistíma ferðaskilríkjanna, einna eða fleiri,
 - ca) hvaða yfirvald gaf ferðaskilríkin út og útgáfudag þeirra.“

59. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2016/399

Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 8. gr.:

„4a. Þegar uppfletting í videigandi gagnagrunnum við komu eða brottför, þ.m.t. í fjölaufkennaskynjaranum (e. multiple-identity detector) í gegnum evrópsku leitargáttina sem komið er á fót með 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*²), annaðhvort leiðir til gulrar tengingar eða greinir rauða tengingu, skal landamæravörður fletta upp í sameiginlega auðkennasafninu, sem komið er á fót með 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, eða Schengen-upplýsingakerfinu, eða báðum, til að meta muninn á tengdu auðkennisupplýsingunum eða ferðaskilríkjaupplýsingunum. Landamæravörðurinn skal framkvæma hverja þá viðbótarsannpröfun sem nauðsynleg er til að taka ákvörðun um stöðu og lit tengingarinnar.

Í samræmi við 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 skal þessi málsgrein koma til framkvæmda frá og með þeim tíma þegar starfsemi fjölaufkennaskynjarans hefst skv. 4. mgr. 72. gr. þeirrar reglugerðar.

60. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2226

Reglugerð (ESB) 2017/2226 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„3. Með því að geyma auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar í sameiginlega auðkennasafninu (CIR), sem komið er á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*³), stuðlar komu- og brottfararkerfið að því að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, með þeim skilyrðum og í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr. þeirrar reglugerðar.

(*)³ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).“

- 2) Ákvæðum 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:
 - a. Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:
 - 22) „gögn komu- og brottfararkerfisins“: öll gögn sem geymd eru í miðlæga komu- og brottfararkerfinu og í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 15.–20. gr.,“.
 - b. Eftirfarandi liðir bætast við:
 - 22a) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 16. gr., sem og viðeigandi gögn sem um getur í 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr.,“.
 - 33) „sameiginlegt auðkennasafn (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,“.
- 3) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 6. gr.:
 - j) að tryggja rétta staðfestingu deila á einstaklingum.“
- 4) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
 - a. Eftirfarandi liður bætist við:
 - aa) miðlægu grunnvirki sameiginlega auðkennasafnsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,“.
 - b. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:
 - f) öruggu fjarskiptavirki milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins.“
 - c. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Sameiginlega auðkennasafnið skal innihalda þau gögn sem um getur í 16. gr. (a- til d-lið 1. mgr.), 17. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), og 18. gr. (1. og 2. mgr.) Önnur gögn komu- og brottfararkerfisins skulu geymd í miðlæga komu- og brottfararkerfinu.“
- 5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 9. gr.:

„4. Aðgangur að gögnum komu- og brottfararkerfisins sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu skal eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólk með tilskilda heimild hjá fagstofnunum Sambandsins sem eru lögbærar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem það þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.“
- 6) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:
 - a. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef það reynist tæknilega ómögulegt að færa gögn inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið eða sameiginlega auðkennasafnið eða ef miðlæga komu- og brottfararkerfið eða sameiginlega auðkennasafnið bilar, skulu upplýsingarnar sem um getur í 16.–20. gr. geymdar tímabundið í samræmda landsbundna skilflötinum. Ef það er ekki hægt skulu upplýsingarnar geymdar tímabundið á staðnum í rafrænu formi. Í báðum tilvikum skulu gögnin færð inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið eða sameiginlega auðkennasafnið um leið og tækniörðugleikarnir eða bilunin hefur verið lagfærð. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir og nota tilskilin grunnvirki, búnað og tilföng til að tryggja að grípa megi til slíkrar tímabundinnar geymslu á staðnum hvenær sem er og á öllum landamærastöðvum sínum.“
 - b. Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um þá skyldu að láta fara fram landamæraeftirlit skv. reglugerð (ESB) 2016/399 skal landamærayfirvaldið, ef þær óvenjulegu aðstæður koma upp að tæknilega ómögulegt reynist að færa inn gögn í annaðhvort miðlæga komu- og brottfararkerfið og sameiginlega auðkennasafnið eða í samræmda landsbundna skilflötinn og tæknilega ómögulegt reynist að geyma upplýsingar á staðnum tímabundið í rafrænu formi, geyma upplýsingarnar, sem um getur í 16.–20. gr. þessarar reglugerðar, handvirkt, að undanskildum lífkennaupplýsingum, og setja komu- eða brottfararstimpil í ferðaskilríki viðkomandi ríkisborgara þriðja lands. Þessi gögn skulu færð inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið og í sameiginlega auðkennasafnið eins fljótt og það er tæknilega mögulegt.“

- 7) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Að því er varðar sannprófanirnar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal landamærayfirvaldið setja af stað leitarfyrirspurn með því að nota evrópsku leitargáttina til að bera saman gögnin um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands við viðkomandi gögn í komu- og brottfararkerfinu og í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.“
 - Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef leit á grundvelli alstafagagna, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, gefur til kynna að gögn um ríkisborgara þriðja lands sé ekki að finna í komu- og brottfararkerfinu, ef sannprófun á viðkomandi ríkisborgara þriðja lands skv. 2. mgr. þessarar greinar ber ekki árangur eða ef vafi leikur á því hver ríkisborgari þriðja lands er, skulu landamærayfirvöld hafa aðgang að upplýsingum til staðfestingar á deilum í samræmi við 27. gr., í þeim tilgangi að stofna eða uppfæra sérstaka gagnaskrá í samræmi við 14. gr.“
- 8) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 32. gr.:
- „1a. Í tilvikum þar sem tilnefnd yfirvöld hafa sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 er þeim heimill uppflettiáðgangur að komu- og brottfararkerfinu að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein og ef svarið sem berst, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, sýnir að gögnin séu geymd í komu- og brottfararkerfinu.“
- 9) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 33. gr.:
- „1a. Í tilvikum þar sem Löggæslusamvinnustofnunin hefur sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, er henni heimill uppflettiáðgangur að komu- og brottfararkerfinu að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein og ef svarið sem berst, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, sýnir að gögnin séu geymd í komu- og brottfararkerfinu.“
- 10) Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:
- Í stað orðanna „í miðlæga komu- og brottfararkerfinu“ í 1. og 2. mgr. koma orðin „í sameiginlega auðkennasafninu og í miðlæga komu- og brottfararkerfinu“.
 - Í stað orðanna „úr miðlæga komu- og brottfararkerfinu“ í 5. mgr. koma orðin „úr miðlæga komu- og brottfararkerfinu og úr sameiginlega auðkennasafninu“.
- 11) Í stað 7. mgr. 35. gr. kemur eftirfarandi:
- „7. Miðlæga komu- og brottfararkerfið og sameiginlega auðkennasafnið skulu þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjunum að gögnum hafi verið eytt úr komu- og brottfararkerfinu eða sameiginlega auðkennasafninu og, eftir atvikum, fjarlægja þau af skránni yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr.“
- 12) Í stað orðanna „miðlæga komu- og brottfararkerfisins“ í 36. gr. koma orðin „miðlæga komu- og brottfararkerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins“.
- 13) Ákvæðum 37. gr. er breytt sem hér segir:
- Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA) skal bera ábyrgð á þróun miðlæga komu- og brottfararkerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins, samræmdu landsbundnu skilflattanna, fjarskiptavirkisins og öruggu samskiptaleiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Stofnunin skal einnig bera ábyrgð á þróun vefþjónustunnar sem um getur í 13. gr. í samræmi við ítarlegu reglurnar sem um getur í 7. mgr. 13. gr. og forskriftirnar og skilyrðin sem samþykkt eru skv. h-lið fyrstu málsgreinar 36. gr., og á þróun gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr.“
 - Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á rekstrarstjórnun miðlæga komu- og brottfararkerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins, samræmdu landsbundnu skilflattanna og öruggu samskiptaleiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Hún skal tryggja, í samstarfi við aðildarríkin, að besta fánlega tækni sé ávallt notuð fyrir miðlæga komu- og brottfararkerfið og sameiginlega auðkennasafnið, samræmdu landsbundnu skilflettina, fjarskiptavirkið, öruggu samskiptaleiðina milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og

miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, vefþjónustuna sem um getur í 13. gr. og gagnasafnið sem um getur í 2. mgr. 63. gr., með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig bera ábyrgð á rekstrarstjórnun fjarskiptavirkisins milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna, á vefþjónustunni sem um getur í 13. gr. og gagnasafninu sem um getur í 2. mgr. 63. gr.“

- 14) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 46. gr.:
- f) tilvísun til notkunar evrópsku leitargáttarinnar til að leita í komu- og brottfararkerfinu eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.“
- 15) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin sem um getur í þeirri málsgrein í miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.“
- b. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr.:
- „Daglegu tölfraðilegu upplýsingarnar skulu geymdar í miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu.“

61. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1240

Reglugerð (ESB) 2018/1240 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:
- „3. Með því að geyma auðkennisupplýsingar og ferðaskilríkjaupplýsingar í sameiginlega auðkennasafninu (CIR), sem komið er á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*4), stuðlar ETIAS-ferðaheimildakerfið að því að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í ETIAS-ferðaheimildakerfið, með þeim skilyrðum og í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr. þeirrar reglugerðar.
- (*4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).“
- 2) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. mgr. 3. gr.:
- 23) „sameiginlegt auðkennasafn (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 24) „evrópsk leitargátt (ESP)“: evrópska leitargáttin sem komið var á fót með 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 25) „miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið“: miðlæga kerfið sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr. ásamt sameiginlega auðkennasafninu að því marki að sameiginlega auðkennasafnið inniheldur gögnin sem um getur í 2. mgr. a í 6. gr.,
- 26) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 17. gr.,
- 27) „ferðaskilríkjaupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í d- og e-lið 2. mgr. 17. gr. og þriggja stafa kóði útgáfulands ferðaskilríkjanna eins og um getur í c-lið 3. mgr. 19. gr.“
- 3) Eftirfarandi liður bætist við í 4. gr.:
- g) stuðla að réttri staðfestingu deila á einstaklingum.“
- 4) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
- a) miðlægu kerfi, þ.m.t. gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem um getur í 34. gr.,“.
- ii. Eftirfarandi lið er bætt við:
- aa) sameiginlega auðkennasafninu (CIR),“.
- iii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

- d) öruggu fjarskiptavirki milli miðlæga kerfisins og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins,“.
- b. Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „2a. Sameiginlega auðkennasafnið skal innihalda auðkennisupplýsingarnar og ferðaskilríkjaupplýsingarnar. Önnur gögn skulu geymd í miðlæga kerfinu.“
- 5) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „4a. Aðgangur að auðkennisupplýsingum og ferðaskilríkjaupplýsingum ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem geymdar eru í sameiginlega auðkennasafninu skal einnig eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólk með tilskilda heimild hjá fagstofnunum Sambandsins sem eru lögbærar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem það þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.“
- b. Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „5. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbæru landsyfirvöldin sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. og 4. mgr. a í þessari grein og senda skrá yfir þessi yfirvöld til Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa án tafar, í samræmi við 2. mgr. 87. gr. Í skránni skal koma fram í hvaða tilgangi starfsfólk með tilskilda heimild hjá hverju yfirvaldi hefur aðgang að gögnum í upplýsingakerfi ETIAS-ferðaheimildakerfisins í samræmi við 1., 2. og 4. mgr. og 4. mgr. a í þessari grein.“
- 6) Ákvæðum 2. mgr. 17. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
- a) kenninafn, eiginnafn/-nöfn, kenninafn við fæðingu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, kyn, núverandi ríkisfang,“.
- b. Eftirfarandi liður bætist við:
- aa) fæðingarland, eiginnafn/-nöfn foreldra umsækjanda,“.
- 7) Í stað orðanna „a-lið 2. mgr. 17. gr.“ í 4. mgr. 19. gr. koma orðin „a-lið og aa-lið 2. mgr. 17. gr.“
- 8) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið skal setja af stað leitarfyrirspurn með því að nota evrópsku leitargáttina til að bera viðeigandi gögn, sem um getur í a-, aa-, b-, c-, d-, f-, g-, j-, k- og m-lið 2. mgr. 17. gr. og í 8. mgr. 17. gr., saman við upplýsingar í skrá eða skráningu í umsóknarskrá í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu, Schengen-upplýsingakerfinu, komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol um stolin og horfin ferðaskilríki (SLTD) og um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (TDAWN).“
- b. Í stað orðanna „a-, b-, c-, d-, f-, g-, j-, k- og m-lið 2. mgr. 17. gr.“ í 4. mgr. koma orðin „a-, aa-, b-, c-, d-, f-, g-, j-, k- og m-lið 2. mgr. 17. gr.“
- c. Í stað orðanna „a-, c-, f-, h-, og i-lið 2. mgr. 17. gr.“ í 5. mgr. koma orðin „a-, aa-, c-, f-, h-, og i-lið 2. mgr. 17. gr.“
- 9) Í stað 1. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið skal setja af stað leitarfyrirspurn með því að nota evrópsku leitargáttina til að bera viðeigandi gögn, sem um getur í a-, aa-, b- og d-lið 2. mgr. 17. gr., saman við upplýsingar í Schengen-upplýsingakerfinu til að ganga úr skugga um hvort þar sé að finna einhverja af eftirtöldum skráningum um umsækjandann:
- a) skráningu um týnda einstaklinga,
- b) skráningu um einstaklinga sem leitað er að til að veita liðsinni við dómsmeðferð,
- c) skráningu um einstaklinga vegna eftirlits í kyrrþey (e. discreet checks) eða markviss eftirlits.“
- 10) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 52. gr.:
- „1a. Í tilvikum þar sem tilnefnd yfirvöld hafa sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu, í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, er þeim heimill uppflettið aðgangur að umsóknarskránum sem geymdar eru í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu í samræmi við þessa grein, ef svarið sem berst,

eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, sýnir að gögn séu geymd í umsóknarskránum sem eru geymdar í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu.“

11) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 53. gr.:

„1a. Í tilvikum þar sem Löggæslusamvinnustofnunin hefur sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 er henni heimill uppflettiðgangur að umsóknarskránum sem geymdar eru í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu í samræmi við þessa grein, ef svarið sem berst, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, sýnir að gögn séu geymd í umsóknarskránum sem eru geymdar í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu.“

12) Í stað orðanna „a-, b-, d-, e- og f-lið 2. mgr. 17. gr.“ í fimmtu undirgrein 3. mgr. 65. gr. koma orðin „a-, aa-, b-, d-, e- og f-lið 2. mgr. 17. gr.“

13) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 69. gr.:

ca) tilvísun, þar sem við á, til notkunar evrópsku leitargáttarinnar til að leita í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817“.

14) Í stað orðanna „miðlæga gagnasafnið“ í 2. mgr. 73. gr. koma orðin „miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, að svo miklu leyti sem það inniheldur gögn sem fengin eru frá miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu skv. 84. gr. þessarar reglugerðar.“

15) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 74. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Eftir að ETIAS-ferðaheimildakerfið tekur til starfa skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna. Hún skal einnig bera ábyrgð á tækniprófunum sem nauðsynlegar eru til að koma á skimunarreglum ETIAS-ferðaheimildakerfisins og uppfæra þær. Hún skal tryggja í samstarfi við aðildarríkin að besta fánlega tækni sé ávallt notuð, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun fjarskiptavirkisins milli miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna og á opinbera vefsetrinu, fartækjasmáforritinu, tölvupóstþjónustunni, öruggu reikningsþjónustunni, sannprófunartólinu fyrir umsækjendur, samþykkingstólinu fyrir umsækjendur, matstólinu fyrir gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins, flutningsaðilagáttinni, vefþjónustunni og hugbúnaðinum til vinnslu á umsóknum.“

16) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 84. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin sem um getur í þeirri málsgrein í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Í samræmi við 1. mgr. 39. gr. þeirrar reglugerðar skulu tölfraeðileg gögn þvert á kerfi og greiningarskýrslur gera yfirvöldunum, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, kleift að fá sérsniðnar skýrslur og tölfraeðilegar upplýsingar til að styðja við framkvæmd á skimunarreglum ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem um getur í 33. gr., til að bæta mat á öryggisáhættu, hættu á ólöglegum innflutningi fólks og aukinni faraldurshættu, til að efla skilvirkni landamæraeftirlits og til að aðstoða miðlæga einingu og landsskrifstofur ETIAS-ferðaheimildakerfisins við vinnslu umsókna um ferðaheimildir.“

17) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr. 84. gr.:

„Daglegu tölfraeðilegu upplýsingarnar skulu geymdar í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.“

62. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726

Reglugerð (ESB) 2018/1726 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Gæði gagna

1. Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna að því er varðar gögn sem færð eru inn í kerfin á rekstrarlega ábyrgð stofnunarinnar, skal stofnunin, í nánú samstarfi við ráðgjafarhópa sína, koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum og verklagsreglum fyrir gæði gagna, sameiginlegum gæðavisum fyrir gögn og lágmarks-gæðastöðlum vegna geymslu gagna fyrir öll kerfin sem stofnunin ber rekstrarlega ábyrgð á, í samræmi við

viðeigandi ákvæði lagagerninganna sem þessi upplýsingakerfi heyrir undir og í samræmi við 37. gr. reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*⁵) og (ESB) 2019/818 (*⁶).

2. Stofnunin skal koma á fót miðlægu gagnasafni sem inniheldur aðeins gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, fyrir skýrslugjöf og tölfraðilegar upplýsingar í samræmi við 39. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, með fyrirvara um sértæk ákvæði í lagagerningunum sem gilda um þróun, stofnun, rekstur og notkun stórra upplýsingatækni-kerfa sem stofnunin hefur umsjón með.

(*⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).

(*⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).“

2) Ákvæðum 1. mgr. 19. gr. er breytt sem hér segir:

a. Eftirfarandi liður bætist við:

eea) samþykkja skýrslur um stöðu mála varðandi þróun samvirknieininganna í samræmi við 2. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,“.

b. Í stað ff-liðar kemur eftirfarandi:

ff) samþykkja skýrslur um það hvernig Schengen-upplýsingakerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 7. mgr. 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 (*⁷) og 8. mgr. 74. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 (*⁸), hvernig upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir hefur reynst tæknilega séð skv. 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 3. mgr. 17. gr. ákvörðunar 2008/633/DIM, hvernig komu- og brottfararkerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 4. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, hvernig ETIAS-ferðaheimildakerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, hvernig ECRIS-TCN-sakaskráakerfið og ECRIS-viðmiðunarframkvæmdin hafa reynst tæknilega séð skv. 8. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 (*⁹) og hvernig samvirknieiningarnar hafa reynst tæknilega séð skv. 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 3. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,

(*⁷) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði landamæraeftirlits og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og um breytingu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 14).

(*⁸) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).

(*⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 frá 17. apríl 2019 um að koma á miðlægu kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsíðoma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)) til viðbótar við upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa og breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726 ((Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 1)).“

c. Í stað hh-liðar kemur eftirfarandi:

(hh) samþykkja formlegar athugasemdir við skýrslur Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um úttektir hennar skv. 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861, 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 67. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 52. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818 og tryggja viðeigandi eftirfylgni við þessar úttektir,“.

d. Í stað mm-liðar kemur eftirfarandi:

(mm) sjá til þess að skráin yfir lögbær yfirvöld sem hafa heimild til að leita beint í gögnum Schengen-upplýsingakerfisins skv. 8. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 7. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 sé birt árlega, ásamt skránni yfir skrifstofur landsbundinna kerfa Schengen-upplýsingakerfisins (e. N.SIS) og SIRENE-skrifstofunnar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, eftir því sem við á, og einnig skránni yfir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skránni yfir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr. 87. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, skránni yfir miðlæg yfirvöld skv. 2. mgr. 34. gr. reglu-

gerðar (ESB) 2019/816 og skránni yfir yfirvöld skv. 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,“.

3) Í stað 4. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Löggæslusamvinnustofnunin og Refsivörslusamvinnustofnunin (Eurojust) mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar Schengen-upplýsingakerfið II í tengslum við beitingu ákvörðunar 2007/533/DIM.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar Schengen-upplýsingakerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2016/1624.

Löggæslusamvinnustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í tengslum við beitingu ákvörðunar 2008/633/DIM, eða mál sem varðar evrópska fingrafaragrunninn í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) nr. 603/2013.

Löggæslusamvinnustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar komu- og brottfararkerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2017/2226, eða mál sem varðar ETIAS-ferðaheimildakerfið í tengslum við reglugerð (ESB) 2018/1240.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar ETIAS-ferðaheimildakerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2018/1240.

Refsivörslusamvinnustofnunin, Löggæslusamvinnustofnunin og embætti saksóknara Evrópusambandsins mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar reglugerð (ESB) 2019/816.

Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar reglugerðir (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818.

Stjórnin getur boðið öllum sem kunna að hafa áhugaverð sjónarmið, að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.“

4) Í stað p-liðar 3. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

p) að setja ákvæði um trúnaðarkvaðir til að hlíta ákvæðum 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1987/2006, 17. gr. ákvörðunar 2007/533/DIM, 9. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 16. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 2. mgr. 55. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, sbr. þó 17. gr. starfsmannareglna embættismanna,“.

5) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a. Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

da) ráðgjafarhópur um samvirkni,“.

b. Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega hver um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhóp Schengen-upplýsingakerfisins II.

Löggæslusamvinnustofnunin má einnig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópa upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins og ráðgjafarhópin fyrir komu- og brottfararkerfið og ETIAS-ferðaheimildakerfið.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má einnig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópin fyrir komu- og brottfararkerfið og ETIAS-ferðaheimildakerfið.

Refsivörslusamvinnustofnunin, Löggæslusamvinnustofnunin og embætti saksóknara Evrópusambandsins mega hvert um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhóp ECRIS-TCN-sakaskrákerfisins.

Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega hver um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópin um samvirkni.“

63. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1861

Reglugerð (ESB) 2018/1861 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við í 3. gr.:

- 22) „evrópsk leitargátt (ESP)“: evrópska leitargáttin sem komið var á fót með 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*¹⁰),
- 23) „sameiginlegt lífkennamatunarkerfi (e. shared BMS)“: sameiginlega lífkennamatunarkerfið sem komið var á fót með 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 24) „sameiginlegt auðkennasafn (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 25) „fjöluauðkennaskynjari (MID)“: fjöluauðkennaskynjarinn sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.
- (*¹⁰) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).“
- 2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:
- a. Í stað b- og c-liða 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- b) landskerfi (landsbundnu Schengen-upplýsingakerfi (N.SIS)) í hverju aðildarríkjanna, sem samanstendur af landsbundnum gagnakerfum sem hafa samskipti við miðlæga Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í það minnsta ein landsbundin eða sameiginleg varaeyning landsbundna Schengen-upplýsingakerfisins,
- c) fjarskiptavirki milli tæknilegu stöðeyningarinnar (CS-SIS), varaeyningar tæknilegu stöðeyningarinnar og landsbundins skilflatar Schengen-upplýsingakerfisins (NI-SIS) („fjarskiptavirkið“) sem setur fram dulkóðað sýndarnet sem eingöngu er ætlað gögnum Schengen-upplýsingakerfisins og gagnaskiptum milli SIRENE-skrifstofa eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. og
- d) öruggu fjarskiptavirki milli tæknilegu stöðeyningarinnar (CS-SIS) og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamatunarkerfisins og fjöluauðkennaskynjarans.“
- b. Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „8. Með fyrirvara um ákvæði 1.–5. mgr. má einnig leita í gögnum Schengen-upplýsingakerfisins í gegnum evrópsku leitargáttina.
9. Með fyrirvara um ákvæði 1.–5. mgr. má einnig senda gögn Schengen-upplýsingakerfisins um örugga fjarskiptavirkið sem um getur í d-lið 1. mgr. Þessar sendingar skulu takmarkaðar að því marki sem gögnin eru nauðsynleg að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/817.“
- 3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 7. gr.:
- „2a. SIRENE-skrifstofan skal einnig tryggja handvirka sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Hún skal hafa aðgang að gögnum sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og fjöluauðkennaskynjaranum í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 21. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, að því marki sem nauðsynlegt er til að framkvæma þetta verkefni.“
- 4) Í stað 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Aðildarríki skulu tryggja að allur aðgangur að og öll skipti á persónuupplýsingum í tæknilegu stöðeyningunni séu skráð í aðgerðaskrár í landsbundnu Schengen-upplýsingakerfi þeirra í þeim tilgangi að athuga hvort leitin sé lögmæt, fylgjast með lögmæti gagnavinnslu, vegna eigin eftirlits og til að tryggja að landsbundna Schengen-upplýsingakerfið starfi sem skyldi, og vegna heilleika gagna og öryggis. Þessi krafa á ekki við um þau sjálfvirku ferli sem um getur í a-, b- og c-lið 6. mgr. 4. gr.
- Aðildarríki skulu tryggja að allur aðgangur að persónuupplýsingum í gegnum evrópsku leitargáttina sé einnig skráður í þeim tilgangi að athuga hvort leitin sé lögmæt, fylgjast með lögmæti gagnavinnslu, vegna eigin eftirlits og vegna heilleika gagna og öryggis.“
- 5) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 34. gr.:
- g) það að sannprófa mismunandi auðkenni og berjast gegn auðkennasvikum í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/817.“
- 6) Í stað 6. mgr. 60. gr. kemur eftirfarandi:
- „6. Í þeim tilgangi sem um getur í 4. mgr. 15. gr. og 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa geyma gögnin, sem um getur í 4. mgr. 15. gr. og í 3. mgr. þessarar greinar og sem skulu ekki gera kleift að staðfesta deili á einstaklingum, í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.

- 7) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal gera framkvæmdastjórninni og aðilunum sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar kleift að fá sérsniðnar skýrslur og tölfraðilegar upplýsingar. Að fenginni beiðni skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa veita aðildarríkjum, framkvæmdastjórninni, Löggæslusamvinnustofnuninni og Landamæra- og strandgæslustofnuninni aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.“

64. gr.

Breytingar á ákvörðun 2004/512/EB

Í stað 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2004/512/EB kemur eftirfarandi:

- „2. Upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal byggjast á miðlægri högun og samanstanda af:
- miðlægu grunnvirki sameiginlega auðkennasafnsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2019/817 (*¹¹),
 - miðlægu upplýsingakerfi, hér á eftir nefnt „miðlæga upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir“ (CS-VIS),
 - skilfleti í hverju aðildarríki, hér á eftir nefndur „landsbundinn skilflötur“ (NI-VIS) sem skal sjá um tengingu við viðeigandi miðlægt landsyfirvald í viðkomandi aðildarríki,
 - fjarskiptavirki milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna,
 - öruggri samskiptaleið milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir,
 - öruggu fjarskiptavirki milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og miðlægs grunnvirki evrópsku leitargáttarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og sameiginlega auðkennasafnsins sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.

65. gr.

Breytingar á ákvörðun 2008/633/DIM

Ákvörðun 2008/633/DIM er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 5. gr.:
- „1a. Í tilvikum þar sem tilnefnd yfirvöld hafa sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu (CIR) í samræmi við 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 (*¹²) og þar sem aðgangsskilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein eru uppfyllt, er þeim heimill uppflettiáðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir ef svarið sem berst, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, sýnir að gögnin séu geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

(*¹²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirki milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjóð. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).“

- 2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 7. gr.:
- „1a. Í tilvikum þar sem Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunin (Europol) [áður Evrópulögreglan] hefur sett af stað leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, og þar sem aðgangsskilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein eru uppfyllt, er henni heimill uppflettiáðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir ef svarið sem berst, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, sýnir að gögnin séu geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.“

X. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

66. gr.

Skýrslugjöf og tölfraðilegar upplýsingar

1. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum sem tengjast evrópsku leitargáttinni, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraðilegra upplýsinga:

fjöldi leitarfyrirspurna á hverja notandalýsingu evrópsku leitargáttarinnar,
fjöldi leitarfyrirspurna í hvorum gagnagrunni Interpol fyrir sig.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

2. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum sem tengjast sameiginlega auðkennasafninu, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraðilegra upplýsinga:

- a) fjölda leitarfyrirspurna í þeim tilgangi sem um getur í 20., 21. og 22. gr.,
- b) ríkisfangi, kyni og fæðingarári einstaklingsins,
- c) tegund ferðaskilríkja og þriggja stafa kóða útgáfulands,
- d) fjölda leitaraðgerða á grundvelli lífkennaupplýsinga og sem ekki eru á grundvelli lífkennaupplýsinga.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

3. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum sem tengjast fjöluauðkennaskynjaranum, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraðilegra upplýsinga:

- a) fjölda leitaraðgerða á grundvelli lífkennaupplýsinga og sem ekki eru á grundvelli lífkennaupplýsinga,
- b) fjölda tenginga af hverri tegund og hvaða upplýsingakerfi ESB innihalda tengdu gögnin,
- c) hversu lengi gular og rauðar tengingar voru í kerfinu.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

4. Starfsfólk landamæra- og strandgæslustofnunarinnar sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp gögnunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar í þeim tilgangi að framkvæma áhættugreiningar og veikleikamat eins og um getur í 11. og 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 ⁽⁴¹⁾.

5. Starfsfólk Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp gögnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar í þeim tilgangi að framkvæma stefnumiðaðar, þematengdar og aðgerðamiðaðar greiningar eins og um getur í b- og c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794.

6. Í þeim tilgangi sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin sem um getur í þeim málsgreinum í miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu. Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum í miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu en gögnin skulu gera yfirvöldunum sem talin eru upp í 1., 2. og 3. mgr. kleift að fá sérsniðnar skýrslur og tölfraðilegar upplýsingar til að efla skilvirkni landamæraeftirlits, til að aðstoða yfirvöld við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og til að styðja við gagnreynda stefnumótun á sviði fólksflutninga og öryggismála innan Sambandsins.

7. Að fenginni beiðni skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar Evrópustofnun grundvallarmannréttinda til að meta megi áhrif þessarar reglugerðar á grundvallarréttindi.

67. gr.

Umbreytingartímabil vegna notkunar evrópsku leitargáttarinnar

1. Í tvö ár frá þeim degi þegar evrópska leitargáttin hefur starfsemi skulu skyldurnar sem um getur í 2. og 4. mgr. 7. gr. ekki gilda og notkun evrópsku leitargáttarinnar skal vera valkvæð.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framselda gerð í samræmi við 73. gr. til að breyta þessari reglugerð með því að framlengja tímabilið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar einu sinni, um að hámarki eitt ár, þegar mat á framkvæmd evrópsku leitargáttarinnar hefur sýnt að slík framlenging sé nauðsynleg, einkum í ljósi þeirra áhrifa sem það að hefja starfsemi evrópsku leitargáttarinnar myndi hafa á skipulag og lengd landamæraeftirlits.

68. gr.

Umbreytingartímabil vegna ákvæðanna um aðgang að sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.

Ákvæði 22. gr., 60. gr. (8. og 9. liðar), 61. gr. (10. og 11. liðar) og 65. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins hefst, sem um getur í 3. mgr. 72. gr.

69. gr.

Umbreytingartímabil vegna fjölaðkennagreiningar

1. Í eitt ár frá tilkynningu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um að prófuninni á fjölaðkennaskynjaranum, sem um getur í b-lið 4. mgr. 72. gr., sé lokið og áður en rekstur fjölaðkennaskynjarans hefst, skal miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bera ábyrgð á framkvæmd fjölaðkennagreiningar og nota til þess gögnin sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum og Schengen-upplýsingakerfinu. Fjölaðkennagreining skal fara fram á grundvelli lífkennaupplýsinga eingöngu.
2. Sýni leitarfyrirspurn eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum eru eins eða svipaðar skal myndast hvít tenging í samræmi við 33. gr.
Sýni leitarfyrirspurn eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum geta ekki talist svipaðar skal myndast gul tenging í samræmi við 30. gr. og málsmeðferðin sem um getur í 29. gr. skal gilda.
Ef um nokkrar samsvaranir er að ræða skal myndast tenging milli allra gagna sem kalla fram samsvörun.
3. Þegar gul tenging myndast skal fjölaðkennaskynjarinn veita miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins aðgang að auðkennisupplýsingunum sem eru til staðar í hinum mismunandi upplýsingakerfum ESB.
4. Þegar tenging myndast við skráningu í Schengen-upplýsingakerfinu, aðra en skráningu sem er stofnuð skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860, 24. og 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861, eða 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, skal fjölaðkennaskynjarinn veita SIRENE-skrifstofu aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna aðgang að auðkennisupplýsingum sem eru til staðar í hinum mismunandi upplýsingakerfum.
5. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins eða, í tilvikum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, SIRENE-skrifstofa aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna, skal hafa aðgang að gögnunum sem geymd eru í staðfestingarskrá auðkennis og skal leggja mat á hin mismunandi auðkenni og uppfæra tenginguna í samræmi við 31., 32. og 33. gr. og bæta henni við staðfestingarskrá auðkennis.
6. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal ekki senda framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 3. mgr. 71. gr. fyrir en allar gular tengingar hafa verið sannprófaðar handvirkt og staða þeirra uppfærð í grænar, hvítar eða rauðar tengingar.
7. Aðildarríkin skulu aðstoða miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins ef nauðsyn krefur við framkvæmd fjölaðkennagreiningar samkvæmt þessari grein.
8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framselda gerð, í samræmi við 73. gr., í því skyni að breyta þessari reglugerð með því að framlengja tímabilið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar um sex mánuði, sem má endurnýja tvisvar um sex mánuði í senn. Aðeins skal veita slíka framlengingu í kjölfar mats á áætluðum lokum fjölaðkennagreiningar samkvæmt þessari grein, er sýni fram á að ekki sé unnt að ljúka fjölaðkennagreiningu fyrir lok eftirstandandi tímabils, annaðhvort skv. 1. mgr. þessarar greinar eða yfirstandandi framlengingar, af ástæðum sem eru óháðar miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, og að ekki sé unnt að beita ráðstöfunum til úrbóta. Matið skal fara fram eigi síðar en þrem mánuðum fyrir lok slíks tímabils eða yfirstandandi framlengingar.

70. gr.

Kostnaður

1. Kostnaður í tengslum við stofnun og rekstur evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins og fjölaðkennaskynjarans skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.
2. Kostnaður í tengslum við samþættingu landsbundnu grunnvirkjanna sem fyrir eru og tengingu þeirra við samræmdu landsbundnu skilfletina, sem og í tengslum við hýsingu samræmdu landsbundnu skilflatanna, skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.

Eftirfarandi kostnaður skal undanskilinn:

- a) skrifstofa verkefnastjórnunar í aðildarríkjunum (fundir, vinnuferðir, skrifstofur),
 - b) hýsing landsbundinna upplýsingatæknikerfa (rými, framkvæmd, rafmagn, kæling),
 - c) rekstur landsbundinna upplýsingatæknikerfa (samningar við rekstraraðila og þjónustusamningar),
 - d) hönnun, þróun, framkvæmd, rekstur og viðhald landsbundinna fjarskiptaneta.
3. Án þess það hafi áhrif á frekari fjármögnun í þessum tilgangi eftir öðrum leiðum sem heyra undir fjárlög Sambandsins skal fjárhæð sem nemur 32 077 000 evrum úthlutað af 791 000 000 evra fjárhagsrammanum skv. b-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 515/2014 til að standa undir kostnaðinum við framkvæmd þessarar reglugerðar eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. Af fjárhagsrammanum sem um getur í 3. mgr. skal úthluta 22 861 000 evrum til Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, 9 072 000 evrum skal úthlutað til Löggæslusamvinnustofnunarinnar og 144 000 evrum skal úthlutað til Samtaka evrópskra lögreglumenntastofnana (CEPOL) til að styðja þessar stofnanir við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð. Slík fjármögnun skal vera undir óbeinni stjórnun.

5. Viðkomandi tilnefningaraðildarríki skulu bera þann kostnað sem tilnefnd yfirvöld þeirra stofna til. Hvert aðildarríki fyrir sig skal bera kostnaðinn af því að tengja hvert tilnefnt yfirvald við sameiginlega auðkennasafnið. Löggæslusamvinnustofnunin skal bera þann kostnað sem hún stofnar til, þ.m.t. kostnaðinn við að tengjast sameiginlega auðkennasafninu.

71. gr.

Tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um yfirvöldin sem um getur í 7., 20., 21. og 26. gr. og sem er heimilt að nota eða hafa aðgang að evrópsku leitargáttinni, sameiginlega auðkennasafninu og fjöluauðkennaskynjaranum eftir því sem við á.

Birta skal heildarskrá yfir þessi yfirvöld í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar hver samvirknieining hefur starfsemi í samræmi við 72. gr. Þegar breytingar eru gerðar á skránni skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa birta uppfærða heildarskrá einu sinni á ári.

2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar prófununum, sem um getur í b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr., b-lið 4. mgr., b-lið 5. mgr., og b-lið 6. mgr. 72. gr. hefur verið lokið með fullnægjandi hætti.

3. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um í 69. gr. er lokið með fullnægjandi hætti.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma upplýsingunum, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr., á framfæri við aðildarríkin og almenning með opinberu vefsetri sem stöðugt er uppfært.

72. gr.

Upphaf starfseminnar

1. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag evrópska leitargáttin er tekin í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- ráðstafanirnar, sem um getur í 8. gr. (2. mgr.), 9. gr. (7. mgr.) og 43. gr. (5. mgr.) hafa verið samþykktar,
- Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á evrópsku leitargáttinni, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins sem heimilt er að nota evrópsku leitargáttina, hafi heppnast vel,
- Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og laga-
legar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær.

Evrópska leitargáttin skal aðeins leita í gagnagrunnum Interpol þegar tæknilegar ráðstafanir hafa gert kleift að fara að ákvæðum 5. mgr. 9. gr. Ef ómögulegt reynist, af einhverjum ástæðum, að fara að ákvæðum 5. mgr. 9. gr. skal það leiða til þess að evrópska leitargáttin leiti ekki í gagnagrunnum Interpol en það skal ekki seinka því að starfsemi evrópsku leitargáttarinnar hefjist.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

1a. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal evrópska leitargáttin hefja starfsemi – sem takmarkast við sjálfvirka vinnslu samkvæmt 9a. og 22b. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 – frá og með þeim degi sem upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) hefur starfsemi í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1134.

1b. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal evrópska leitargáttin hefja starfsemi – að því er varðar sjálfvirkar sannanir samkvæmt 20. gr., 23. gr., c-lið (ii) 6. mgr. 24. gr., 41. gr. og b-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 – þegar skilyrðum 88. gr. þeirrar reglugerðar hefur verið fullnægt.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag sameiginlega lífkennamatunarkerfíð er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 43. gr. hafa verið samþykktar,

- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sameiginlega lífkennamátunarkerfinu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 13. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófuninni sem um getur í b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag sameiginlega auðkennasafnið er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 43. gr. og 10. mgr. 78. gr. hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sameiginlega auðkennasafninu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 18. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófuninni sem um getur í b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag fjölaufkennaskynjarinn er tekinn í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 28. gr. (5. og 7. mgr.), 32. gr. (5. mgr.), 33. gr. (6. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 49. gr. (6. mgr.), hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á fjölaufkennaskynjaranum, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna og miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 34. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins hefur sent framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 3. mgr. 71. gr.,
- e) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófununum sem um getur í b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

5. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerðum hvaða dag hefja skuli notkun á sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum um gæði gagna þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 4. mgr. 37. gr., hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum fyrir gögn, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

6. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 39. gr. og 5. mgr. 43. gr. hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,

- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 39. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður prófananna sem framkvæmdar eru í samræmi við b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr., b-lið 4. mgr., b-lið 5. mgr. og b-lið 6. mgr.

8. Aðildarríkin, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu hefja notkun á samvirknieiningunum frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1., 2., 3. og 4. mgr. eftir því sem við á.

73. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 67. gr. (2. mgr.) og 69. gr. (8. mgr.), í fimm ár frá 11. júní 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 67. gr. (2. mgr.) og 69. gr. (8. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 67. gr. (2. mgr.) og 69. gr. (8. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

74. gr.

Nefndarmedferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdagerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

75. gr.

Ráðgjafarhópur

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal koma á fót ráðgjafarhóp um samvirkni. Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. 54. gr. gilda meðan á hönnunar- og þróunaráfanga samvirknieininganna stendur.

76. gr.

Þjálfun

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal hafa með höndum verkefni tengd því að veita þjálfun í tæknilegri notkun samvirknieininganna í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1726.

Yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins skulu sjá starfsfólki sínu, sem hefur heimild til að nota samvirknieiningarnar við vinnslu gagna, fyrir viðeigandi þjálfunaráætlunum að því er varðar gagnaöryggi, gæði gagna, reglur um persónuvernd, verklagsreglur sem gilda um gagnavinnslu og upplýsingaskyldu skv. 32. gr. (4. mgr.), 33. gr. (4. mgr.) og 47. gr.

Skipuleggja skal sameiginleg þjálfunarnámskeið um þessi viðfangsefni, eftir því sem við á, á vettvangi Sambandsins til að efla samvinnu og miðlun bestu starfsvenja á milli starfsfólks yfirvalda aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem hafa heimild til að nota samvirknieiningarnar við vinnslu gagna. Huga skal sérstaklega að ferlinu við fjölaufkönnagreiningu, þ.m.t. handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna og meðfylgjandi þörf á viðeigandi verndarráðstöfunum varðandi grundvallarréttindi.

77. gr.

Hagnýt handbók

Framkvæmdastjórnin skal, í nánú samstarfi við aðildarríkin, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og aðrar viðeigandi fagstofnanir Sambandsins, setja fram hagnýta handbók um framkvæmd og stjórnun samvirknieininganna. Handbókin skal innihalda viðmiðunarreglur um tækni og verklag, tilmæli og bestu starfsvenjur. Framkvæmdastjórnin skal samþykka hagnýtu handbókina í formi tilmæla.

78. gr.

Eftirlit og mat

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal sjá til þess að verklagsreglur séu fyrir hendi til að hafa eftirlit með þróun samvirknieininganna og tengingu þeirra við samræmda landsbundna skilflötinn með tilliti til markmiða í tengslum við skipulagningu og kostnað og til að hafa eftirlit með starfsemi samvirknieininganna með tilliti til markmiða í tengslum við tæknileg afköst, kostnaðarhagkvæmni, öryggi og gæði þjónustu.
2. Eigi síðar en 12. desember 2019, og á sex mánaða fresti eftir það meðan á þróunaráfanga samvirknieininganna stendur, skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um stöðu mála varðandi þróun samvirknieininganna og tengingu þeirra við samræmda landsbundna skilflötinn. Þegar þróuninni er lokið skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem útskýrt er ítarlega hvernig markmiðunum var náð, einkum þeim sem tengjast skipulagi og kostnaði, og hvers konar frávik rökstudd.
3. Fjórum árum eftir að hver samvirknieining er tekin í notkun í samræmi við 72. gr. og á fjögurra ára fresti eftir það skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um það hvernig samvirknieiningarnar hafa reynst tæknilega séð, þ.m.t. öryggi þeirra.
4. Að auki skal framkvæmdastjórnin, einu ári eftir hverja skýrslu frá Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, láta fara fram heildarmat á samvirknieiningunum sem felur í sér:
 - a) mat á beitingu þessarar reglugerðar,
 - b) athugun á árangri sem hefur náðst varðandi markmið þessarar reglugerðar og áhrif hennar á grundvallarréttindi, þ.m.t. einkum mat á áhrifum samvirknieininganna á réttinn til banns við mismunun,
 - c) mat á starfsemi vefgáttarinnar, þ.m.t. tölur um notkun vefgáttarinnar og fjölda beiðna sem leyst hefur verið úr,
 - d) mat á því hvort þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar samvirknieiningunum eigi áfram við,
 - e) mat á öryggi samvirknieininganna,
 - f) mat á notkun sameiginlega auðkennasafnsins til staðfestingar á deilum,
 - g) mat á notkun sameiginlega auðkennasafnsins til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði,
 - h) mat á hvers konar afleiðingum, þ.m.t. óhóflegum áhrifum á umferðarflæði á landamærastöðvum og þeim sem hafa áhrif á fjárlög Sambandsins,
 - i) mat á leitinni í gagnagrunnum Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina, þ.m.t. upplýsingar um fjölda samsvarana í gagnagrunnum Interpol og upplýsingar um hvers konar vandamál sem koma upp.

Heildarmatið samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal innihalda öll nauðsynleg tilmæli. Framkvæmdastjórnin skal senda matsskýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda.

5. Eigi síðar en 12. júní 2020 og á hverju ári eftir það, þar til framkvæmdargerðir framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 72. gr., hafa verið samþykktar, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um það hvernig undirbúningi fyrir fulla framkvæmd þessarar reglugerðar miðar. Skýrslan skal einnig innihalda nákvæmar upplýsingar um þann kostnað sem stofnað hefur verið til og upplýsingar um hvers konar áhættu sem gæti haft áhrif á heildarkostnaðinn.

6. Tveimur árum eftir að fjölaðkennaskynjarinn er tekinn í notkun í samræmi við 4. mgr. 72. gr. skal framkvæmdastjórnin láta fara fram athugun á áhrifum fjölaðkennaskynjarans á réttinn til banns við mismunun. Eftir þessa fyrstu skýrslu skal athugun á áhrifum fjölaðkennaskynjarans á réttinn til banns við mismunun vera hluti af athuginni sem um getur í b-lið 4. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stóra upplýsingatæknikerfa og framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrslurnar sem um getur í 3.–6. mgr. Þessar upplýsingar skulu hvorki stofna vinnuaðferðum í hættu né innihalda upplýsingar sem ljóstra upp um heimildarmenn, starfsfólk eða rannsóknir tilnefndra yfirvalda.

8. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stóra upplýsingatæknikerfa skal láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar vegna heildarmatsins sem um getur í 4. mgr.

9. Sérhvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, með hliðsjón af ákvæðum landslaga um birtingu viðkvæmra upplýsinga og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknnum verði stofnað í hættu, taka saman ársskýrslur um skilvirkni aðgangs að gögnum í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, sem innihalda upplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar um:

- a) hver tilgangur uppflettinga er nákvæmlega, þ.m.t. tegundir hryðjuverka eða annarra alvarlegra refsiverða verknaða,
- b) þær gildu ástæður sem gefnar eru fyrir rökstuddum grun um að hinn grunaði, gerandi eða fórnarlamb falli undir reglugerð (ESB) 2017/2226, reglugerð (EB) nr. 767/2008 eða reglugerð (ESB) 2018/1240,
- c) fjölda beiðna um aðgang að sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði,
- d) fjölda og tegund mála sem hafa endað með því að staðfesting deila hefur tekist,
- e) þörfina á og beitingu undantekninga í brýnum tilvikum, að meðtöldum þeim tilvikum þar sem ekki var samþykkt að um brýnt tilvik væri að ræða í sannprófuninni sem miðlæga aðgangsstöðin framkvæmdi eftir á.

Ársskýrslur aðildarríkisins og Löggæslusamvinnustofnunarinnar skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní næsta árs á eftir.

10. Aðildarríkjunum skal séð fyrir tæknilausn til að stjórna aðgangsbeiðnum notenda sem um getur í 22. gr. og auðvelda þeim að safna upplýsingunum, sem taldar eru upp í 7. og 9. mgr. þessarar greinar, í þeim tilgangi að taka saman skýrslur og tölfræðilegar upplýsingar sem um getur í þessum málsgreinum. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem mæla fyrir um forskriftir fyrir tæknilausnina. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 74. gr.

79. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi evrópsku leitargáttina skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1. mgr. 72. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sameiginlega lífkennamátunarkerfið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 2. mgr. 72. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sameiginlega auðkennasafnið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 3. mgr. 72. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi fjölaðkennaskynjarann skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 4. mgr. 72. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn og lágmarksstaðlana um gæði gagna skulu koma til framkvæmda eftir því sem við á frá og með þeim dagsetningum sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 5. mgr. 72. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 6. mgr. 72. gr.

Ákvæði 6., 12., 17., 25., 38., 42., 54., 56., 57., 70., 71., 73., 74., 75., 77. gr. og 78. gr. (1. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá og með 11. júní 2019.

Þessi reglugerð skal koma til framkvæmda með tilliti til evrópska fingrafaragrunnsins frá og með þeim degi sem endurútgáfa reglugerðar (ESB) nr. 603/2013 kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 283, 10.8.2018, bls. 48.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 101, 16.3.2018, bls. 116.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

⁽⁶⁾ Sameiginleg afstaða ráðsins 2005/69/DIM frá 24. janúar 2005 um skipti á tilteknum gögnum við Alþjóðasamband sakamála-lögreglu (Interpol) (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 61).

⁽⁷⁾ Ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM frá 12. júní 2007 um stofnsetningu, rekstur og notkun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) (Stjtið. ESB L 205, 7.8.2007, bls. 63).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, p. 39).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæraegluglurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1860 frá 28. nóvember 2018 um notkun Schengen-upplýsingakerfisins við endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði landamæraeftirlits og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og um breytingu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 14).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (reglugerðin um komu- og brottfararkerfið) (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB C 233, 4.7.2018, bls. 12.

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

- (20) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 frá 16. apríl 2014 um að koma á fót, sem hluta af Sjóðnum fyrir innra öryggi, fjármögnunarleið til fjárstuðnings við ytri landamæri og vegabréfsáritanir og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 574/2007/EB (Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 143).
- (21) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
- (22) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
- (23) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).
- (24) Ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43).
- (25) Ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20).
- (26) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
- (27) Ákvörðun ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31).
- (28) Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 52.
- (29) Ákvörðun ráðsins 2008/146/EB frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópubandalagsins, á samningnum sem Evrópu-sambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 1).
- (30) Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 21.
- (31) Ákvörðun ráðsins 2011/350/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópu-sambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna að því er varðar afnám eftirlits á innri landamærum og um för fólks (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 19).
- (32) Ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) (Stjtið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5).
- (33) Ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008 um uppflettaðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópu-lögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknæði (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 129).
- (34) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).
- (35) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2006/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).
- (36) Rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM frá 13. júní 2002 um evrópsku handtökuskipunina og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 190, 18.7.2002, bls. 1).
- (37) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 frá 26. júní 2013 um stofnun evrópska fingrafargrunnsins „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 604/2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna og um beiðnir löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og Evrópu-lögreglunnar um samanburð á gögnum í evrópska fingrafargrunninum í löggæslutilgangi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingateknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 1).
- (38) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 frá 17. apríl 2019 um að koma á miðlægu kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsíðoma ríkisborgara þriðju lands og ríkisfangslausra einstaklinga (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju lands (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)) til viðbótar við upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa og breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 1).
- (39) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju lands á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).
- (40) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 frá 15. febrúar 2007 um stofnun Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (Stjtið. ESB L 53, 22.2.2007, bls. 1).
- (41) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 frá 14. september 2016 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 863/2007, reglugerð ráðsins (EB) nr. 2007/2004 og ákvörðun ráðsins 2005/267/EB (Stjtið. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 1).

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/818**

frá 20. maí 2019

um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816, með síðari breytingum

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 16. gr. (2. mgr.), 74. gr., 78. gr. (e-lið 2. mgr.), 79. gr. (c-lið 2. mgr.), 82. gr. (d-lið 1. mgr.), 85. gr. (1. mgr.), 87. gr. (a-lið 2. mgr.) og 88. gr. (2. mgr.), með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni frá 6. apríl 2016 undir heitinu „Öflugri og snjallari upplýsingakerfi á sviði landamæra og öryggis“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nauðsyn þess að bæta högun gagnastjórnunar Sambandsins á sviði landamæra- og öryggis. Með orðsendingunni hófst ferli sem miðar að því að ná samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði öryggis, landamæra og stjórnunar fólksflutninga með það að markmiði að leysa úr skipulagslegum vanköntum í tengslum við þessi kerfi sem hamla vinnu landsyfirvalda og tryggja að landamæraverðir, tollyfirvöld, lögreglumenn og dómsyfirvöld hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.
- 2) Í vegvísi sínum um að efla upplýsingaskipti og upplýsingastjórnun, þ.m.t. samvirknilausnir á sviði dóms- og innanríkismála, frá 6. júní 2016 benti ráðið á ýmsar lagalegar, tæknilegar og rekstrartengdar áskoranir í tengslum við samvirkni upplýsingakerfa ESB og kallaði eftir því að leitað yrði lausna.
- 3) Í ályktun sinni frá 6. júlí 2016 um stefnumiðuð forgangsmál vegna vinnuáætlunar framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2017 ⁽³⁾ kallaði Evrópuþingið eftir tillögum til að bæta og þróa fyrirliggjandi upplýsingakerfi ESB, fylla upp í upplýsingaeyður og færast nær samvirkni þeirra, auk tillagna um skyldubundin upplýsingaskipti á vettvangi ESB, ásamt nauðsynlegum persónuverndarverndarráðstöfunum.
- 4) Í niðurstöðum sínum frá 15. desember 2016 kallaði leiðtoga ráðið eftir því að áfram yrði unnið að því að koma á samvirkni upplýsingakerfa og gagnagrunna ESB.
- 5) Í lokaskýrslu sinni frá 11. maí 2017 komst hópur háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri og tæknilega mögulegt að vinna að hagnýtum samvirknilausnum og að samvirkni gæti að jafnaði leitt til rekstrarlegs ávinnings, auk þess sem koma mætti henni á í samræmi við kröfur um persónuvernd.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 16. maí 2017 undir heitinu Sjöunda skýrsla um framvindu í átt að skilvirku og raunverulega öruggu Sambandi setti framkvæmdastjórnin fram, í samræmi við orðsendingu sína frá 6. apríl 2016 og niðurstöður og tilmæli hóps háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni, nýja nálgun á stjórnun gagna vegna landamæra, öryggis og fólksflutninga þar sem stefnt var að því að öll upplýsingakerfi ESB á sviði öryggis, landamæra og stjórnunar fólksflutninga yrðu samvirk, í fullu samræmi við grundvallar-réttindi.
- 7) Í niðurstöðum sínum frá 9. júní 2017 um hvernig vinna eigi að því að bæta upplýsingaskipti og tryggja samvirkni upplýsingakerfa ESB hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að vinna að þeim samvirknilausnum sem viðkomandi hópur háttsettra sérfræðinga lagði til.
- 8) Í niðurstöðum sínum frá 23. júní 2017 lagði leiðtoga ráðið áherslu á nauðsyn þess að bæta samvirkni milli gagnagrunna og hvatti framkvæmdastjórnina til að undirbúa, eins fljótt og unnt er, drög að löggjöf á grundvelli tillagnanna frá hópi háttsettra sérfræðinga um upplýsingakerfi og samvirkni.
- 9) Í því skyni að bæta skilvirkni og árangur eftirlits á ytri landamærunum, stuðla að því að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks og stuðla að fyllsta öryggi innan svæðis frelsis, öryggis og réttlætis í Sambandinu, þ.m.t. viðhalda almannaoöryggi og allsherjarreglu og standa vörð um öryggi á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum, aðstoða við

meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, greiða fyrir því að unnt sé að staðfesta deili á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar, í þeim tilgangi að viðhalda trausti almennings á kerfi Sambandsins á sviði fólksflutninga og verndarmála, öryggisráðstöfunum Sambandsins og getu þess til að stjórna ytri landamærunum, ætti að koma á samvirkni milli upplýsingakerfa ESB, þ.e. komu- og brottfararkerfisins (EES), upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfisins), evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) og upplýsingakerfis evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins) til þess að þessi upplýsingakerfi ESB og gögn þeirra geti komið hverju öðru til fyllingar, jafnframt því að grundvallarréttindi einstaklinga eru virt, einkum rétturinn til verndar persónu-upplýsingum. Til að ná þessu markmiði ætti að fót evrópskri leitargátt (ESP), sameiginlegu lífkennamátunarkerfi (e. shared BMS), sameiginlegu auðkennasafni (CIR) og fjölaufkennaskynjara (e. multiple-identity detector (MID)) sem samvirknieiningum.

- 10) Samvirkni milli upplýsingakerfa ESB ætti að gera þessum kerfum kleift að koma hvert öðru til fyllingar til þess að greiða fyrir réttari staðfestingu deila á einstaklingum, m.a. óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar, leggja af mörkum til baráttunnar gegn auðkennasvikum, bæta og samræma kröfur um gæði gagna í viðkomandi upplýsingakerfum ESB, greiða fyrir tæknilegri og rekstrarlegri framkvæmd aðildarríkjana á upplýsingakerfum ESB, efla verndarráðstafanir vegna gagnaöryggis og persónuverndar sem gilda um viðkomandi upplýsingakerfi ESB, einfalda aðgang að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði og styðja við tilgang komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.
- 11) Samvirknieiningarnar ættu að taka til komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. Þær ættu einnig að ná til gagna Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunarinnar (Europol)) en þó aðeins að því marki að hægt sé að leita samtímis í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og í þessum upplýsingakerfum ESB.
- 12) Samvirknieiningarnar ættu að vinna persónuupplýsingar þeirra einstaklinga sem unnið er með persónuupplýsingar frá í undirliggjandi upplýsingakerfum ESB og hjá Löggæslusamvinnustofnuninni.
- 13) Koma ætti á fót evrópsku leitargáttinni til að greiða tæknilega fyrir hröðum, snurðulausum, skilvirkum, kerfisbundnum og stýrðum aðgangi yfirvalda aðildarríkja og fagstofnana Sambandsins að upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamála-lögreglu (Interpol) í samræmi við aðgangsrétt þeirra, að svo miklu leyti sem þörf er á til að þau geti sinnt verkefnum sínum. Einnig ætti að koma evrópsku leitargáttinni á fót til að styðja við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins og gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar. Með því að gera kleift að leita samhliða í öllum viðeigandi upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunar og gagnagrunnum Interpol ætti evrópska leitargáttin að virka sem einn gluggi eða „skilaboðamiðlari“ til að leita í hinum ýmsu miðlægu kerfum og fá nauðsynlegar upplýsingar hnökralaust og í fullu samræmi við kröfur undirliggjandi kerfa um aðgangsstýringu og persónuvernd.
- 14) Hönnun evrópsku leitargáttarinnar ætti að tryggja að við leit í gagnagrunnum Interpol sé gögnum, sem notandi gáttarinnar notar í leitarfyrirspurn sinni, ekki deilt með eigendum gagna Interpol. Hönnun evrópsku leitargáttarinnar ætti einnig að tryggja að leit í gagnagrunnum Interpol fari einungis fram í samræmi við gildandi lög Sambandsins og landslög.
- 15) Þeir notendur evrópsku leitargáttarinnar, sem hafa aðgang að gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ⁽⁴⁾, ættu að geta leitað í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar á sama tíma og í þeim upplýsingakerfum ESB sem þeir hafa aðgang að. Öll frekari gagnavinnsla í kjölfar slíkrar leitar ætti að fara fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794, þ.m.t. takmarkanir á aðgangi eða notkun sem gagnaveitandinn setur.
- 16) Þróa ætti evrópsku leitargáttina og stilla þannig að hún heimili aðeins leitarfyrirspurnir á grundvelli gagna er tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum sem er að finna í upplýsingakerfi ESB, í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar eða í gagnagrunnum Interpol.

- 17) Til að tryggja kerfisbundna notkun viðeigandi upplýsingakerfa ESB ætti að nota evrópsku leitargáttina til að leita í sameiginlega auðkennasafninu, komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu. Þó ætti að viðhalda landsbundinni tengingu við hin mismunandi upplýsingakerfi ESB til þess að fyrir hendi sé tæknileg varaleið. Einnig ættu fagstofnanir Sambandsins að nota evrópsku leitargáttina til að leita í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við aðgangsrétt sinn og til þess að þær geti sinnt verkefnum sínum. Evrópska leitargáttin ætti að vera viðbótarleið til að leita í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol og koma til viðbótar fyrirleggjandi leitar-skilflötum.
- 18) Lífkennaupplýsingar, t.d. fingraför og andlitsmyndir, eru einkvæmar upplýsingar og því mun áreiðanlegri til að staðfesta deili á einstaklingi en alstafagögn. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið ætti að vera tæknilegt tól til að efla og auðvelda starf viðeigandi upplýsingakerfa ESB og hinna samvirknieininganna. Megintilgangur sameiginlega lífkennamátunarkerfisins ætti að vera sá að auðvelda staðfestingu deila á einstaklingi sem er skráður í nokkra gagnagrunna með því að nota einn tæknilegan þátt í stað nokkurra til að máta saman lífkenni einstaklingsins í mismunandi kerfum. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið ætti að stuðla að öryggi, auk þess að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning og ávinning í tengslum við viðhald og rekstur. Öll sjálfvirk fingrafaragreiningerfi, þ.m.t. þau sem eru nú notuð fyrir evrópska fingrafaragrunnin, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og Schengen-upplýsingakerfið, nota lífkennasniðmát (e. biometric templates) sem samanstanda af gögnum sem eru leidd af útdrætti þátta úr raunverulegum lífkennasýnum. Í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu ætti að endurflokka og geyma á einum stað öll þessi lífkennasniðmát, aðskilin á rökrænan hátt eftir því frá hvaða upplýsingakerfi gögnin komu, og auðvelda þannig samanburð á milli kerfa með því að nota lífkennasniðmát og gera það kleift að nýta stærðarhagkvæmni við þróun og viðhald miðlægra kerfa ESB.
- 19) Lífkennasniðmátin sem geymd eru í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu ættu að samanstanda af gögnum sem eru leidd af útdregnum þáttum raunverulegra lífkennasýna og fengin þannig að ekki sé hægt að rekja útdrattarferlið til baka. Lífkennasniðmát ættu að vera fengin úr lífkennaupplýsingum en ekki ætti að vera hægt að fá fram þessar sömu lífkennaupplýsingar úr lífkennasniðmátunum. Þar sem lófafaragögn og DNA-snið eru aðeins geymd í Schengen-upplýsingakerfinu og ekki er hægt að nota þau til milligátunar við gögn í öðrum upplýsingakerfum, ætti ekki að geyma DNA-snið eða lífkennasniðmát sem byggjast á lófafaragögnum í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu, í samræmi við meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf.
- 20) Lífkennaupplýsingar teljast vera viðkvæmar persónuupplýsingar. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um grundvöll fyrir og verndarráðstafanir vegna vinnslu slíkra upplýsinga í þeim tilgangi að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingum með einkvæmum hætti.
- 21) Komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópski fingrafaragrunnurinn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið krefjast nákvæmrar staðfestingar deila á þeim einstaklingum sem geymdar eru persónuupplýsingar um í kerfunum. Af þeim sökum ætti sameiginlega auðkennasafnið að greiða fyrir réttari staðfestingu deila á þeim einstaklingum sem eru skráðir í þessi kerfi.
- 22) Persónuupplýsingar sem geymdar eru í þessum upplýsingakerfum ESB kunna að varða sömu einstaklinga en undir mismunandi eða ófullnægjandi auðkennum. Aðildarríkin hafa yfir að ráða skilvirkum leiðum til að staðfesta deili á eigin ríkisborgurum eða skráðum íbúum á yfirráðasvæðum sínum. Samvirkni milli upplýsingakerfa ESB ætti að stuðla að réttari staðfestingu deila á einstaklingum í þessum kerfum. Sameiginlega auðkennasafnið ætti að geyma þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að staðfesta nákvæmari deili á einstaklingum sem eiga persónuupplýsingar í þessum kerfum, þ.m.t. auðkennisupplýsingar þeirra, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar, óháð því hvaða kerfi safnaði upplýsingunum í upphafi. Aðeins þær persónuupplýsingar sem eru algerlega nauðsynlegar til að framkvæma nákvæmt auðkenniseftirlit ætti að geyma í sameiginlega auðkennasafninu. Ekki ætti að geyma persónuupplýsingar, sem eru skráðar í sameiginlega auðkennasafnið, lengur en bráðnauðsynlegt telst samkvæmt tilgangi undirliggjandi kerfa og þeim ætti að eyða sjálfkrafa þegar upplýsingum er eytt í undirliggjandi kerfum í samræmi við rökrænan aðskilnað þeirra.
- 23) Ný vinnsluáðgerð, sem felur í sér geymslu slíkra upplýsinga í sameiginlega auðkennasafninu í stað þess að geyma þær í hverju einstöku kerfi, er nauðsynleg til að auka nákvæmni staðfestingar á deilum með sjálfvirkum samanburði og þörun upplýsinga. Enda þótt auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar séu geymdar í sameiginlega auðkennasafninu ætti það ekki með neinum hætti að koma í veg fyrir vinnslu upplýsinga að því er varðar komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunnin eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið þar sem sameiginlega auðkennasafnið ætti að vera ný sameiginleg eining þessara undirliggjandi kerfa.

- 24) Því er nauðsynlegt að stofna sérstaka gagnaskrá í sameiginlega auðkennasafninu fyrir hvern þann einstakling sem er skráður í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið til að hægt sé að staðfesta rétt deili á fólki á Schengen-svæðinu og til að styðja við fjöluðkennaskynjarann, í þeim tvíþætta tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti ferðamanna, sem ferðast með heiðarlegum ásetningi, og berjast gegn auðkennasvikum. Gagnaskráin ætti að geyma allar auðkennisupplýsingar sem tengjast einstaklingi á einum stað og gera þær aðgengilegar endanlegum notendum með tilskilda heimild.
- 25) Sameiginlega auðkennasafnið ætti þannig að auðvelda og einfalda aðgang yfirvalda, sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, að þeim upplýsingakerfum ESB sem ekki er komið á fót í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka alvarleg afbrot.
- 26) Sameiginlega auðkennasafnið ætti að fela í sér sameiginlega hirslu fyrir auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar einstaklinga sem eru skráðir í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið. Það ætti að vera hluti af tæknilegri högun þessara kerfa og sameiginleg eining þeirra til þess að geyma og leita í auðkennisupplýsingum, ferðaskilríkjaupplýsingum og lífkennaupplýsingum sem unnar eru í þeim.
- 27) Allar skráningar í sameiginlega auðkennasafninu ættu að vera aðskildar á rökrænan hátt þannig að hver skráning sé með sjálfvirkum hætti merkt heiti undirliggjandi kerfis sem á skráninguna. Aðgangsstýringar sameiginlega auðkennasafnsins ættu að nota þessar merkingar til að ákvarða hvort heimila eigi aðgang að skráningunni.
- 28) Þegar lögregluyfirvald í aðildarríki getur ekki staðfest deili á einstaklingi vegna skorts á ferðaskilríkjum eða öðru trúverðugu skjali eða skilríkjum sem sanna hver viðkomandi er eða þegar efasemdir eru um auðkennisupplýsingar sem einstaklingurinn leggur fram, um það hvort ferðaskilríkin eru ósvikin eða um deili á handhafa þeirra eða þegar einstaklingurinn er ófær um eða neitar samvinnu ætti lögregluyfirvaldinu að vera heimilt að leita í sameiginlega auðkennasafninu til þess að staðfesta deili á einstaklingnum. Í þessum tilgangi ættu lögregluyfirvöld að taka fingraför með lífkennaskannatækni fyrir fingraför að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings. Ekki ætti að leyfa slíkar leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að staðfesta deili á börnum undir 12 ára aldri nema það sé barninu fyrir bestu.
- 29) Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklings eða ef leitarfyrirspurn með þeim upplýsingum ber ekki árangur ætti að framkvæma leitina með auðkennisupplýsingum einstaklingsins ásamt ferðaskilríkjaupplýsingum. Ef leitarfyrirspurnin gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu ættu yfirvöld aðildarríkis að hafa aðgang að því til þess að fletta upp auðkennisupplýsingum og ferðaskilríkjaupplýsingum einstaklingsins, án þess að auðkennasafnið gefi vísbendingar um það hvaða upplýsingakerfi ESB upplýsingarnar tilheyra.
- 30) Aðildarríkin ættu að samþykkja landsbundnar löggjafarráðstafanir þar sem tilnefnd eru þau yfirvöld sem eru til þess bær að annast auðkenniseftirlit með því að nota sameiginlega auðkennasafnið og mælt er fyrir um verklag við, skilyrði fyrir og viðmiðanir vegna slíks eftirlits sem fylgja ættu meginreglunni um meðalhóf. Einkum ætti í landslögum að kveða á um heimild til að safna lífkennaupplýsingum við auðkenniseftirlit með einstaklingi sem er staddur hjá starfsmanni þessara yfirvalda.
- 31) Í þessari reglugerð ætti einnig að setja fram nýjan möguleika á einföldun aðgangs að gögnum, öðrum en auðkennisupplýsingum eða ferðaskilríkjaupplýsingum sem er að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða evrópska fingrafaragrunninum, fyrir yfirvöld sem aðildarríki hefur tilnefnt og bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði og fyrir Löggæslusamvinnustofnunina. Slík gögn kunna að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega, refsiverða verknaði í tilteknu máli þar sem gild ástæða er til að ætla að uppfletting í gögnunum muni stuðla að því að hægt verði að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega refsiverða verknaði, einkum þar sem grunur leikur á að upplýsingar um hinn grunaða, gerandann eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu eða evrópska fingrafaragrunninum.
- 32) Fullur aðgangur að gögnum í upplýsingakerfum ESB sem er nauðsynlegur í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega refsiverða verknaði, umfram aðgang að auðkennisupplýsingum eða ferðaskilríkjaupplýsingum í sameiginlega auðkennasafninu, ætti áfram að falla

undir viðeigandi lagagerninga. Tilnefnd yfirvöld, sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega refsiverða verknaði, og Löggæslusamvinnustofnunin vita ekki fyrir fram hvaða upplýsingakerfi ESB búa yfir gögnum um þá einstaklinga sem þau þurfa að spyrjast fyrir um. Þetta leiðir til tafa og óskilvirkni. Af þessum sökum ætti að leyfa endanlegum notanda, með heimild frá tilnefndu yfirvaldi, að sjá í hvaða upplýsingakerfum ESB gögnin, sem svara til leitarniðurstöðunnar, eru skráð. Þannig yrði viðkomandi kerfi merkt í kjölfar sjálfvirkar sannprófunar á því að samsvörun sé fyrir hendi í kerfinu (svokölluð samsvörunarmerking).

- 33) Í þessu samhengi ætti ekki að túlka eða nota svar frá sameiginlega auðkennasafninu sem grundvöll eða ástæðu til ályktana um einstakling eða til að grípa til ráðstafana varðandi hann heldur ætti einungis að nota það í þeim tilgangi að leggja fram aðgangsbeyðni til undirliggjandi upplýsingakerfa ESB samkvæmt þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum sem stýra slíkum aðgangi. Slík aðgangsbeyðni ætti að vera með fyrirvara um VII. kafla þessarar reglugerðar og, eftir því sem við á, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁵⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽⁶⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁷⁾.
- 34) Almenna reglan er sú að þegar samsvörunarmerki gefur til kynna að gögnin séu skráð í evrópska fingrafara-grunninn ættu tilnefnd yfirvöld eða Löggæslusamvinnustofnunin að fara fram á fullan aðgang að a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa ESB sem málið varðar. Í sérstökum undantekningartilvikum þegar ekki er farið fram á slíkan fullan aðgang, t.d. vegna þess að tilnefnd yfirvöld eða Löggæslusamvinnustofnunin hafa þegar aflað gagnanna eftir öðrum leiðum eða ekki er lengur heimilt að afla gagnanna samkvæmt landslögum, ætti að skrá rökstuðninginn fyrir því að ekki er farið fram á aðgang.
- 35) Í aðgerðaskrá (e. logs) vegna leitarfyrirspurnar í sameiginlega auðkennasafninu ætti að koma fram tilgangur fyrirspurnanna. Þegar slík leitarfyrirspurn var gerð með því að nota tveggja þrepa nálgunina við uppfléttingu gagna ætti að koma fram í aðgerðaskránum tilvísun til landsbundnu skrárinnar fyrir rannsóknina eða málið og þar með væri gefið til kynna að leitarfyrirspurnin hafi verið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
- 36) Leitarfyrirspurn, sem tilnefnd yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin framkvæma í sameiginlega auðkennasafninu til þess að afla samsvörunarmerkis sem gefur til kynna að gögnin séu skráð í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið eða evrópska fingrafara-grunninn, krefst sjálfvirkrar vinnslu persónuupplýsinga. Samsvörunarmerki ætti ekki að sýna persónuupplýsingar viðkomandi einstaklings aðrar en vísbendingu um að einhverjar upplýsingar um hann séu geymdar í einu af kerfunum. Endanlegur notandi með tilskilda heimild ætti ekki að taka ákvörðun sem er viðkomandi einstaklingi í óhag á þeim grundvelli einum að fram hafi komið samsvörunarmerki. Aðgangur endanlegs notanda að samsvörunarmerki mun því fela í sér afar takmarkaða skerðingu á réttinum til verndar persónuupplýsingum viðkomandi einstaklings en gera tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni kleift að fara fram á aðgang að persónuupplýsingum með skilvirkari hætti.
- 37) Koma ætti á fót fjölaufkennaskynjaranum til að styðja við starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins og markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafara-grunnins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. Öll þessi upplýsingakerfi ESB krefjast nákvæmrar staðfestingar á deilum einstaklinga sem eiga persónuupplýsingar í kerfunum til þess geta náð markmiðum sínum með skilvirkum hætti, hvert um sig.
- 38) Til þess að ná betur markmiðum upplýsingakerfa ESB ættu yfirvöldin, sem nota þessi kerfi, að geta framkvæmt nægilega áreiðanlegar sannprófanir á auðkennum þeirra einstaklinga sem eiga persónuupplýsingar í mismunandi kerfum. Auðkennis- eða ferðaskilríkjaupplýsingar, sem eru geymdar í tilteknu kerfi, geta verið rangar, ófullnægjandi eða sviksamlegar og engin leið er, eins og er, til að greina rangar, ófullnægjandi eða sviksamlegar auðkennisupplýsingar eða ferðaskilríkjaupplýsingar með því að bera þær saman við upplýsingar sem eru geymdar í öðru kerfi. Til að ráða bót á þessu er nauðsynlegt að hafa tæknilega leið á vettvangi Sambandsins sem gerir það mögulegt að staðfesta nákvæmlega deili á einstaklingum í þessum tilgangi.
- 39) Fjölaufkennaskynjarinn ætti að mynda og geyma tengingar milli gagna í hinum mismunandi upplýsingakerfum ESB til þess að greina margföld auðkenni, í þeim tvíþætta tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti með ferðamönnum sem ferðast með heiðarlegum ásetningi og berjast gegn auðkennasvikum. Í fjölaufkennaskynjaranum ættu aðeins að vera tengingar milli upplýsinga um einstaklinga sem eru í fleiri en einu upplýsingakerfi ESB. Tengdu gögnin ættu að einskorðast við gögn sem eru nauðsynleg til að sannprófa að einstaklingur sé skráður með réttmætum eða óréttmætum hætti undir mismunandi auðkennum í mismunandi kerfum eða til að útskýra að tveir einstaklingar með svipaðar auðkennisupplýsingar séu e.t.v. ekki sami einstaklingurinn. Gagnavinnslu í gegnum evrópsku leitargáttina og sameiginlega lífkenna-

mátunarkerfið til þess að tengja saman gagnaskrár í mismunandi kerfum ætti að halda í algeru lágmarki og hún því takmarkast við fjölaufkönnagreiðinguna, sem skal fara fram þegar nýjum gögnum er bætt við eitt þeirra kerfa sem geymir gögn í sameiginlega auðkennasafninu, eða við Schengen-upplýsingakerfið. Fjölaufkönnaskynjarinn ætti að fela í sér verndarráðstafanir gagnvart hugsanlegri mismunun einstaklinga með margföld lögmæt auðkenni og óhagstæðum ákvörðunum varðandi þá.

- 40) Í þessari reglugerð er kveðið á um nýjar gagnavinnsluáðgerðir sem miða að því að staðfesta rétt deili á viðkomandi einstaklingum. Í þessu felst skerðing á grundvallarréttindum þeirra eins og þau eru varin skv. 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar sem skilvirk framkvæmd upplýsingakerfa ESB veltur á rétttri staðfestingu deila á viðkomandi einstaklingum er slík skerðing réttlætt með sömu markmiðum og liggja að baki hverju þessara kerfa, skilvirkri stjórnun landamæra Sambandsins, innra öryggi Sambandsins og skilvirkri framkvæmd stefna Sambandsins á sviði verndarmála og vegabréfsáritana.
- 41) Evrópska leitargáttin og sameiginlega lífkennamátunarkerfið ættu að bera saman gögn um einstaklinga í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu þegar landsyfirvald eða fagstofnun Sambandsins stofnar eða hleður upp nýjum skráningum. Slíkur samanburður ætti að vera sjálfvirkur. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að nota sameiginlega lífkennamátunarkerfið til þess að greina mögulegar tengingar á grundvelli lífkennaupplýsinga. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að nota evrópsku leitargáttina til þess að greina mögulegar tengingar á grundvelli alstafagagna. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að vera fær um að greina sömu eða svipuð gögn um einstakling sem geymd er í nokkrum kerfum. Þegar sú er raunin ætti að koma á tengingu sem gefur til kynna að um sama einstakling sé að ræða. Sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið ættu að vera stillt þannig að þau greini minni háttar umritun eða stafsetningarvillur þannig að ekki leiði til óréttmætra hindrana fyrir viðkomandi einstakling.
- 42) Landsyfirvaldið eða fagstofnun Sambandsins sem skráði gögnin í viðkomandi upplýsingakerfi ESB ætti að staðfesta tengingarnar eða breyta þeim. Landsyfirvaldið eða fagstofnunin ætti að hafa aðgang að gögnum sem eru geymd í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og í fjölaufkönnaskynjaranum í þeim tilgangi að sannprófa handvirkt hvort um mismunandi auðkenni sé að ræða.
- 43) Það yfirvald, sem skapaði eða uppfærði gögnin sem kölluðu fram samsvörunina sem leiddi til tengingar við gögn geymd í öðru upplýsingakerfi ESB, ætti að tryggja að fram fari handvirk sannprófun mismunandi auðkenna. Yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna ætti að meta hvort fyrir liggja margföld auðkenni sem vísa til sama einstaklings með réttmætum eða óréttmætum hætti. Matið ætti, ef mögulegt er, að fara fram í viðurvist viðkomandi einstaklings og, ef nauðsyn krefur, með því að fara fram á viðbótarskýringar eða -upplýsingar. Framkvæma ætti matið án tafar í samræmi við lagakröfur um nákvæmni upplýsinga samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum.
- 44) Þegar um er að ræða tengingar í gegnum Schengen-upplýsingakerfið vegna skráninga um einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir með afhendingu eða framsal í huga, týnda einstaklinga eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu, einstaklinga sem leitað er að til að veita liðsinni við dómsmeðferð eða einstaklinga vegna eftirlits í kyrrþey, rannsóknareftirlits eða markviss eftirlits ætti SIRENE-skrifstofa aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna að vera það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Þessar tegundir skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu eru viðkvæmar og þeim ætti ekki endilega að miðla til þeirra yfirvalda sem skapa eða uppfæra gögn sem hafa tengingar við þær í einu af hinum upplýsingakerfum ESB. Myndun tengingar við gögn Schengen-upplýsingakerfisins ætti ekki að hafa áhrif á þær áðgerðir sem grípa á til í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1860 ⁽⁸⁾, (ESB) 2018/1861 ⁽⁹⁾ og (ESB) 2018/1862 ⁽¹⁰⁾.
- 45) Myndun slíkra tenginga krefst gagnsæis gagnvart þeim einstaklingum sem þetta hefur áhrif á. Til þess að auðvelda framkvæmd nauðsynlegra verndarráðstafana í samræmi við gildandi persónuverndarreglur Sambandsins ætti að upplýsa einstaklinga, sem fá rauða eða hvíta tengingu í kjölfar handvirkrar sannprófunar mismunandi auðkenna, skriflega um það, sbr. þó takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að innlendum rannsóknum sé ekki stofnað í hættu. Þessir einstaklingar ættu að fá stakt auðkennisnúmer sem gerir þeim kleift að finna út til hvaða yfirvalds þeir ættu að snúa sér til að neyta réttinda sinna.
- 46) Þegar gul tenging myndast ætti yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna að hafa aðgang að fjölaufkönnaskynjaranum. Ef rauð tenging er fyrir hendi ættu yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins, sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB sem fellur undir sameiginlega auðkennasafnið eða að Schengen-upplýsingakerfinu, að hafa aðgang að fjölaufkönnaskynjaranum. Rauð tenging ætti að gefa til kynna að einstaklingur noti mismunandi auðkenni á óréttmætan hátt eða að einstaklingur noti auðkenni annars einstaklings.

- 47) Ef hvít eða græn tenging er fyrir hendi milli gagna frá tveimur upplýsingakerfum ESB ættu yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins að hafa aðgang að fjölaufkennaskynjaranum ef viðkomandi yfirvald eða stofnun hefur aðgang að báðum upplýsingakerfum. Veita ætti slíkan aðgang í þeim tilgangi einum að gera viðkomandi yfirvaldi eða stofnun kleift að greina möguleg tilvik þar sem gögn hafa verið ranglega tengd eða unnin í fjölaufkennaskynjaranum, sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu í bága við þessa reglugerð, og grípa til aðgerða til að ráða bót á ástandinu og uppfæra tenginguna eða eyða henni.
- 48) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA)) ætti að koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum með gæðum gagna og sameiginlegum gæðavisum fyrir gögn. Hún ætti að bera ábyrgð á þróun miðlægrar eftirlitsgetu með gæðum gagna og á því að leggja reglulega fram gagnagreiningarskýrslur til að bæta eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á upplýsingakerfum ESB. Sameiginlegir gæðavisar fyrir gögn ættu að taka til lágmarksgæðastaðla vegna geymslu gagna í upplýsingakerfum ESB eða samvirknieiningunum. Markmiðið með slíkum gæðastöðlum gagna ætti að vera sjálfvirk greining upplýsingakerfa ESB og samvirknieininganna á því sem virðist vera röng eða ósamræmd framlagning gagna þannig að upprunaaðildarríkið geti sannprófað gögnin og gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.
- 49) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á gæðaskýrslur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og gefa út tilmæli til aðildarríkjanna, eftir því sem við á. Aðildarríkin ættu að bera ábyrgð á undirbúningi aðgerðaáætlunar þar sem lýst er aðgerðum til úrbóta á hvers kyns anmörkum á gæðum gagna og leggja fram skýrslu um framvindu hennar með reglubundnum hætti.
- 50) Nota ætti almenna skilaboðasniðið (UMF) sem staðal fyrir skipulögð upplýsingaskipti yfir landamæri milli upplýsingakerfa, yfirvalda eða stofnana á sviði dóms- og innanríkismála. Í almenna skilaboðasniðinu ætti að skilgreina sameiginlegan orðaforða og röklega skipan fyrir algeng upplýsingaskipti til að greiða fyrir samvirkni með því að gera kleift að semja og lesa efni upplýsingaskiptanna með samkvæmum og merkingarfræðilega jafngildum hætti.
- 51) Taka má til skoðunar að taka upp staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið fyrir upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfið og önnur fyrirliggjandi eða ný upplýsingaskiptalíkon og upplýsingakerfi yfir landamæri á sviði dóms- og innanríkismála sem aðildarríkin hafa þróað.
- 52) Koma ætti á fót miðlægu skýrslu- og tölfraeðisafni (CRRS) til að búa til tölfraeðileg gögn þvert á kerfi og greiningarskýrslur í þágu stefnumótunar, rekstrarmála og gagnagæða í samræmi við viðeigandi lagagering. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að koma miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu á fót, hrinda því í framkvæmd og hýsa það á tæknisvæðum sínum. Safnið ætti að geyma tölfraeðileg gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, frá upplýsingakerfum ESB, sameiginlega auðkennasafninu, fjölaufkennaskynjaranum og sameiginlega lífkennamatunarkerfinu. Ekki ætti að vera mögulegt að staðfesta deili á einstaklingum í gögnum miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnsins. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að aftengja gögnin persónuauðkennum með sjálfvirkum hætti og skrá slík gögn sem hafa verið gerð nafnlaus í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið. Ferlið við að aftengja gögn persónuauðkennum ætti að vera sjálfvirk og starfsfólk stofnunarinnar ætti ekki að hafa beinan aðgang að neinum persónuupplýsingum sem geymdar eru í upplýsingakerfum ESB eða í samvirknieiningunum.
- 53) Reglugerð (ESB) 2016/679 á við um vinnslu landsyfirvalda á persónuupplýsingum í þágu samvirkni samkvæmt þessari reglugerð nema slík vinnsla fari fram af hálfu tilnefndra yfirvalda eða miðlægra aðgangsstöðva aðildarríkjanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
- 54) Þegar vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum í þágu samvirkni samkvæmt þessari reglugerð er innt af hendi af hálfu lögbærra yfirvalda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði gildir tilskipun (ESB) 2016/680.
- 55) Reglugerð (ESB) 2016/679, reglugerð (ESB) 2018/1725 eða, ef við á, tilskipun (ESB) 2016/680 á við um hvers kyns miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa eða alþjóðastofnana samkvæmt þessari reglugerð. Með fyrirvara um ástæður fyrir miðlun skv. V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 eða, ef við á, tilskipun (ESB) 2016/680, ætti því aðeins að viðurkenna eða framfylgja með einhverjum hætti dómi, sem dómstólar kveða upp, eða ákvörðunum stjórnsluyfirvalds í þriðja landi, sem krefjast þess að ábyrgðaraðili eða vinnsluadili miðli persónuupplýsingum eða birti þær, að slíkt byggist á alþjóðasamningi sem er í gildi milli þriðja landsins sem leggur fram beiðni og Sambandsins eða aðildarríkis.
- 56) Sértaeku ákvæðin um persónuvernd í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 ⁽¹⁾ eiga við um vinnslu persónuupplýsinga í þeim kerfum sem falla undir þessar reglugerðir.

- 57) Reglugerð (ESB) 2018/1725 á við um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og annarra meginstofnana og stofnana Sambandsins þegar þær sinna störfum sínum samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó reglugerð (ESB) 2016/794, sem á við um vinnslu Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum.
- 58) Eftirlitsyfirvöldin sem um getur í reglugerð (ESB) 2016/679 eða tilskipun (ESB) 2016/680 ættu að hafa eftirlit með lögmæti vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum. Evrópska persónuverndarstofnunin ætti að hafa eftirlit með starfsemi meginstofnana og stofnana Sambandsins í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Evrópska persónuverndarstofnunin og eftirlitsyfirvöldin ættu að hafa með sér samstarf um eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í samvirknieiningum. Evrópska persónuverndarstofnunin þarf nægileg tilföng, m.a. mannafla og fjármagn, til að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.
- 59) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹²⁾ og hún setti fram álit sitt 16. apríl 2018 ⁽¹³⁾.
- 60) Starfshópurinn skv. 29. gr. um persónuvernd setti fram álit sitt 11. apríl 2018.
- 61) Bæði aðildarríkin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ættu að gera öryggisáætlanir til þess að auðvelda framkvæmd öryggisskuldbindinga og ættu að hafa með sér samstarf til þess að fást við öryggismál. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti einnig að sjá til þess að nýjasta tækniþróun sé stöðugt nýtt til að tryggja heilleika gagna í tengslum við þróun, hönnun og stjórnun samvirknieininganna. Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa í þessu tilliti ættu að fela í sér samþykkt nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang, m.a. starfsfólks utanaðkomandi þjónustuaðila, að persónuupplýsingum sem eru unnar í gegnum samvirknieiningarnar. Þegar aðildarríkin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa gera þjónustusamninga ættu þau að hafa í huga allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum eða reglum er varða vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs eða til að standa vörð um grundvallaröryggishagsmunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1046 ⁽¹⁴⁾ og viðeigandi alþjóðasamningum. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að beita meginreglunum um innbyggða friðhelgi og sjálfgefna friðhelgi við þróun samvirknieininganna.
- 62) Til að styðja við þann tilgang sem liggur að baki tölfraðilegum upplýsingum og skýrslugjöf er nauðsynlegt að veita starfsfólki með tilskilda heimild hjá lögbærum yfirvöldum, meginstofnunum og fagstofnunum Sambandsins sem um getur í þessari reglugerð, aðgang til að fletta upp í tilteknum gögnum sem tengjast tilteknum samvirknieiningum án þess að unnt sé að staðfesta deili á einstaklingum.
- 63) Til þess að gera yfirvöldum aðildarríkja og fagstofnunum Sambandsins kleift að laga sig að nýju kröfunum um notkun evrópsku leitargáttarinnar er nauðsynlegt að gera ráð fyrir umbreytingartímabili. Á sama hátt ætti að koma á umbreytingarráðstöfunum í þágu samfelldrar og bestu mögulegu starfrækslu fjölaðkennaskynjarans frá því að hann er tekinn í notkun.
- 64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fót umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 65) Endurúthluta ætti því sem eftir stendur ónotað af fjárhæðinni sem var eyrnamerkt snjalllandamærum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 ⁽¹⁵⁾ til þessarar reglugerðar skv. b-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 515/2014 til þess að mæta kostnaði við þróun samvirknieininganna.
- 66) Til að bæta við tiltekna ítarlega, tæknilega þætti þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar:
- framlengingu umbreytingartímabilsins vegna notkunar evrópsku leitargáttarinnar,
 - framlengingu umbreytingartímabilsins vegna fjölaðkennagreiningar miðlægu ETIAS-einingarinnar,
 - verklagsreglur við að ákvarða þau tilvik þar sem telja má auðkennisupplýsingar þær sömu eða svipaðar,
 - reglur um starfrækslu miðlæga skýrslu- og tölfraðisafnsins, þ.m.t. sérstakar verndarráðstafanir vegna vinnslu persónuupplýsinga og öryggisreglur sem gilda um safnið, og
 - ítarlegar reglur um starfrækslu vegfáttarinnar.

- Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽¹⁶⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá framkvæmdastjórnin og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 67) Til þess að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarða hvenær evrópska leitargáttin, sameiginlega lífkennamátunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið, fjölaufkennaskynjarinn og miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið verða tekin í notkun.
- 68) Einnig ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í tengslum við samþykkt ítarlegra reglna um: tæknilegar upplýsingar um notendalýsingar evrópsku leitargáttarinnar; forskriftir tæknilausnarinnar sem gerir kleift að senda leitarfyrirspurnir til upplýsingakerfa ESB, gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunna Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina og snið svara úr evrópsku leitargáttinni; tæknireglur um myndun tenginga í fjölaufkennaskynjaranum milli gagna í mismunandi upplýsingakerfum ESB; efni og framsetningu formsins sem notað verður til að tilkynna skráðum aðila um myndun rauðrar tengingar; kröfur um og eftirlit með frammistöðu sameiginlega lífkennamátunarkerfisins; sjálfvirk eftirlitskerfi með gæðum gagna, verklagsreglur og vísa; þróun staðalsins fyrir almenna skilaboðasniðið; samstarfsaðferð sem nota skal ef upp kemur öryggisatvik, og forskriftir tæknilausnar fyrir aðildarríkin til að stjórna aðgangsbæiðnum notenda. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹⁷⁾.
- 69) Þar sem samvirknieiningarnar munu ná til vinnslu umtalsverðs magns viðkvæmra persónuupplýsinga er mikilvægt að einstaklingar, sem eiga þau gögn sem unnin eru í gegnum þessar einingar, geti í reynd neytt réttinda sinna sem skráðir aðilar eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725. Veita ætti skráðu aðilunum aðgang að vefgátt sem auðveldar þeim að neyta réttinda sinna til að fá aðgang að, leiðrétta, eyða og takmarka vinnslu persónuupplýsinga um sig. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að koma slíkri vefgátt á fót og stýra henni.
- 70) Ein af grundvallarreglum persónuverndar er lágmarkun gagna: samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 verður vinnsla persónuupplýsinga að vera nægileg, viðeigandi og takmarkast við það sem nauðsynlegt er miðað við tilganginn með vinnslunni. Af þessum sökum ættu samvirknieiningarnar ekki að gera ráð fyrir geymslu neinna nýrra persónuupplýsinga, að frátöldum tengingunum sem verða geymdar í fjölaufkennaskynjaranum og sem eru í því lágmarki sem hægt er að komast af með að því er þessa reglugerð varðar.
- 71) Reglugerð þessi ætti að innihalda skýr ákvæði um bótaábyrgð og bótarétt vegna ólögmetrar vinnslu persónuupplýsinga og annars athæfis sem samrýmist henni ekki. Slík ákvæði ættu ekki að hafa áhrif á rétt til bóta frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og bótaábyrgð þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að bera ábyrgð á hverju því tjóni sem hún veldur í hlutverki sínu sem gagnavinnsluaðili hafi hún ekki uppfyllt þær skyldur sem þessi reglugerð leggur henni sérstaklega á herðar eða ef hún hefur ekki fylgt lögmetum fyrirmælum aðildarríkisins, sem er gagnavinnsluaðilinn, eða farið gegn þeim.
- 72) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB⁽¹⁸⁾.
- 73) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-réttarreglunum, að því marki sem ákvæði hennar tengjast Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862, ber Danmörku, í samræmi við 4. gr. þeirrar bókunar, að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa, hvort hún verði felld inn í landslög.
- 74) Að því marki sem ákvæði þessarar reglugerðar tengjast Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862 tekur Bretland þátt í henni í samræmi við 1. mgr. 5. gr. bókunar 19 um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB⁽¹⁹⁾. Enn fremur, að því marki sem ákvæði hennar tengjast evrópska fingrafaragrunninum og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, í samræmi við 3. gr. bókunar 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum

um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, hefur Bretland tilkynnt með bréfi dagsettu 18. maí 2018 að það óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar reglugerðar.

- 75) Að því marki sem ákvæði þessarar reglugerðar tengjast Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862 gæti Írland, að meginreglu til, tekið þátt í henni í samræmi við 1. mgr. 5. gr. bókunar 19 um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB ⁽²⁰⁾. Enn fremur, að því marki sem ákvæði hennar tengjast evrópska fingrafaragrunninum og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og án þess að það hafi áhrif á 4. gr. þeirrar bókunar, tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar. Þar eð ekki er mögulegt, við þessar kringumstæður, að tryggja að reglugerð þessi gildi í heild sinni á Írlandi, eins og kveðið er á um í 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar, án þess þó að það hafi áhrif á réttindi Írlands skv. bókunum 19 og 21.
- 76) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862, þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ⁽²¹⁾ sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB ⁽²²⁾.
- 77) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862, þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna ⁽²³⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/149/EB ⁽²⁴⁾.
- 78) Að því er Liechtenstein varðar telst þessi reglugerð vera, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu eins og það fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1862, þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi bókunarinnar sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna ⁽²⁵⁾ sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/350/ESB ⁽²⁶⁾.
- 79) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og henni ætti að beita með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 80) Til þess að fella þessa reglugerð í lagarammann sem fyrir er ætti að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 ⁽²⁷⁾ og reglugerðum (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð, ásamt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 ⁽²⁸⁾ er komið á umgjörð til að tryggja samvirkni milli komu- og brottfararkerfisins (EES), upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfisins), evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) og upplýsingakerfis evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins).

2. Umgjörðin skal samanstanda af eftirfarandi samvirknieiningum:

- a) evrópskri leitargátt (ESP),
- b) sameiginlegu lífkennamatunarkerfi (e. shared BMS),
- c) sameiginlegu auðkennasafni (CIR),
- d) fjöluauðkennaskynjara (MID).

3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ákvæði um kröfur um gæði gagna, um almennt skilaboðasnið (UMF), um miðlægt skýrslu- og tölfræðisafn og um skyldur aðildarríkjanna og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa að því er varðar hönnun, þróun og starfrækslu samvirknieininganna.
4. Þessi reglugerð aðlagar einnig verklagsreglur um og skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda og Löggæslusamvinnustofnunarinnar að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
5. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ramma til að sannprófa deili á einstaklingum og til að staðfesta deili á einstaklingum.

2. gr.

Markmið

1. Markmið þessarar reglugerðar með því að tryggja samvirkni eru eftirfarandi:
 - a) að bæta skilvirkni og árangur landamæraeftirlits á ytri landamærum,
 - b) að stuðla að því að koma megi í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks,
 - c) að stuðla að fyllsta öryggi innan svæðis frelsis, öryggis og réttlætis í Sambandinu, þ.m.t. viðhalda almannaöryggi og allsherjarreglu og standa vörð um öryggi á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna,
 - d) að framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum,
 - e) að aðstoða við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd,
 - f) að stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði,
 - g) að greiða fyrir staðfestingu deila á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar.
2. Markmiðunum sem um getur í 1. mgr. skal náð með því að:
 - a) tryggja rétta staðfestingu deila á einstaklingum,
 - b) leggja af mörkum til baráttunnar gegn auðkennasvikum,
 - c) bæta gæði gagna og samræma kröfur um gæði gagna sem vistuð eru í upplýsingakerfum ESB, jafnframt því að virða gagnavinnslukröfur þeirra lagagerninga sem gilda um hvert og eitt kerfi og staðla og meginreglur persónuverndar,
 - d) greiða fyrir og styðja við tæknilega og rekstrarlega framkvæmd aðildarríkjanna á upplýsingakerfum ESB,
 - e) styrkja, einfalda og samræma skilyrði um gagnaöryggi og persónuvernd sem gilda um viðkomandi upplýsingakerfi ESB án þess að það komi niður á sérstakri vernd og verndarráðstöfunum sem tilteknir gagnaflokkar njóta,
 - f) einfalda skilyrði fyrir aðgengi tilnefndra yfirvalda að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum, jafnframt því að tryggja nauðsynleg og hófleg skilyrði fyrir þeim aðgangi,
 - g) styðja við markmið komu- og brottfarakerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfið (SIS) og upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið).
2. Þessi reglugerð gildir einnig um gögn Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunarinnar (Europol)) að því marki að hægt sé að leita samtímis í þeim og í þeim upplýsingakerfum ESB sem um getur í 1. mgr.
3. Þessi reglugerð gildir um einstaklinga sem vinna má persónuupplýsingar um í þeim upplýsingakerfum ESB sem um getur í 1. mgr. og í þeim gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem um getur í 2. mgr.

4. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „ytri landamæri“: ytri landamæri eins og þau eru skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽²⁹⁾,
- 2) „landamæraeftirlit“: landamæraeftirlit eins og það er skilgreint í 11. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 3) „landamærayfirvald“: landamæravörður sem skipaður er í samræmi við landslög til að sinna landamæraeftirliti,
- 4) „eftirlitsyfirvöld“: eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680,
- 5) „sannprófun“: það ferli að bera saman gagnamengi til að sannreyna hvort viðkomandi einstaklingur sé sá sem hann segist vera (eitt gagnamengi borið saman við annað (e. one-to-one check)),
- 6) „staðfesting deila“: það ferli að ákvarða deili á einstaklingi með leit í gagnagrunni, þar sem borið er saman við mörg gagnamengi (eitt gagnamengi borið saman við mörg (e. one-to-many check)),
- 7) „alstafagögn“: gögn sem sett eru fram með bókstöfum, tölustöfum, sérstökum táknum, bilum og greinarmerkjum,
- 8) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 27. gr.,
- 9) „fingrafaraupplýsingar“: fingrafaramyndir og myndir af vettvangsförum sem gera það kleift, vegna þess hversu einstök þau eru og þeirra tilvísunarpunkta sem þar er að finna, að gera nákvæman og óyggjandi samanburð varðandi deili á einstaklingi,
- 10) „andlitsmynd“: stafrænar andlitsmyndir,
- 11) „lífkennaupplýsingar“: fingrafaraupplýsingar eða andlitsmyndir eða hvort tveggja,
- 12) „lífkennasniðmát“: stærðfræðileg framsetning sem fengin er með útdrætti þátta úr lífkennaupplýsingum sem takmörkuð er við þá þætti sem nauðsynlegir eru til að framkvæma staðfestingar á deilum og sannprófanir,
- 13) „ferðaskilríki“: vegabréf eða önnur jafngild skilríki sem heimila handhafa að fara yfir ytri landamæri og setja má vegabréfsáritun í,
- 14) „ferðaskilríkjaupplýsingar“: tegund, númer og útgáfuland ferðaskilríkja, lokadagsetning gildistíma þeirra og þriggja stafa kóði útgáfulands þeirra,
- 15) „upplýsingakerfi ESB“: komu- og brottfararkerfið (EES), upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS), ETIAS-ferðaheimildakerfið (ETIAS), evrópski fingrafaragrunnurinn (Eurodac), Schengen-upplýsingakerfið (SIS) og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið (ECRIS-TCN),
- 16) „gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar“: persónuupplýsingar sem unnar eru af Löggæslusamvinnustofnuninni í þeim tilgangi sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794,
- 17) „gagnagrunnar Interpol“: gagnagrunnur Interpol um stolin og horfin ferðaskilríki (SLTD) og gagnagrunnur Interpol um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (TDAWN),
- 18) „samsvörun“: þegar samsvörun fæst við sjálfvirkan samanburð á persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið eða sem verið er að skrá í upplýsingakerfi eða gagnagrunn,
- 19) „lögregluþyrvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 7. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680,
- 20) „tilnefnd yfirvöld“: tilnefnd yfirvöld aðildarríkja í skilningi 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358, 26. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226, 3. liðar a í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 21. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 ⁽³²⁾,
- 21) „hryðjuverk“: afbrot samkvæmt landslögum sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ⁽³³⁾,
- 22) „alvarlegur refsiverður verknaður“: afbrot sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/584/DIM ⁽³⁴⁾, ef þau varða að hámarki a.m.k. þriggja ára refsivist eða öryggisráðstöfun samkvæmt landslögum,
- 23) „komu- og brottfararkerfið (EES)“: komu- og brottfararkerfið sem komið var á með reglugerð (ESB) 2017/2226,
- 24) „upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS)“: upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 ⁽³⁵⁾,
- 25) „evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið“ eða „ETIAS-ferðaheimildakerfið“: evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið sem komið var á með reglugerð (ESB) 2018/1240,
- 26) „evrópski fingrafaragrunnurinn (Eurodac)“: evrópski fingrafaragrunnurinn sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 ⁽³⁶⁾,
- 27) „Schengen-upplýsingakerfið (SIS)“: Schengen-upplýsingakerfið sem komið var á með reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862,
- 28) „upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)“: miðlægt kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsidóma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, sem komið var á með reglugerð (ESB) 2019/816.

*5. gr.***Bann við mismunun og grundvallarréttindi**

Vinnsla persónuupplýsinga að því er þessa reglugerð varðar skal ekki leiða til þess að einstaklingum sé mismunað á neinn hátt s.s. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungumáls, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, aðildar að þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Við hana skal taka fullt tillit til mannglegrar reisnar, friðhelgi einstaklingsins og grundvallarréttinda, þ.m.t. réttarins til friðhelgi einkalífs og til verndar persónuupplýsingum. Huga skal sérstaklega að börnum, eldra fólki, fötluðu fólki og fólki sem þarfnast alþjóðlegrar verndar. Fyrst og fremst skal hafa það að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu.

II. KAFLI

EVROPSKA LEITARGATTIN*6. gr.***Evrópska leitargáttin**

1. Evrópski leitargátt (e. European search portal (ESP)) er komið á fót í þeim tilgangi að greiða fyrir hröðum, snurðulausum, skilvirkum, kerfisbundnum og stýrðum aðgangi yfirvalda aðildarríkja og fagstofnana Sambandsins að upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaögreglu (Interpol) til að þau geti sinnt verkefnum sínum og í samræmi við aðgangsrétt þeirra og markmið og tilgang komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanirnar, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.
2. Evrópska leitargáttin skal samanstanda af:
 - a) miðlægu grunnvirki, þ.m.t. leitargátt sem gerir kleift að leita samtímis í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, Schengen-upplýsingakerfinu og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sem og í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og í gagnagrunnum Interpol,
 - b) öruggri samskiptaleið milli evrópsku leitargáttarinnar, aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem er heimilt að nota evrópsku leitargáttina,
 - c) öruggu fjarskiptavirki milli evrópsku leitargáttarinnar og komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins, gagna Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunna Interpol, sem og milli evrópsku leitargáttarinnar og miðlægra grunnvirkja sameiginlega auðkennasafnsins og fjölaufkennaskynjarans.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa evrópsku leitargáttina og tryggja tæknilega stjórnun hennar.

*7. gr.***Notkun á evrópsku leitargáttinni**

1. Notkun á evrópsku leitargáttinni skal einskorðast við þau yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB í samræmi við þá lagagerminga sem gilda um þau upplýsingakerfi ESB, að sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkennaskynjaranum í samræmi við þessa reglugerð, að gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 eða að gagnagrunnum Interpol í samræmi við lög Sambandsins eða landslög sem gilda um slíkan aðgang.

Þessum yfirvöldum aðildarríkja og fagstofnunum Sambandsins er aðeins heimilt að nota evrópsku leitargáttina og gögn frá henni í samræmi við þau markmið og í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í lagagermingunum sem gilda um þessi upplýsingakerfi ESB, í reglugerð (ESB) 2016/794 og í þessari reglugerð.

2. Yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins sem um getur í 1. mgr. skulu nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlægum kerfum evrópska fingrafaragrunnsins og upplýsingakerfis evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið), í samræmi við aðgangsrétt sinn eins og um getur í lagagermingunum sem gilda um þessi upplýsingakerfi ESB og í landslögum. Þau skulu einnig nota evrópsku leitargáttina til að leita í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við aðgangsrétt sinn samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20., 21. og 22. gr.

3. Yfirvöldum aðildarríkja sem um getur í 1. mgr. er heimilt að nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum tengdum einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/1862.
4. Kveði lög Sambandsins á um það skulu fagstofnanir Sambandsins sem um getur í 1. mgr. nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu.
5. Yfirvöldum aðildarríkjanna og fagstofnunar Sambandsins, sem um getur í 1. mgr. er heimilt að nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum tengdum einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar í samræmi við aðgangsrétt sinn samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum.

8. gr.

Lýsingar fyrir notendur evrópsku leitargáttarinnar

1. Til að gera kleift að nota evrópsku leitargáttina skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa, í samstarfi við aðildarríkin, búa til lýsingu sem byggist á hverjum flokki notenda evrópsku leitargáttarinnar og á tilgangi leitarfyrirspurna, í samræmi við tækniupplýsingarnar og aðgangsréttinn sem um getur í 2. mgr. Hver lýsing skal, í samræmi við lög Sambandsins og landslög, hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
 - a) þá gagnareiti sem nota skal til leitar,
 - b) þau upplýsingakerfi ESB, gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar og þá gagnagrunna Interpol sem leita á í, sem hægt er að leita í og sem eiga að veita notandanum svar,
 - c) þau tilteknu gögn í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol sem leita má í,
 - d) þá gagnaflokka sem mega koma fram í hverju svari.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina tækniupplýsingar fyrir lýsingarnar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við aðgangsrétt notenda evrópsku leitargáttarinnar samkvæmt þeim lagagæmingum sem gilda um upplýsingakerfi ESB og samkvæmt landslögum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, endurskoða reglulega og a.m.k. einu sinni á ári þær lýsingar sem um getur í 1. mgr. og uppfæra þær ef þörf krefur.

9. gr.

Leitarfyrirspurnir

1. Notendur evrópsku leitargáttarinnar skulu setja af stað leitarfyrirspurn með því að færa inn alstafagögn eða lífkennaupplýsingar í evrópsku leitargáttina. Þegar sett hefur verið af stað leit skal evrópska leitargáttin samtímis leita í komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sameiginlega auðkennasafninu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol á grundvelli þeirra gagna sem notandinn hefur fært inn og í samræmi við notandalýsinguna.
2. Þeir gagnaflokkar sem notaðir eru til að setja af stað leitarfyrirspurn í gegnum evrópsku leitargáttina skulu samsvara þeim gagnaflokkum tengdum einstaklingum eða ferðaskilríkjum sem nota má til að leita í hinum ýmsu upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol í samræmi við þá lagagæminga sem um þá gilda.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, innleiða stýriskjal fyrir skilflöt, sem byggir á almenna skilaboðasniðinu sem um getur í 38. gr., fyrir evrópsku leitargáttina.
4. Þegar notandi evrópsku leitargáttarinnar setur af stað leitarfyrirspurn skulu komu- og brottfarakerfið, ETIAS-ferðaheimildakerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfið, evrópski fingrafaragrunnurinn, ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, sameiginlega auðkennasafnið, fjöluauðkennaskynjarinn, gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnar Interpol svara leitarfyrirspurninni með því að veita þær upplýsingar sem þau búa yfir.

Með fyrirvara um 20. gr. skal koma fram í svari evrópsku leitargáttarinnar hvaða upplýsingakerfi ESB eða gagnagrunni gögnin tilheyra.

Evrópska leitargáttin skal ekki veita upplýsingar varðandi gögn í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol sem notandinn hefur ekki aðgang að samkvæmt gildandi lögum Sambandsins og landslögum.

5. Hvers konar leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Interpol sem gerðar eru í gegnum evrópsku leitargáttina skulu fara fram þannig að engar upplýsingar séu gefnar upp við eiganda Interpol-skráningarinnar.
6. Evrópska leitargáttin skal svara notandanum eins fljótt og gögn liggja fyrir frá einu af upplýsingakerfum ESB, úr gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar eða gagnagrunnum Interpol. Þessi svör skulu einungis innihalda gögn sem notandinn hefur aðgang að samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum.
7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð sem tilgreinir tæknilega útfærslu leitarfyrirspurna evrópsku leitargáttarinnar í upplýsingakerfum ESB, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar og gagnagrunnum Interpol og snið svara úr evrópsku leitargáttinni. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

10. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 40. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í evrópsku leitargáttinni. Aðgerðaskrárnar skulu einkum innihalda eftirfarandi:
 - a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina og þá lýsingu evrópsku leitargáttarinnar (e. ESP profile) sem notuð er,
 - b) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
 - c) þau upplýsingakerfi ESB og gögn Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem leitað er í.
2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota evrópsku leitargáttina. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.
3. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmati gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðarskránnar hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

11. gr.

Varaáðferðir þegar tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina

1. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í evrópsku leitargáttinni skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilkynna notendum evrópsku leitargáttarinnar um það með sjálfvirkum hætti.
2. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í landsbundnu grunnvirki í aðildarríki skal aðildarríkið tilkynna það stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og framkvæmdastjórninni með sjálfvirkum hætti.
3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar og þar til bætt hefur verið úr biluninni í tæknibúnaðinum skal skyldan sem um getur í 2. og 4. mgr. 7. gr. ekki gilda og aðildarríki skulu tengjast upplýsingakerfum ESB og sameiginlega auðkennasafninu beint þegar þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.
4. Ef tæknilega ómögulegt reynist að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleirum af upplýsingakerfum ESB eða í sameiginlega auðkennasafninu vegna bilunar í grunnvirki fagstofnunar Sambandsins skal stofnunin tilkynna það Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og framkvæmdastjórninni með sjálfvirkum hætti.

III. KAFLI

SAMEIGINLEGT LÍFKENNA MÁTUNARKERFI

12. gr.

Sameiginlegt lífkennamátunarkerfi

1. Sameiginlegu lífkennamátunarkerfi (e. shared biometric matching service (shared BMS)) sem geymir lífkennasniðmát sem fengin eru úr lífkennaupplýsingunum sem um getur í 13. gr. og geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og sem gerir kleift að leita á grundvelli lífkennaupplýsinga í nokkrum upplýsingakerfum ESB, er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann og við markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.
2. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið skal samanstanda af:
 - a) miðlægu grunnvirki sem skal koma í stað miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins eftir því sem við á, að því marki að það skal geyma lífkennasniðmát og gera leit á grundvelli lífkennaupplýsinga mögulega,
 - b) öruggu fjarskiptavirki milli sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa sameiginlega lífkennamátunarkerfið og tryggja tæknilega stjórnun þess.

13. gr.

Geymsla lífkennasniðmáta í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu

1. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið skal geyma lífkennasniðmát sem það fær úr eftirfarandi lífkennaupplýsingum:
 - a) gögnum sem um getur í w- og y-lið 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, að undanskildum gögnum um lófaför,
 - b) gögnum sem um getur b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
 - c) gögnum sem um getur í 17. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 19. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 21. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 22. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 23. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 24. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) og 26. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1358.

Lífkennasniðmátin skulu geymd í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu á rökrænt aðskildu formi eftir því frá hvaða upplýsingakerfi ESB gögnin komu.

2. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega lífkennamátunarkerfið setja í hvert lífkennasniðmát tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB þar sem samsvarandi lífkennaupplýsingar eru geymdar og tilvísun til raunverulegu skrána í þessum upplýsingakerfum ESB.
3. Lífkennasniðmát skulu aðeins fara inn í sameiginlega lífkennamátunarkerfið eftir að kerfið hefur framkvæmt sjálfvirka gæðakönnun á þeim lífkennaupplýsingum sem bætt er í eitt af upplýsingakerfum ESB til að ganga úr skugga um að lágmarksstaðall um gæði gagna sé uppfylltur.
4. Geymsla gagnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við gæðastaðlana sem um getur í 2. mgr. 37. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerð, mæla fyrir um kröfur um afköst og hagnýtt fyrirkomulag til að fylgjast með frammistöðu sameiginlega lífkennamátunarkerfisins til að tryggja að skilvirkni lífkenna-leita sé í samræmi við þann hraða sem krafist er við ferli eins og landamæraeftirlit og staðfestingu deila á fólki. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

14. gr.

Leit í lífkennaupplýsingum með sameiginlega lífkennamátunarkerfinu

Til að leita í lífkennaupplýsingum sem geymdar eru í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu skulu sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið notast við lífkennasniðmátin sem geymd eru í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu. Leitarfyrirspurnir á grundvelli lífkennaupplýsinga skulu gerðar í samræmi við þann tilgang sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861, (ESB) 2018/1862, (EU) 2019/816 og (ESB) 2024/1358.

*15. gr.***Varðveisla gagna í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu**

Gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr. 13. gr. skulu aðeins geymd í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu svo lengi sem samsvarandi lífkennaupplýsingar eru geymdar í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu. Gögnunum skal eytt úr sameiginlega lífkennamátunarkerfinu með sjálfvirkum hætti.

*16. gr.***Aðgerðaskrár haldnar**

1. Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir innan sameiginlega lífkennamátunarkerfisins. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- feril myndunar og geymslu á lífkennasniðmátum,
- þau upplýsingakerfi ESB sem leitað er í á grundvelli lífkennasniðmáta sem geymd eru í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu,
- dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- tegund lífkennaupplýsinga sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
- niðurstöður leitarinnar og dagsetning og tímasetning niðurstaðnanna.

2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota sameiginlega lífkennamátunarkerfið. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.

3. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðaskrárná hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

IV. KAFLI**SAMEIGINLEGT AUÐKENNASAFN***17. gr.***Sameiginlegt auðkennasafn**

1. Sameiginlegu auðkennasafni (e. common identity repository (CIR)), þar sem stofnuð er sérstök gagnaskrá fyrir hvern þann einstakling sem er skráður í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið sem hefur að geyma þau gögn sem um getur í 18. gr., er komið á fót í þeim tilgangi að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið í samræmi við 20. gr., að styðja við starfrækslu fjöluauðkennaskynjarans í samræmi við 21. gr. og að greiða fyrir og einfalda tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni aðgang að komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði í samræmi við 22. gr.

2. Sameiginlega auðkennasafnið skal samanstanda af:

- miðlægu grunnvirki sem skal koma í stað miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins eftir því sem við á, að því marki að það skal geyma þau gögn sem um getur í 18. gr.,
- öruggri samskiptaleið milli sameiginlega auðkennasafnsins, aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem er heimilt að nota sameiginlega auðkennasafnið í samræmi við lög Sambandsins og landslög,
- öruggu fjarskiptavirki milli sameiginlega auðkennasafnsins og komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins. sem og við miðlæg grunnvirki evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamátunarkerfisins og fjöluauðkennaskynjarans.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa sameiginlega auðkennasafnið og tryggja tæknilega stjórnun þess.
4. Ef tæknilega ómögulegt reynist, vegna bilunar í sameiginlega auðkennasafninu, að leita í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að staðfesta deili á einstaklingi samkvæmt 20. gr., til að greina margföld auðkenni samkvæmt 21. gr. eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknæði samkvæmt 22. gr., skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa upplýsa notendur sameiginlega auðkennasafnsins um það með sjálfvirkum hætti.
5. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal, í samstarfi við aðildarríkin, innleiða stýriskjal fyrir skilflöt, sem byggir á almenna skilaboðasniðinu sem um getur í 38. gr., fyrir sameiginlega auðkennasafnið.

18. gr.

Gögn í sameiginlega auðkennasafninu

1. Sameiginlega auðkennasafnið skal geyma eftirfarandi gögn, aðskilin á rökrænan hátt eftir því frá hvaða upplýsingakerfi gögnin komu:
 - a) gögnin sem um getur í 17. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 19. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 21. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 22. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 23. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 24. gr. (a- til f-lið og h-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr.) og 26. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1358,
 - b) gögnin sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og eftirfarandi gögn sem talin eru upp í a-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar: kenninafn, eiginnöfn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað (borg og land), ríkisfang eða ríkisföng, kyn, fyrri nöfn ef við á, gervinöfn eða tökuheiti þar sem það á við, sem og upplýsingar um ferðaskilríki, þar sem þær liggja fyrir.
2. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega auðkennasafnið setja tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB sem gögnin tilheyra.
3. Aðgangur yfirvalda að sameiginlega auðkennasafninu skal vera í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þeim lagagæringum sem gilda um upplýsingakerfi ESB og samkvæmt landslögum og í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20., 21. og 22. gr.
4. Fyrir hvert gagnamengi sem um getur í 1. mgr. skal sameiginlega auðkennasafnið setja tilvísun til raunverulegu skrárinnar í þeim upplýsingakerfum ESB sem gögnin tilheyra.
5. Geymsla gagnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við gæðastaðlana sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

19. gr.

Að bæta við og breyta gögnum í og eyða gögnum úr sameiginlega auðkennasafninu

1. Þegar gögnum er bætt við, þeim breytt í eða eytt úr evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skal bætast við gögnin sem um getur í 18. gr. og geymd eru í gagnaskránni í sameiginlega auðkennasafninu, þeim breytt eða þeim eytt til samræmis við það með sjálfvirkum hætti.
2. Þegar hvít eða rauð tenging myndast í fjöluauðkennaskynjaranum í samræmi við 32. eða 33. gr. milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB sem sameiginlega auðkennasafnið tekur til, skal sameiginlega auðkennasafnið bæta nýju gögnunum við gagnaskrá tengdu gagnanna í stað þess að búa til nýja gagnaskrá.

20. gr.

Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til staðfestingar á deilum

1. Lögregluþingvald skal einungis framkvæma leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2. og 5. mgr. í eftirfarandi tilvikum:
 - a) ef lögregluþingvald getur ekki staðfest deili á einstaklingi vegna skorts á ferðaskilríkjum eða öðru trúverðugu skjali eða skilríkjum sem sanna hver viðkomandi er,
 - b) ef efasemdir eru um auðkennisupplýsingar sem einstaklingurinn leggur fram,
 - c) ef efasemdir eru um hvort ferðaskilríkin eða annað trúverðugt skjal eða skilríki, sem einstaklingurinn leggur fram, séu ósvikin,
 - d) ef efasemdir eru um hver handhafi ferðaskilríkjanna eða annars trúverðugs skjals eða skilríkja er eða
 - e) ef einstaklingur er ófær um eða neitar samvinnu.

Slíkar leitarfyrirspurnir eru óheimilar gagnvart börnum undir 12 ára aldri nema það sé barninu fyrir bestu.

2. Ef eitt þeirra tilvika sem upp eru talin í 1. mgr. kemur upp og lögregluþingvaldi hafa verið faldar tilskildar heimildir með landsbundnum löggjafarráðstöfunum, eins og um getur í 5. mgr., getur lögregluþingvaldið, einungis í þeim tilgangi að staðfesta deili á einstaklingi, leitað í sameiginlega auðkennasafninu á grundvelli lífkennaupplýsinga þess einstaklings, sem teknar hafa verið beint við auðkenniseftirlit, að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings.

3. Ef leitin gefur til kynna að gögn um þann einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu skal lögregluþingvaldið hafa aðgang til að fletta upp í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr.

Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklings eða ef leitarfyrirspurn með þeim upplýsingum ber ekki árangur ætti að framkvæma leitina á grundvelli auðkennisupplýsinga einstaklingsins ásamt ferðaskilríkjaupplýsingum eða á grundvelli auðkennisupplýsinga sem sá einstaklingur leggur fram.

4. Hafi lögregluþingvaldi verið faldar tilskildar heimildir með landsbundnum löggjafarráðstöfunum, eins og um getur í 6. mgr., getur það, í kjölfar náttúruhamfara, slyss eða hryðjuverkaárásar og einungis í þeim tilgangi að staðfesta deili á óþekktum einstaklingum sem eru ófærir um að sanna á sér deili eða bera kennsl á óþekktar líkamsleifar, framkvæmt leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu á grundvelli lífkennaupplýsinga þessara einstaklinga.

5. Aðildarríki sem vilja nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 2. mgr. skulu samþykkja landsbundnar löggjafarráðstafanir. Þegar það er gert skulu aðildarríki taka tillit til þess að forðast þarf hvers konar mismunun gagnvart ríkisborgurum þriðja lands. Í slíkum löggjafarráðstöfunum skal tilgreina nákvæmlega tilganginn með staðfestingu deila innan þess ramma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 2. gr. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær lögregluþingvöld og mæla fyrir um verklag við, skilyrði fyrir og viðmið vegna slíks eftirlits.

6. Aðildarríki sem vilja nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 4. mgr. skulu samþykkja landsbundnar löggjafarráðstafanir sem mæla fyrir um verklag, skilyrði og viðmiðanir.

21. gr.

Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til að greina margföld auðkenni

1. Ef leit í sameiginlega auðkennasafninu leiðir til gulrar tengingar í samræmi við 4. mgr. 28. gr. skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr. hafa aðgang, í þeim tilgangi einum að framkvæma sannprófunina, að gögnunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 18. gr., sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og tengd eru með gulri tengingu.

2. Ef leit í sameiginlega auðkennasafninu leiðir til rauðrar tengingar í samræmi við 32. gr. skulu þau yfirvöld sem um getur í 2. mgr. 26. gr. hafa aðgang, í þeim tilgangi einum að berjast gegn auðkennasvikum, að gögnunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 18. gr., sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og tengd eru með rauðri tengingu.

22. gr.

Leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði

1. Í tilteknum málum, þar sem gild ástæða er til að ætla að uppfletting í upplýsingakerfum ESB muni stuðla að því að hægt verði að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega refsiverða verknaði, einkum þar sem grunur leikur á að upplýsingar um hinn grunaða, gerandann eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar sé að finna í evrópska fingrafaragrunninum, er tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni heimilt að fletta upp í sameiginlega auðkennasafninu til að fá upplýsingar um hvort gögn um tiltekinn einstakling sé að finna í evrópska fingrafaragrunninum.

2. Ef svar við leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling sé að finna í evrópska fingrafaragrunninum skal sameiginlega auðkennasafnið svara tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins með tilvísun eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. þar sem fram kemur að evrópski fingrafaragrunnurinn hafi að geyma samsvarandi gögn. Svar sameiginlega auðkennasafnsins skal vera með þeim hætti að öryggi gagnanna sé ekki stofnað í hættu.

Svarið, sem gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling sé að finna í evrópska fingrafaragrunninum, skal aðeins nota í þeim tilgangi að leggja fram beiðni um fullan aðgang, samkvæmt þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í lagagerningnum sem gildir um slíkan aðgang.

Ef um eina eða fleiri samsvaranir er að ræða skal tilnefnt yfirvald eða Löggæslusamvinnustofnunin fara fram á fullan aðgang að a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa þar sem samsvörun fannst.

Í sérstökum undantekningartilvikum þegar ekki er farið fram á slíkan fullan aðgang skulu tilnefndu yfirvöldin skrá rökstuðninginn fyrir því, sem skal vera hægt að rekja til landsbundnu skrárinnar. Löggæslusamvinnustofnunin skal skrá rökstuðninginn í viðeigandi skrá.

3. Fullur aðgangur að gögnum í evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði skal áfram háður þeim skilyrðum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í lagagerningnum sem gildir um slíkan aðgang.

23. gr.

Varðveisla gagna í sameiginlega auðkennasafninu

1. Gögnunum sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. 18. gr. skal eytt úr sameiginlega auðkennasafninu með sjálfvirkum hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2024/1358 og reglugerðar (ESB) 2019/816 um varðveislu gagna.

2. Gagnaskráin skal aðeins geymd í sameiginlega auðkennasafninu svo lengi sem samsvarandi gögn eru geymd í a.m.k. einu þeirra upplýsingakerfa ESB sem á gögn í sameiginlega auðkennasafninu. Myndun tengingar skal ekki hafa áhrif á varðveislutímabil hvers gagnaatriðis hinna tengdu gagna.

24. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2., 3. og 4 mgr. þessarar greinar.

2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir samkvæmt 20. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
- e) niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir samkvæmt 21. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- b) tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- d) þegar tenging myndast, gögnin sem notuð voru til að setja af stað leitarfyrirspurnina og niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar sem gefa til kynna frá hvaða upplýsingakerfi ESB gögnin bárust.

4. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir samkvæmt 22. gr. í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- b) gögnin sem notuð eru til að setja af stað leitarfyrirspurnina,
- c) niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar,
- d) það aðildarríki eða þá fagstofnun Sambandsins sem gerir leitarfyrirspurnina í sameiginlega auðkennasafninu.

Lögbæra eftirlitsyfirvaldið, í samræmi við 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, eða Evrópska persónuverndarstofnunin, í samræmi við 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, skulu sannprófa aðgerðarskrár yfir slíkan aðgang reglulega og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, til að ganga úr skugga um hvort verklagsreglur og skilyrði 1. og 2. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

5. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem yfirvöld þess og starfsfólk þeirra með tilskilda heimild til að nota sameiginlega auðkennasafnið gerir samkvæmt 20., 21. og 22. grein. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem starfsfólk hennar með tilskilda heimild gerir skv. 21. og 22. gr.

Auk þess skal hvert aðildarríki halda aðgerðaskrár um eftirfarandi vegna sérhvers aðgangs að sameiginlega auðkennasafninu skv. 22. gr.:

- a) tilvísunina í landsbundnu skrána,
- b) tilganginn með aðganginum,
- c) einrætt notandaauðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitarfyrirspurnina, í samræmi við reglur landsins.

6. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 skal Löggæslusamvinnustofnunin halda aðgerðaskrár um einrætt notandaauðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitarfyrirspurnina vegna sérhvers aðgangs að sameiginlega auðkennasafninu skv. 22. gr. þessarar reglugerðar.

7. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 2.–6. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðarskránná hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafð, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

8. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal geyma aðgerðaskrár sem varða feril gagnanna í sérstöku gagnaskránum. Stofnunin skal eyða slíkum aðgerðaskráum með sjálfvirkum hætti þegar gögnunum hefur verið eytt.

V. KAFLI

FJÖLAUÐKENNASKYNJARI

25. gr.

Fjölauðkennaskynjari

1. Fjölauðkennaskynjara, sem býr til og geymir staðfestingarskrár auðkenna eins og um getur í 34. gr., inniheldur tengingar milli gagna í þeim upplýsingakerfum ESB sem falla undir sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfinu og gerir kleift að greina margföld auðkenni, í þeim tvöfalda tilgangi að greiða fyrir auðkenniseftirliti og berjast gegn auðkennasvikum, er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins og markmið komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, Schengen-upplýsingakerfisins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

2. Fjölauðkennaskynjarinn skal samanstanda af:

- a) miðlægu grunnvirki sem geymir tengingar og tilvísanir til upplýsingakerfa ESB,
- b) öruggu fjarskiptavirki til að tengja fjölauðkennaskynjarann við Schengen-upplýsingakerfið og miðlægt grunnvirki evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa fjölauðkennaskynjarann og tryggja tæknilega stjórnun hans.

26. gr.

Aðgangur að fjölauðkennaskynjaranum

1. Í þeim tilgangi að framkvæma handvirka sannpröfun mismunandi auðkenna sem um getur í 29. gr. skal aðgangur að þeim gögnum sem um getur í 34. gr. og eru geymd í fjölauðkennaskynjaranum veittur:

- a) SIRENE-skrifstofu aðildarríkisins sem stofnar eða uppfærir skráningu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1862,
- b) miðlægum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem refsíðmur féll þegar þau skrá eða breyta gögnum í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu í samræmi við 5. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
- c) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í II. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- d) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í III. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- e) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- f) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í V. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- g) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VI. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,

- h) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnum sem kveðið er á um í VIII. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins.
2. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins, sem hafa aðgang að a.m.k. einu upplýsingakerfi ESB sem fellur undir sameiginlega auðkennasafnið eða að Schengen-upplýsingakerfinu, skulu hafa aðgang að þeim gögnum sem um getur í a- og b-lið 34. gr. að því er varðar rauðar tengingar sem um getur í 32. gr.
3. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins skulu hafa aðgang að hvítu tengingunum sem um getur í 33. gr. hafi þau aðgang að báðum upplýsingakerfum ESB sem innihalda gögnin sem hvíta tengingin tengir.
4. Yfirvöld aðildarríkja og fagstofnanir Sambandsins skulu hafa aðgang að grænu tengingunum sem um getur í 31. gr. hafi þau aðgang að báðum upplýsingakerfum ESB sem innihalda gögnin sem græna tengingin tengir og leitarfyrirspurn til þessara upplýsingakerfa hefur leitt í ljós samsvörun við þessi tvö tengdu gagnamengi.

27. gr.

Fjölauðkennagreining

1. Fjölauðkennagreining í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu skal fara af stað þegar:
- skráning um einstakling er stofnuð eða uppfærð í Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við VI.–IX. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1862,
 - gagnaskrá er stofnuð eða henni breytt í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu í samræmi við 5. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
 - gagnamengi er sent til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 17., 19., 21., 22., 23., 24. eða 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.
2. Þegar gögn í upplýsingakerfi ESB sem um getur í 1. mgr. innihalda lífkennaupplýsingar skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota sameiginlega lífkennamátunarkerfið til að framkvæma fjölauðkennagreiningu. Sameiginlega lífkennamátunarkerfið skal bera lífkennasniðmát fengin úr nýjum lífkennagögnum saman við lífkennasniðmátin sem þegar er að finna í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu til að sannreyna hvort gögn sem tilheyra sama einstaklingi séu þegar geymd í sameiginlega auðkennasafninu eða miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu.
3. Auk ferlisins sem um getur í 2. mgr. skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem eru geymd í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu annars vegar og sameiginlega auðkennasafninu hins vegar á grundvelli eftirfarandi upplýsinga:
- kenninafna, eiginnafna, nafna við fæðingu, fyrri nafna og tökuheita, fæðingarstaðar, fæðingardags og -árs, kyns og ríkisfangs eins og um getur í 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
 - kenninafns, eiginnafna, fæðingardags og -árs, fæðingarstaðar (borgar og lands), ríkisfangs eða ríkisfangs og kyns eins og um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
 - kenninafns (-nafna), eiginnafns (-nafna), nafns (nafna) við fæðingu, fyrri nafna og tökuheita, fæðingardags og -árs, fæðingarstaðar, ríkisfangs (-fangs) og kyns, eins og um getur í 17., 19., 21., 22., 23., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.
4. Auk ferlisins sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu sameiginlega auðkennasafnið og miðlæga Schengen-upplýsingakerfið nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem eru geymd í miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu annars vegar og sameiginlega auðkennasafninu hins vegar á grundvelli ferðaskilríkjaupplýsinga.
5. Fjölauðkennagreining skal einungis gerð í því skyni að bera gögn í einu upplýsingakerfi ESB saman við gögn í öðrum upplýsingakerfum ESB.

28. gr.

Niðurstöður fjölauðkennagreiningar

- Sýni leitarfyrirspurnirnar sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr. enga samsvörun skulu ferlin sem um getur í 1. mgr. 27. gr. halda áfram í samræmi við þá lagagerninga sem um þau gilda.
- Sýni leitarfyrirspurn, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., eina eða fleiri samsvaranir skulu sameiginlega auðkennasafnið og, ef við á, Schengen-upplýsingakerfið mynda tengingu milli gagnanna sem notuð voru til að setja af stað leitarfyrirspurnina og gagnanna sem kölluðu fram samsvörun.

Ef um nokkrar samsvaranir er að ræða skal myndast tenging milli allra gagna sem kölluðu fram samsvörun. Ef gögnin voru þegar tengd skal víkka tenginguna sem fyrir hendi er þannig að hún nái til gagnanna sem notuð voru til að gera fyrirspurnina.

3. Ef leitarfyrirspurn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., sýnir eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum eru þær sömu eða svipaðar skal myndast hvít tenging í samræmi við 33. gr.
4. Ef leitarfyrirspurn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 27. gr., sýnir eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum geta ekki talist svipaðar skal myndast gul tenging í samræmi við 30. gr. og málsmeðferðin sem um getur í 29. gr. skal gilda.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 69. gr. þar sem mælt er fyrir um aðferðir við að ákvarða í hvaða tilvikum auðkennisupplýsingar geta talist þær sömu eða svipaðar.
6. Tengingarnar skulu geymdar í staðfestingarskrá auðkennis sem um getur í 34. gr.
7. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatekni-kerfa, mæla fyrir um tæknireglur fyrir myndun tenginga milli gagna frá mismunandi upplýsingakerfum ESB með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

29. gr.

Handvirk sannprófun mismunandi auðkenna og ábyrgð yfirvöld

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna vera:
 - a) SIRENE-skrifstofa aðildarríkis vegna samsvarana sem komu fram þegar skráning í Schengen-upplýsingakerfinu var stofnuð eða uppfærð í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1862,
 - b) miðlæg yfirvöld aðildarríkisins þar sem refsíðmur féll vegna samsvarana sem komu fram þegar þau skrá eða breyta gögnum í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu í samræmi við 5. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
 - c) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í II. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
 - d) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í III. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
 - e) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
 - f) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í V. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
 - g) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VI. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
 - h) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VIII. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna.

Fjölauðkennaskynjarinn skal tilgreina í staðfestingarskrá auðkennis hvaða yfirvald ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna.

2. SIRENE-skrifstofan í aðildarríkinu sem stofnaði skráninguna skal vera yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í staðfestingarskrá auðkennis þegar tenging myndast við gögn í skráningu um:

- a) einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir með afhendingu eða framsal í huga sem um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- b) týnda einstaklinga eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu sem um getur í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- c) einstaklinga sem leitað er að til að veita liðsinni við dómsmeðferð sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862,
- d) einstaklinga vegna eftirlits í kyrrþey, rannsóknareftirlits eða markviss eftirlits sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862.

3. Það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna skal hafa aðgang að tengdu gögnunum í viðkomandi staðfestingarskrá auðkennis og að auðkennisupplýsingunum sem eru tengdar í sameiginlega auðkennasafninu og, ef við á, í Schengen-upplýsingakerfinu. Það skal meta hin mismunandi auðkenni án

tafar. Þegar slíku mati er lokið skal það uppfæra tenginguna í samræmi við 31., 32. og 33. gr. og bæta henni við staðfestingarskrá auðkennis án tafar.

4. Ef fleiri en ein tenging myndast skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna meta hverja tengingu sérstaklega.

5. Ef gögn sem sýna samsvörun voru þegar tengd skal það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna taka tillit til tenginganna sem fyrir voru við mat á myndun nýrra tenginga.

30. gr.

Gul tenging

1. Þar sem handvirk sannprófun mismunandi auðkenna hefur ekki enn farið fram skal flokka tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB sem gula í eftirfarandi tilvikum:

- a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar,
- b) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling,
- c) tengdu gögnin innihalda sömu auðkennisupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar,
- d) tengdu gögnin hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar.

2. Ef tenging er flokkuð sem gul í samræmi við 1. mgr. gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 29. gr.

31. gr.

Græn tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem græna ef:

- a) tengdu gögnin hafa mismunandi lífkennaupplýsingar en innihalda sömu auðkennisupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga,
- b) tengdu gögnin hafa mismunandi lífkennaupplýsingar, svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar, innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga,
- c) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar, a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga.

2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og græn tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn tilgreina að auðkennisupplýsingarnar í tengdu gögnunum svari ekki til sama einstaklings.

3. Hafi yfirvald aðildarríkis ástæðu til að ætla að græn tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum, að græn tenging sé úrelt eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum eða upplýsingakerfum ESB í bága við þessa reglugerð skal það athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og, ef þörf krefur, leiðrétta eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum án tafar. Þetta yfirvald aðildarríkis skal upplýsa aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna án tafar.

32. gr.

Rauð tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem rauða í eftirfarandi tilvikum:

- a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á óréttmætan hátt,
- b) tengdu gögnin hafa sömu, svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og sömu ferðaskilríkjaupplýsingar en mismunandi lífkennaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun

mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga og a.m.k. annar þeirra noti sömu ferðaskilríki á óréttmætan hátt,

- c) tengdu gögnin innihalda sömu auðkennisupplýsingar en hafa mismunandi lífkennaupplýsingar og mismunandi eða engar ferðaskilríkjaupplýsingar og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til tveggja mismunandi einstaklinga á óréttmætan hátt,
- d) tengdu gögnin hafa mismunandi auðkennisupplýsingar en innihalda sömu ferðaskilríkjaupplýsingar, a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB inniheldur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling og yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á óréttmætan hátt.

2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og rauð tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn gefa upp þær upplýsingar sem um getur í 34. gr. Eftirfylgni vegna rauðrar tengingar skal fara fram í samræmi við lög Sambandsins og landslög og allar lögfylgjur fyrir viðkomandi einstakling byggjast eingöngu á viðeigandi gögnum um þann einstakling. Það eitt að rauð tenging sé fyrir hendi skal ekki hafa neinar lögfylgjur fyrir viðkomandi einstakling.

3. Þegar rauð tenging myndast milli gagna í komu- og brottfarakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skal gagnaskráin, sem er geymd í sameiginlega auðkennasafninu, uppfærast í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

4. Með fyrirvara um ákvæðin sem tengjast meðhöndlun skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu í reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862 og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknum verði stofnað í hættu skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna upplýsa, þegar rauð tenging myndast, viðkomandi einstakling um að ólögmetar mismunandi auðkennisupplýsingar séu til staðar og láta honum í té staka auðkennisnúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. þessarar reglugerðar, tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34. gr. þessarar reglugerðar og veffang vefgáttarinnar sem komið er á fót í samræmi við 49. gr. þessarar reglugerðar.

5. Upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. skulu veittar skriflega á stöðluðu formi af yfirvaldinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða efni og framsetningu formsins með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

6. Þegar rauð tenging myndast skal fjölaufkennaskynjarinn tilkynna það með sjálfvirkum hætti til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á tengdu gögnunum.

7. Hafi yfirvald aðildarríkis eða fagstofnun Sambandsins sem hefur aðgang að sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu ástæðu til að ætla að rauð tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum, sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu í bága við þessa reglugerð skal það yfirvald eða sú stofnun athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og skal:

- a) ef tengingin tengist einni af skráningunum í Schengen-upplýsingakerfinu sem um getur í 2. mgr. 29. gr., tafarlaust upplýsa viðkomandi SIRENE-skrifstofu þess aðildarríkis sem stofnaði skráninguna í Schengen-upplýsingakerfinu,
- b) í öllum öðrum tilvikum, annaðhvort leiðréttu eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum tafarlaust.

Ef haft er samband við SIRENE-skrifstofu skv. a-lið fyrstu undirgreinar skal hún sannprófa sönnunargögnin sem yfirvald aðildarríkis eða fagstofnun Sambandsins leggur fram og ef við á leiðréttu eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum tafarlaust.

Það yfirvald aðildarríkis sem aflar sönnunargagnanna skal upplýsa það yfirvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna án tafar um sérhverja viðkomandi leiðréttingu eða eyðingu rauðrar tengingar.

33. gr.

Hvít tenging

1. Tengingu milli gagna frá tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB skal flokka sem hvíta í eftirfarandi tilvikum:

- a) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar og sömu eða svipaðar auðkennisupplýsingar,

- b) tengdu gögnin innihalda sömu eða svipaðar auðkennisupplýsingar, sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og a.m.k. eitt af upplýsingakerfum ESB hefur ekki lífkennaupplýsingar um viðkomandi einstakling,
- c) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar, sömu ferðaskilríkjaupplýsingar og svipaðar auðkennisupplýsingar,
- d) tengdu gögnin innihalda sömu lífkennaupplýsingar en hafa svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar og það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna hefur komist að þeirri niðurstöðu að tengdu gögnin vísi til sama einstaklings á réttmætan hátt.

2. Þegar leitað er í sameiginlega auðkennasafninu eða Schengen-upplýsingakerfinu og hvít tenging er fyrir hendi milli gagna í tveimur eða fleiri af upplýsingakerfum ESB skal fjölaufkennaskynjarinn tilgreina að auðkennisupplýsingarnar í tengdu gögnunum svari til sama einstaklings. Þau upplýsingakerfi ESB sem leitað er í skulu svara með því að tilgreina, þar sem við á, öll tengd gögn um einstaklinginn, og framkalla þannig samsvörun við gögnin sem eru tengd með hvítu tengingunni, ef yfirvaldið sem setur af stað leitarfyrirspurnina hefur aðgang að tengdu gögnunum samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

3. Þegar hvít tenging myndast milli gagna í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skal gagnaskráin, sem er geymd í sameiginlega auðkennasafninu, uppfærast í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

4. Með fyrirvara um ákvæðin sem tengjast meðhöndlun skráninga í Schengen-upplýsingakerfinu í reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862 og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknum verði stofnað í hættu skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna upplýsa, þegar hvít tenging myndast, viðkomandi einstakling um að svipaðar eða mismunandi auðkennisupplýsingar séu til staðar og láta honum í té staka auðkennisnúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. þessarar reglugerðar, tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34. gr. þessarar reglugerðar og veffang vefgáttarinnar sem komið er á fót í samræmi við 49. gr. þessarar reglugerðar.

5. Hafi yfirvald aðildarríkis ástæðu til að ætla að hvít tenging hafi verið ranglega skráð í fjölaufkennaskynjaranum, að hvít tenging sé úrelt eða að gögn hafi verið unnin í fjölaufkennaskynjaranum eða upplýsingakerfum ESB í bága við þessa reglugerð skal það athuga viðkomandi gögn í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu og, ef þörf krefur, leiðrétta eða eyða tengingunni úr fjölaufkennaskynjaranum án tafar. Þetta yfirvald aðildarríkis skal upplýsa aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna án tafar.

6. Upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. skulu veittar skriflega á stöðluðu formi af yfirvaldinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða efni og framsetningu formsins með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

34. gr.

Staðfestingarskrá auðkennis

Staðfestingarskrá auðkennis skal innihalda eftirfarandi gögn:

- a) tengingarnar sem um getur í 30.–33. gr.,
- b) tilvísun til þeirra upplýsingakerfa ESB þar sem tengdu gögnin eru geymd,
- c) stakt auðkennisnúmer sem gerir kleift að sækja tengdu gögnin frá tilsvarendi upplýsingakerfum ESB,
- d) það yfirvald sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna,
- e) dagsetninguna þegar tenging myndaðist eða sérhverrar uppfærslu hennar.

35. gr.

Varðveisla gagna í fjölaufkennaskynjaranum

Staðfestingarskrár auðkenna og gögn í þeim, þ.m.t. tengingarnar, skulu aðeins geymd í fjölaufkennaskynjaranum svo lengi sem tengdu gögnin eru geymd í tveimur eða fleiri upplýsingakerfum ESB. Þeim skal eytt úr fjölaufkennaskynjaranum með sjálfvirkum hætti.

36. gr.

Aðgerðaskrár haldnar

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í fjölaufkennaskynjaranum. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) það aðildarríki sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
 - b) tilganginn með aðgangi notanda,
 - c) dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
 - d) þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurn,
 - e) tilvísun til tengdu gagnanna,
 - f) feril staðfestingarskrár auðkennis.
2. Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir yfirvalda sinna og starfsfólks þeirra sem hafa tilskilda heimild til að nota fjölaufkennaskynjarann. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir starfsfólks síns með tilskilda heimild.
3. Aðgerðaskrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja öryggi og heilleika gagna. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrárnar gegn óheimilum aðgangi og þeim skal eytt einu ári eftir stofnun þeirra. Sé aðgerðarskránnar hins vegar þörf vegna eftirlits, sem þegar er hafið, skal þeim eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf vegna eftirlitsins.

VI. KAFLI

RÁÐSTAFANIR SEM STYÐJA VIÐ SAMVIRKNI

37. gr.

Gæði gagna

1. Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna að því er varðar gæði gagna sem færð eru inn í kerfin skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum og verklagsreglum fyrir gæði gagna vegna þeirra gagna sem eru geymd í Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu.
 2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal innleiða kerfi til að meta nákvæmni sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega gæðavísa fyrir gögn og lágmarksgæðastaðla vegna geymslu gagna í Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu.
- Einungis má færa gögn sem uppfylla lágmarksgæðastaðlana inn í Schengen-upplýsingakerfið, evrópska fingrafaragrunnin, ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, sameiginlega lífkennamátunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal gefa aðildarríkjunum reglulega skýrslur um sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna og um sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn. Stofnunin skal einnig gefa framkvæmdastjórninni reglulega skýrslu um þau vandamál sem upp koma og um viðkomandi aðildarríki. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig láta Evrópuþinginu og ráðinu þá skýrslu í té þegar þess er óskað. Engar skýrslur sem lagðar eru fram samkvæmt þessari málsgrein skulu innihalda neinar persónuupplýsingar.
 4. Mæla skal nánar fyrir um sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn og lágmarksgæðastaðlana vegna geymslu gagna í Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum, ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, sameiginlega lífkennamátunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu, einkum að því er varðar lífkennaupplýsingar, í framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.
 5. Einu ári eftir að sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum um gæði gagna er komið á fót, og á hverju ári eftir það, skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd aðildarríkjanna varðandi gagnagæði og leggja fram nauðsynleg tilmæli. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni aðgerðaáætlun til úrbóta á hvers kyns annmörkum sem tilgreindir eru í matsskýrslunni og einkum vandamálum tengdum gagnagæðum sem stafa af röngum gögnum í upplýsingakerfum ESB. Aðildarríkin skulu reglulega gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um alla framvindu í tengslum við þessa aðgerðaáætlun þar til hún er komin til framkvæmdar að fullu.
- Framkvæmdastjórnin skal senda matsskýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, Evrópska persónuverndarráðsins og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 ⁽³⁷⁾.

38. gr.

Almennt skilaboðasnið

1. Staðlinum fyrir almenna skilaboðasniðið (UMF) er hér með komið á fót. Með almenna skilaboðasniðinu eru skilgreindir staðlar fyrir tiltekna efnisþætti upplýsingaskipta yfir landamæri milli upplýsingakerfa, yfirvalda eða stofnana á sviði dóms- og innanríkismála.
2. Nota skal staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið við þróun evrópska fingrafaragrunnsins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins, evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega auðkennasafnsins, fjölaufkennaskynjarans og, ef við á, við þróun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa eða annarrar fagstofnunar Sambandsins á nýjum upplýsingaskiptalíkönunum og upplýsingakerfum á sviði dóms- og innanríkismála.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð til að mæla fyrir um og þróa staðalinn fyrir almenna skilaboðasniðið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

39. gr.

Miðlægt skýrslu- og tölfraeðisafn

1. Miðlægu skýrslu- og tölfraeðisafni (CRRS) er komið á fót í þeim tilgangi að styðja við markmið Schengen-upplýsingakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins og ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins, í samræmi við viðeigandi lagagæringa sem gilda um þessi kerfi og til að sjá fyrir tölfraeðilegum gögnum þvert á kerfi og greiningar-skýrslum í þágu stefnumótunar, rekstrarmála og gagnagæða.
 2. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal koma miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu á fót, hrinda því í framkvæmd og hýsa það á tæknisvæðum sínum en safnið inniheldur þau gögn og þær tölfraeðilegu upplýsingar sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 aðskilin á rökrænan hátt eftir upplýsingakerfi ESB. Aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu skal veita með stýrðum, öruggum aðgangi og sértækum notendalýsingum, eingöngu vegna skýrslugjafar og tölfraeðilegra upplýsinga, þeim yfirvöldum sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.
 3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal aftengja gögnin persónu-auðkennum og skrá slík gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið. Ferlið við að aftengja gögn persónuauðkennum skal vera sjálfvirkt.
- Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum í gögnum miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnsins.
4. Miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið skal samanstanda af:
 - a) nauðsynlegum tólum til að gera gögn nafnlaus,
 - b) miðlægu grunnvirki sem felur í sér gagnasafn nafnlausra gagna,
 - c) öruggu fjarskiptavirki til að tengja miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnið við Schengen-upplýsingakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, sem og við miðlæga grunnvirki sameiginlega lífkennamatunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins og fjölaufkennaskynjarans.
 5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 69. gr. þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafnsins, þ.m.t. sérstakar verndarráðstafanir vegna vinnslu persónuupplýsinga skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar og öryggisreglur sem gilda um safnið.

VII. KAFLI

PERSÓNUVERND

40. gr.

Ábyrgðaraðili gagna

1. Í tengslum við vinnslu gagna í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem eru ábyrgðaraðilar fyrir evrópska fingrafaragrunninn, Schengen-upplýsingakerfið og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, eftir því sem við á, vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 eða 8. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 með tilliti til lífkennasniðmátanna sem fengin eru úr þeim gögnum sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar og sem þau færa inn í undirliggjandi kerfi og skulu bera ábyrgð á vinnslu lífkennasniðmátanna í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu.
2. Í tengslum við vinnslu gagna í sameiginlega auðkennasafninu skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem eru ábyrgðaraðilar fyrir evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, eftir því sem við á, vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 eða 8. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680

með tilliti til gagna sem um getur í 18. gr. þessarar reglugerðar og sem þau færa inn í undirliggjandi kerfi og skulu bera ábyrgð á vinnslu þessara persónuupplýsinga í sameiginlega auðkennasafninu.

3. Í tengslum við vinnslu gagna í fjölaufkennaskynjaranum:

- a) skal Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu vera ábyrgðaraðili gagna í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 í tengslum við vinnslu miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins á persónuupplýsingum,
- b) skulu þau yfirvöld aðildarríkis sem bæta við eða breyta gögnum í staðfestingarskrá auðkennis vera ábyrgðaraðilar í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 eða 8. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 og skulu bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga í fjölaufkennaskynjaranum.

4. Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. að kanna hvort leitarfyrirspurn hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslu, skulu ábyrgðaraðilar gagna hafa aðgang að aðgerðaskránum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. vegna eigin eftirlits eins og um getur í 44. gr.

41. gr.

Gagnavinnsluáðili

Í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu, sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkennaskynjaranum skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa vera gagnavinnsluáðili í skilningi a-liðar 12. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.

42. gr.

Öryggi við vinnslu

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og yfirvöld aðildarríkja skulu tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt þessari reglugerð. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og yfirvöld aðildarríkja skulu vinna saman að verkefnum tengdum öryggi.

2. Með fyrirvara um 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi samvirknieininganna og tengds fjarskiptavirkis þeirra.

3. Einkum skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa samþykka nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. öryggisáætlun, áætlun um rekstrarsamfellu og endurreisnaráætlun eftir stóráfall, í því skyni:

- a) að vernda búnað sem gögn eru geymd á, m.a. með gerð viðbragðsáætlana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
- b) að neita þeim sem hafa ekki til þess heimild um aðgang að gagnavinnslubúnaði og mannvirkjum,
- c) að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt,
- d) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að færa inn, skoða, breyta eða eyða skráðum persónuupplýsingum,
- e) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að vinna, afrita, breyta eða eyða gögnum,
- f) að koma í veg fyrir að þeir sem hafa ekki til þess heimild geti notað sjálfvirk gagnavinnslukerfi með hjálp gagnasamskiptabúnaðar,
- g) að tryggja með notkun persónubundinna notandaauðkenna og leynilegs aðgangshams að þeir, sem er heimilaður aðgangur að samvirknieiningunum, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra,
- h) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila má senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði,
- i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið unnin í samvirknieiningunum, hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi,
- j) að hindra, einkum með viðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa eða afrita persónuupplýsingar, breyta þeim eða eyða meðan verið er að senda þær til samvirknieininganna eða úr þeim eða við flutning gagnamiðla,
- k) að tryggja að uppsett kerfi sé hægt að setja upp að nýju eftir rof svo að það starfi eðlilega,
- l) að tryggja áreiðanleika með því að sjá til þess að tilkynnt sé með tilhlýðilegum hætti um allar truflanir á virkni samvirknieininganna,

- m) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari málsgrein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og til að meta þessar öryggisráðstafanir í ljósi nýrrar tæknipróunar.
4. Aðildarríkin, Löggæslusamvinnustofnunin og miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skulu gera ráðstafanir sem jafngilda þeim sem um getur í 3. mgr. að því er varðar öryggi í tengslum við vinnslu yfirvalda, sem hafa rétt til aðgangs að einhverri samvirknieininganna, á persónuupplýsingum.

43. gr.

Öryggisatvik

1. Sérhvert atvik, sem hefur eða gæti haft áhrif á öryggi samvirknieininganna og gæti valdið tjóni á gögnum sem geymd eru í þeim eða að þau glatist, skal teljast vera öryggisatvik, einkum þar sem um óheimilan aðgang að gögnum gæti verið að ræða eða þar sem aðgengileika, heilleika og leynd gagna hefur, eða gæti hafa verið, stofnað í hættu.
 2. Taka skal á öryggisatvikum þannig að tryggja megi skjót, skilvirk og viðeigandi viðbrögð.
 3. Með fyrirvara um tilkynningu og að gert sé viðvart um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 30. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 eða báðum skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, lögbærum eftirlitsyfirlöndum og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um öll öryggisatvik án tafar.
- Með fyrirvara um 34. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, skulu miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um öll öryggisatvik án tafar.
- Ef um öryggisatvik er að ræða í tengslum við miðlægt grunnvirki samvirknieininganna, skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um það án tafar.
4. Aðildarríkin, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu fá upplýsingar um öryggisatvik, sem hefur eða gæti haft áhrif á starfsemi samvirknieininganna eða á aðgengileika, heilleika og leynd gagna, án tafar og skýrsla gefin um það í samræmi við atvikastjórnunaráætlun sem Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa mun leggja fram.
 5. Viðkomandi aðildarríki, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Löggæslusamvinnustofnunin og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skulu vinna saman ef til öryggisatviks kemur. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um nákvæmar skilgreiningar á samstarfsaðferðinni með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

44. gr.

Eigið eftirlit

Aðildarríkin og viðkomandi fagstofnanir Sambandsins skulu tryggja að sérhvert yfirvald sem hefur rétt til aðgangs að samvirknieiningunum geri nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að það fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og starfi, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsyfirlöndum.

Þeir ábyrgðaraðilar gagna sem um getur í 40. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að gagnavinnsla sé í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. með tíðri sannprófun á aðgerðaskránum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. og starfi, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsyfirlöndum og Evrópsku persónuverndarstofnuninni.

45. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu tryggja að misnotkun á gögnum, vinnsla gagna eða skipti á gögnum, sem brjóta í bága við þessa reglugerð varði viðurlögum í samræmi við landslög. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

46. gr.

Bótaábyrgð

1. Án þess að það hafi áhrif á rétt til bóta frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og bótaábyrgð þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2018/1725 skal:

- a) sérhver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beðið eignatjón eða óefnislegt tjón af völdum ólög- mætrar vinnslu persónuupplýsinga eða annars verknaðar aðildarríkis sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð, eiga rétt á að fá skaðabætur frá því aðildarríki,
- b) sérhver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beðið eignatjón eða óefnislegt tjón af völdum verknaðar Löggæslusamvinnustofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu eða Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð, eiga rétt á að fá skaðabætur frá þeirri stofnun sem um er að ræða.

Hlutaðeigandi aðildarríki, Löggæslusamvinnustofnunin, Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu eða Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal undanþegið eða undanþegin bóta- ábyrgð samkvæmt fyrstu undirgrein, að fullu eða að hluta, ef það eða hún getur fært sönnur á að það eða hún beri ekki ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.

2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og slíkt veldur tjóni á samvirknieiningunum skal það aðildarríki bera ábyrgð á tjóninu, nema Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eða annað aðildarríki sem bundið er af þessari reglugerð hafi, og að því marki sem hún eða það hefur, vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að hún eða það hafi gert til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.

3. Um bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara samkvæmt lands- lögum aðildarríkisins sem er varnaraðili. Um bótakröfur á hendur ábyrgðaraðila eða Stofnunar Evrópu- sambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í sáttmálunum.

47. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Yfirvaldið sem safnar persónuupplýsingunum sem geyma á í sameiginlega lífkennamátunarkerfinu, sam- eiginlega auðkennasafninu eða fjölaufkennaskynjaranum skal veita þeim einstaklingum, sem gögnum er safnað um, þær upplýsingar sem krafist er skv. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 12. og 13. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 og 15. og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Yfirvaldið skal veita upplýsingarnar þegar gögnunum er safnað.

2. Allar upplýsingar skulu látnar í té á skýru og einföldu máli, á tungumáli sem viðkomandi einstaklingur skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji. Í þessu felst að upplýsingagjöf skal vera með þeim hætti að hún hæfi aldri þeirra skráðu aðila sem eru ólöggráða börn.

3. Reglurnar um réttinn til upplýsinga sem felast í gildandi persónuverndarreglum Sambandsins skulu gilda um þær persónuupplýsingar sem skráðar eru í ECRIS-TCN-sakaskráakerfið og unnar með tilliti til þessarar reglugerðar.

48. gr.

Réttur til að hafa aðgang að persónuupplýsingum í fjölaufkennaskynjaranum, leiðréttá þær og eyða þeim og til að takmarka vinnslu þeirra

1. Í því skyni að neyta réttinda sinna skv. 15.–18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 17.–20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og 14., 15. og 16. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 skal sérhver einstaklingur eiga rétt á að snúa sér til lögbærs yfirvalds hvaða aðildarríkis sem er, sem skal kanna beiðnina og svara henni.

2. Aðildarríkið sem kannar slíka beiðni skal svara án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 45 dögum eftir viðtöku beiðninnar. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið sem kannar beiðnina skal tilkynna skráðum aðila um slíkar framlengingar innan 45 daga frá viðtöku beiðninnar, ásamt ástæðunum fyrir töfnni. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að svör skuli koma frá aðalskrifstofum.

3. Ef beiðni um að láta leiðréttá eða eyða persónuupplýsingum er lögð fram hjá öðru aðildarríki en aðildar- ríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, skal aðildarríkið sem beiðnin var lögð fram hjá hafa samband við yfirvöld í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auð- kenna, innan sjö daga. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna skal kanna

hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort vinnsla þeirra sé lögmæt, án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að haft er samband við það. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna skal upplýsa aðildarríkið sem hafði samband við það um slíka framlengingu, ásamt ástæðunum fyrir töfnni. Aðildarríkið, sem hafði samband við yfirvaldið í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, skal upplýsa hlutaðeigandi einstakling um frekari málsmeðferð.

4. Ef beiðni um að láta leiðréttu eða eyða persónuupplýsingum er lögð fram hjá aðildarríki þar sem miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, skal aðildarríkið sem beiðnin var lögð fram hjá hafa samband við miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins innan sjö daga til að fá álit hennar. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal gefa álit sitt án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að haft er samband við hana. Lengja má frestinn um 15 daga til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Aðildarríkið, sem hafði samband við miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, skal upplýsa hlutaðeigandi einstakling um frekari málsmeðferð.

5. Ef rannsókn leiðir í ljós að gögn sem eru geymd í fjölaufkönnaskynjarianum eru röng eða hafa verið skráð með ólögmætum hætti skal aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, ef ekkert aðildarríki bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða ef miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bar ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, leiðréttu eða eyða þessum gögnum án ótilhlýðilegrar tafar. Viðkomandi einstaklingur skal upplýstur skriflega um að gögn hans hafi verið leiðrétt eða þeim hafi verið eytt.

6. Breyti aðildarríki gögnum, sem eru geymd í fjölaufkönnaskynjarianum, meðan á varðveislutímabili þeirra stendur skal það aðildarríki framkvæma vinnsluna sem mælt er fyrir um í 27. gr. og, þar sem við á, 29. gr. til að ákvarða hvort tengja eigi breyttu gögnin. Síni vinnslan enga samsvörun skal það aðildarríki eyða gögnunum úr staðfestingarskrá auðkennis. Síni sjálfvirka vinnslan eina eða fleiri samsvaranir skal það aðildarríki mynda eða uppfæra viðeigandi tengingu í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar.

7. Þegar aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá er ekki sammála því að gögn sem eru geymd í fjölaufkönnaskynjarianum séu röng eða hafi verið skráð með ólögmætum hætti, skal það aðildarríki taka stjórnvaldsákvörðun og skýra skriflega fyrir viðkomandi einstaklingi án tafar af hverju það er ekki tilbúið til að leiðréttu eða eyða gögnum sem tengjast viðkomandi.

8. Í ákvörðuninni, sem um getur í 7. mgr., skal einnig veita viðkomandi einstaklingi upplýsingar þar sem útskýrður er sá möguleiki að vefengja ákvörðunina sem tekin hefur verið varðandi beiðnina um að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga og, ef við á, upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða leggja fram kvörtun til lögbærra yfirvalda eða dómstóla og um hvers konar aðstoð, m.a. frá eftirlitsyfirvöldum.

9. Allar beiðnir um að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga skulu innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingi. Þessar upplýsingar skal eingöngu nota til að gera það kleift að neyta réttindanna sem um getur í þessari grein og þeim skal eytt umsvifalaust eftir á.

10. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá skal halda skriflegar skrár um að beiðni um fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga hafi verið lögð fram og hvaða meðferð hún fékk og skal sú skrá gerð aðgengileg eftirlitsyfirvöldum án tafar.

11. Þessi grein er með fyrirvara um allar takmarkanir og höft á þeim réttindum sem sett eru fram í þessari grein samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun (ESB) 2016/680.

49. gr.

Vefgátt

1. Vefgátt er komið á fót í þeim tilgangi að auðvelda neytingu réttinda til að fá aðgang að, leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga.

2. Vefgáttin skal innihalda upplýsingar um réttindin og verklagsreglurnar sem um getur í 47. og 48. gr. og notendaviðmót sem gerir einstaklingum, sem eiga gögn sem unnin eru í fjölaufkönnaskynjarianum og hafa verið upplýstir um rauða tengingu í samræmi við 4. mgr. 32. gr., kleift að fá samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna.

3. Til að fá samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna ætti einstaklingurinn, sem á gögn sem unnin eru í fjölaufkönnaskynjarianum, að slá inn tilvísun til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í d-lið 34. gr. Vefgáttin skal nota þessa tilvísun til að sækja samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem

ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Vefgáttin skal einnig innihalda sniðmát fyrir tölvupóst til að auðvelda samskipti milli notenda vefgáttarinnar og lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna. Slíkur tölvupóstur skal innihalda reit fyrir staka auðkennisnúmerið sem um getur í c-lið 34. gr. til að gera lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna kleift að bera kennsl á viðkomandi gögn.

4. Aðildarríkin skulu láta Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa í té samskiptaupplýsingar allra yfirvalda sem eru lögbær til að kanna og svara hvers konar beiðnum sem um getur í 47. og 48. gr. og skulu yfirfara reglulega hvort þessar samskiptaupplýsingar séu uppfærðar.

5. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa vefgáttina og tryggja tæknilega stjórnun hennar.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 69. gr. þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu vefgáttarinnar, þ.m.t. notendaviðmótið, þau tungumál sem vefgáttin skal vera tiltæk á og sniðmátið fyrir tölvupóst.

50. gr.

Persónuupplýsingar sendar þriðju löndum, alþjóðastofnunum og einkaaðilum

Með fyrirvara um 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1240, 49. og 50. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina í samræmi við 5. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar sem uppfylla ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, skal persónuupplýsingum, sem eru geymdar eru í eða unnar af samvirknieiningunum eða sem þær hafa aðgang að, ekki miðlað til eða þær gerðar aðgengilegar neinu þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila.

51. gr.

Eftirlit eftirlitsyfirvalda

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að eftirlitsyfirvöldin hafi óháð eftirlit með því hvort vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá samvirknieiningunum.

2. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/680 gildi einnig, þar sem það á við, um aðgang lögreglu yfirvalda og tilnefndra yfirvalda að samvirknieiningunum, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra einstaklinga sem eiga upplýsingarnar sem slíkur aðgangur er veittur að.

3. Eftirlitsyfirvöldin skulu sjá til þess að úttekt fari fram á vinnslu ábyrgra, landsbundinna yfirvalda á persónuupplýsingum að því er varðar þessa reglugerð, í samræmi við videigandi alþjóðlega úttektarstaðla á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Eftirlitsyfirvöldin skulu árlega birta tölur um fjölda beiðna um að leiðrétta, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga, þær aðgerðir sem gripið er til í kjölfarið og fjölda tilvika þar sem upplýsingar eru leiðréttar, þeim er eytt og vinnsla þeirra takmörkuð vegna beiðna frá viðkomandi einstaklingum.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöld þeirra hafi nægilegt fjármagn og sérþekkingu til að leysa af hendi þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

5. Aðildarríkin skulu veita hverjar þær upplýsingar sem eftirlitsyfirvaldið, sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, fer fram á, einkum upplýsingar um starfsemina sem fram fer í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkin skulu veita eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, aðgang að aðgerðaskráum sínum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. þessarar reglugerðar og að rökstuðningnum sem um getur í 2. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar og heimila þeim ávallt aðgang að öllum starfstöðvum sínum sem notaðar eru í þágu samvirkni.

52. gr.

Úttektir Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

Evrópska persónuverndarstofnunin skal sjá til þess að úttekt á vinnslu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum, að því er varðar þessa reglugerð, fari fram í samræmi við videigandi alþjóðlega úttektarstaðla á a.m.k. fjögurra ára fresti. Senda skal skýrslu um úttektina til Evrópuþingsins, ráðsins, Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og

viðeigandi fagstofnunar Sambandsins. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnuninni skal gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en skýrslurnar eru samþykktar.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta Evrópsku persónuverndarstofnuninni í té þær upplýsingar sem hún óskar eftir, veita henni aðgang að öllum skjölum sem hún fer fram á og að aðgerðaskráum sínum sem um getur í 10., 16., 24. og 36. gr. og heimila Evrópsku persónuverndarstofnuninni ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum sínum.

53. gr.

Samstarf eftirlitsyrivalda og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Eftirlitsyrivöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, hafa með sér virkt samstarf innan ramma skyldustarfa sinna og tryggja samræmt eftirlit með notkun samvirknieininganna og beitingu annarra ákvæða þessarar reglugerðar, einkum ef Evrópska persónuverndarstofnunin eða eftirlitsyrivald finnur alvarlegt misræmi milli starfsvenja í aðildarríkjunum eða finnur sendingar um samskiptaleiðir samvirknieininganna sem mögulega eru ólöglegar.
2. Í tilvikunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal tryggja samræmt eftirlit í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.
3. Evrópska persónuverndarráðið skal senda sameiginlega skýrslu um starfsemi sína samkvæmt þessari grein til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, Löggæslusamvinnustofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eigi síðar en 12. júní 2021 og annað hvert ár eftir það. Þessi skýrsla skal hafa að geyma kafla um hvert aðildarríki sem eftirlitsyrivald þess aðildarríkis tekur saman.

VIII. KAFLI

SKYLDUR

54. gr.

Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa meðan á hönnunar- og þróunaráfanga stendur

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal tryggja að miðlæg grunnvirki samvirknieininganna séu starfrækt í samræmi við þessa reglugerð.
2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal hýsa samvirknieiningarnar á tæknisvæðum sínum og í þeim skal sú virkni tiltæk sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við skilyrðin um öryggi, aðgengileika, gæði og frammistöðu sem um getur í 1. mgr. 55. gr.
3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á þróun samvirknieininganna og allri aðlögun sem þörf er á til að koma á samvirkni milli miðlægra kerfa komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfisins, Schengen-upplýsingakerfisins, evrópska fingrafaragrunnsins, ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins og evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins, fjörlauðkennaskynjarans og miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnsins.

Með fyrirvara um ákvæði 62. gr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ekki hafa aðgang að neinum persónuupplýsingum sem unnar eru í gegnum evrópsku leitargáttina, sameiginlega lífkennamátunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið eða fjörlauðkennaskynjarann.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal skilgreina hönnun raunlægrar högunar samvirknieininganna, þ.m.t. fjarskiptavirkja þeirra, og tækniforskriftir þeirra og þróun að því er varðar miðlæga grunnvirkið og örugga fjarskiptavirkið, sem skulu samþykktar af stjórninni með fyrirvara um jákvætt álit framkvæmdastjórnarinnar. Stofnunin skal einnig framkvæma nauðsynlegar aðlaganir á Schengen-upplýsingakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu í tengslum við að samvirkni er komið á og sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal annast þróun og framkvæmd samvirknieininganna eins fljótt og unnt er eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 8. gr. (2. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 28. gr. (5. og 7. mgr.), 37. gr. (4. mgr.), 38. gr. (3. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 74. gr. (10. mgr.).

Í þróuninni skal felast gerð og framkvæmd tækniforskrifta, prófanir og heildarverkefnastjórnun og samræming.

4. Meðan á hönnunar- og þróunaráfanganum stendur skal koma á fót áætlunarstjórn sem í sitja að hámarki 10 manns. Hún skal skipuð sjö mönnum sem stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilnefni úr hópi stjórnarmanna sinna eða varamanna, formanni ráðgjafarhópsins um samvirkni sem um getur í 71. gr., einum fulltrúa Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem tilnefndur er af framkvæmdastjóra hennar og einum manni sem framkvæmdastjórnin tilnefni. Fulltrúarnir sem stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilnefni skulu einungis valdir frá þeim aðildarríkjum sem samkvæmt lögum Sambandsins eru bundin að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra upplýsingakerfa ESB og sem munu taka þátt í samvirknieiningunum.

5. Áætlunarstjórnin skal halda fundi með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en þrisvar á ársfjórðungi. Hún skal tryggja fullnægjandi stjórnun hönnunar- og þróunaráfanga samvirknieininganna.

Mánaðarlega skal áætlunarstjórnin leggja fram skriflegar skýrslur um framvindu verkefnisins til stjórnar Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa. Hún skal ekki hafa neitt vald til ákvarðanatöku né umboð til að koma fram fyrir hönd stjórnarmanna Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa.

6. Stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal ákveða starfsreglur áætlunarstjórnarinnar sem skulu einkum varða:

- a) formennsku,
- b) fundarstaði,
- c) undirbúning funda,
- d) aðgang sérfræðinga að fundum,
- e) samskiptaáætlanir sem tryggja stjórnarmönnum, sem ekki taka þátt, allar upplýsingar.

Formennskan skal vera í höndum aðildarríkis sem samkvæmt lögum Sambandsins er bundið að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra upplýsingakerfa ESB og sem mun taka þátt í samvirknieiningunum.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal greiða allan ferða- og dvalarkostnað þeirra sem eiga sæti í áætlunarstjórninni og skal 10. gr. starfsreglna stofnunarinnar gilda að breyttu breytanda. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal annast skrifstofuhald áætlunarstjórnarinnar.

Ráðgjafarhópurinn um samvirkni sem um getur í 71. gr. skal halda reglulega fundi þar til starfsemi samvirknieininganna hefst. Hann skal gefa áætlunarstjórninni skýrslu eftir hvern fund. Hópurinn skal búa yfir tæknilegri sérþekkingu til að styðja við verkefni áætlunarstjórnarinnar og fylgjast með stöðu undirbúnings hjá aðildarríkjunum.

55. gr.

Skyldur Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eftir að starfræksla hefst

1. Eftir að hver samvirknieining fyrir sig tekur til starfa skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun miðlægs grunnvirkis samvirknieininganna, þ.m.t. viðhaldi þeirra og tækniþróun. Í samstarfi við aðildarríkin skal hún tryggja að besta, fánlega tækni sé notuð, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig bera ábyrgð á tæknilegri stjórnun fjarskiptavirkisins sem um getur í 6., 12., 17., 25. og 39. gr.

Tæknileg stjórnun samvirknieininganna skal taka til allra nauðsynlegra verkefna og tæknilausna til að halda samvirknieiningunum starfandi og veita aðildarríkjunum og fagstofnunum Sambandsins órofna þjónustu allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, í samræmi við þessa reglugerð. Í henni felst nauðsynleg viðhaldsvinna og tækniþróun til að tryggja að starfsemi eininganna sé á viðunandi tæknilegu gæðastigi, einkum að því er varðar svartíma leitar í miðlægu grunnvirkjunum í samræmi við tækniforskriftirnar.

Þróun og stjórnun hvernar samvirknieiningar skal miða að því að tryggja hraðan, snurðulausan, skilvirkan og stýrðan aðgang, fullan, órofinn aðgengileika eininganna og gagnanna sem geymd eru í fjölauðkennaskynjaranum, sameiginlega lífkennamatunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu og að svartími sé í samræmi við rekstrarlegar þarfir yfirvalda aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins.

2. Með fyrirvara um 17. gr. starfsmannareglna embættismanna Evrópusambandsins skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa láta viðeigandi reglur um þagnarskyldu eða aðra sambærilega trúnaðarskyldu gilda um starfsfólk sitt sem þarf að vinna með gögn sem geymd eru í samvirknieiningunum.

Þessi kvöð gildir áfram eftir að þessir einstaklingar láta af embætti eða hætta störfum eða eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

Með fyrirvara um ákvæði 62. gr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ekki hafa aðgang að neinum persónuupplýsingum sem unnar eru í gegnum í evrópsku leitargáttina, sameiginlega lífkennamatunarkerfið, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann.

3. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa og viðhalda fyrirkomulagi og ferlum til að framkvæma kannanir á gæðum gagna sem geymd eru í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu og sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 37. gr.

4. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal einnig hafa með höndum verkefni tengd því að veita þjálfun í tæknilegri notkun samvirknieininganna.

56. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Sérhvert aðildarríki skal bera ábyrgð á:
 - a) tengingunni við fjarskiptavirki evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins,
 - b) samþættingu landsbundnu kerfanna og grunnvirkjanna sem fyrir eru við evrópsku leitargáttina, sameiginlega auðkennasafnið og fjölaufkennaskynjarann,
 - c) skipulagi, stjórnun, starfrækslu og viðhaldi þeirra landsbundnu grunnvirkja sem fyrir eru og tengingu þeirra við samvirknieiningarnar,
 - d) aðgangsstjórn og fyrirkomulagi á aðgangi starfsfólks lögbærra innlendra yfirvalda með tilskilda heimild, að evrópsku leitargáttinni, sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkennaskynjaranum í samræmi við þessa reglugerð og á því að útbúa og uppfæra reglulega skrá yfir slíkt starfsfólk og lýsingar (e. profiles) þess,
 - e) samþykkt löggjafarráðstafananna sem um getur í 5. og 6. mgr. 20. gr., til að fá aðgang að sameiginlega auðkennasafninu til staðfestingar á deilum,
 - f) handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna sem um getur í 29. gr,
 - g) að farið sé að kröfum um gæði gagna, sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins,
 - h) að farið sé að reglum hvers upplýsingakerfis ESB að því er varðar öryggi og heilleika persónuupplýsinga,
 - i) að ráðin sé bót á annmörkum sem tilgreindir eru í matsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um gæði gagna, sem um getur í 5. mgr. 37. gr.
2. Sérhvert aðildarríki skal tengja tilnefnd yfirvöld sín við sameiginlega auðkennasafnið.

57. gr.

Skyldur Löggæslusamvinnustofnunarinnar

1. Löggæslusamvinnustofnunin skal tryggja vinnslu leitarfyrirspurna í gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem berast um evrópsku leitargáttina. Stofnunin skal aðlaga viðmót sitt fyrir leitarfyrirspurnir í kerfum Löggæslusamvinnustofnunarinnar (e. Querying Europol Systems (QUEST)) fyrir gögn á grundvallarverndarstigi til samræmis við það.
2. Löggæslusamvinnustofnunin skal bera ábyrgð á stjórn og fyrirkomulagi á notkun og aðgangi starfsfólks síns með tilskilda heimild að evrópsku leitargáttinni og sameiginlega auðkennasafninu samkvæmt þessari reglugerð og á því að útbúa og uppfæra reglulega skrá yfir slíkt starfsfólk og lýsingar þess.

58. gr.

Skyldur miðlæggar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins

Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal bera ábyrgð á:

- a) handvirkri sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr.,
- b) framkvæmd fjölaufkennagreiningar milli gagna sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu, upp lýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum og Schengen-upplýsingakerfinu, eins og um getur í 65. gr.

IX. KAFLI

BREYTINGAR Á ÖÐRUM GERNINGUM SAMBANDSINS

59. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726

Reglugerð (ESB) 2018/1726 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Gæði gagna

1. Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna að því er varðar gögn sem færð eru inn í kerfin á rekstrarlega ábyrgð stofnunarinnar, skal stofnunin, í nánu samstarfi við ráðgjafarhópa sína, koma á fót sjálfvirkum eftirlitskerfum og verklagsreglum fyrir gæði gagna, sameiginlegum gæðavísium fyrir gögn og lágmarks-gæðastöðlum vegna geymslu gagna fyrir öll kerfin sem stofnunin ber rekstrarlega ábyrgð á, í samræmi við viðeigandi ákvæði lagagerninganna sem þessi upplýsingakerfi heyra undir og í samræmi við 37. gr. reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 ^(*1) og (ESB) 2019/818 ^(*2).

2. Stofnunin skal koma á fót miðlægu gagnasafni sem inniheldur aðeins gögn, sem gerð hafa verið nafnlaus, fyrir skýrslugjöf og tölfraðilegar upplýsingar í samræmi við 39. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, með fyrirvara um sértæk ákvæði í lagagerningunum sem gilda um þróun, stofnun, rekstur og notkun stórra upplýsingatækni-kerfa sem stofnunin hefur umsjón með.

^(*1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).

^(*2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).“

- 2) Ákvæðum 1. mgr. 19. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liður bætist við:

„eea) samþykkja skýrslur um stöðu mála varðandi þróun samvirknieininganna í samræmi við 2. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,“.

- b) Í stað ff-liðar kemur eftirfarandi:

„ff) samþykkja skýrslur um það hvernig Schengen-upplýsingakerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 7. mgr. 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 ^(*3) og 8. mgr. 74. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 ^(*4), hvernig upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir hefur reynst tæknilega séð skv. 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 3. mgr. 17. gr. ákvörðunar 2008/633/DIM, hvernig komu- og brottfararkerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 4. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, hvernig ETIAS-ferðaheimildakerfið hefur reynst tæknilega séð skv. 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, hvernig ECRIS-TCN-sakaskráakerfið og ECRIS-viðmiðunarframkvæmdin hafa reynst tæknilega séð skv. 8. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 ^(*5) og hvernig samvirknieiningarnar hafa reynst tæknilega séð skv. 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 3. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,

^(*3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði landamæraeftirlits og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og um breytingu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 14).

^(*4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).

^(*5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 frá 17. apríl 2019 um að koma á miðlægu kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsídóma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)) til viðbótar við

upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa og breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 1).“

c) Í stað hh-liðar kemur eftirfarandi:

„hh) samþykkja formlegar athugasemdir við skýrslur Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um úttektir hennar skv. 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861, 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 67. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 52. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818 og tryggja viðeigandi eftirfylgni við þessar úttektir.“

d) Í stað mm-liðar kemur eftirfarandi:

„mm) sjá til þess að skráin yfir lögbær yfirvöld sem hafa heimild til að leita beint í gögnum Schengen-upplýsingakerfisins skv. 8. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 7. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 sé birt árlega, ásamt skránni yfir skrifstofur landsbundinna kerfa Schengen-upplýsingakerfisins (e. N.SIS) og SIRENE-skrifstofurnar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, eftir því sem við á, og einnig skránni yfir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skránni yfir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr. 87. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, skránni yfir miðlæg yfirvöld skv. 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og skránni yfir yfirvöld skv. 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.“

3) Í stað 4. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Löggæslusamvinnustofnunin og Refsivörslusamvinnustofnunin (Eurojust) mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar Schengen-upplýsingakerfið II í tengslum við beitingu ákvörðunar 2007/533/DIM.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar Schengen-upplýsingakerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2016/1624.

Löggæslusamvinnustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í tengslum við beitingu ákvörðunar 2008/633/DIM, eða mál sem varðar evrópska fingrafaragrunninn í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) nr. 603/2013.

Löggæslusamvinnustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar komu- og brottfararkerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2017/2226, eða mál sem varðar ETIAS-ferðaheimildakerfið í tengslum við reglugerð (ESB) 2018/1240.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar ETIAS-ferðaheimildakerfið í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2018/1240.

Refsivörslusamvinnustofnunin, Löggæslusamvinnustofnunin og embætti saksóknara Evrópusambandsins mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar reglugerð (ESB) 2019/816.

Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarinnar þegar á dagskrá fundar er mál sem varðar reglugerðir (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818.

Stjórnin getur boðið öllum sem kunna að hafa áhugaverð sjónarmið, að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.“

4) Í stað p-liðar 3. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

„p) að setja ákvæði um trúnaðarkvaðir til að hlíta ákvæðum 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1987/2006, 17. gr. ákvörðunar 2007/533/DIM, 9. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, 16. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 2. mgr. 55. gr. reglugerða (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, sbr. þó 17. gr. starfsmannareglna embættismanna.“

5) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„da) ráðgjafarhópur um samvirkni.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega hver um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhóp Schengen-upplýsingakerfisins II.

Löggæslusamvinnustofnunin má einnig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópa upplýsingakerfisins um vegabréfs-áritanir, evrópska fingrafaragrunnsins og ráðgjafarhópinn fyrir komu- og brottfararkerfið og ETIAS-ferðaheimildakerfið.

Landamæra- og strandgæslustofnunin má einnig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn fyrir komu- og brottfararkerfið og ETIAS-ferðaheimildakerfið.

Refsivörslusamvinnustofnunin, Löggæslusamvinnustofnunin og embætti saksóknara Evrópusambandsins mega hvert um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhóp ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins.

Löggæslusamvinnustofnunin, Refsivörslusamvinnustofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin mega hver um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn um samvirgni.“

60. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1862

Reglugerð (ESB) 2018/1862 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við í 3. gr.:

- „18) „evrópsk leitargátt (ESP)“: evrópska leitargáttin sem komið var á fót með 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 (*6),
- 19) „sameiginlegt lífkennamatunarkerfi (e. shared BMS)“: sameiginlega lífkennamatunarkerfið sem komið var á fót með 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,
- 20) „sameiginlegt auðkennasafn (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,
- 21) „fjölauðkennaskynjari (MID)“: fjölauðkennaskynjarinn sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,

(*6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirgni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b- og c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

- „b) landskerfi (landsbundnu Schengen-upplýsingakerfi (N.SIS)) í hverju aðildarríkjanna, sem samanstendur af landsbundnum gagnakerfum sem hafa samskipti við miðlæga Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í það minnsta ein landsbundin eða sameiginleg varaeining landsbundna Schengen-upplýsingakerfisins,
- c) fjarskiptavirki milli tæknilegu stoðeiningarinnar (CS-SIS), varaeingar tæknilegu stoðeiningarinnar og landsbundins skilflatar Schengen-upplýsingakerfisins (NI-SIS) („fjarskiptavirkið“) sem setur fram dulkóðað sýndarnet sem eingöngu er ætlað gögnum Schengen-upplýsingakerfisins og gagnaskiptum milli SIRENE-skrifstofa eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. og
- d) öruggu fjarskiptavirki milli tæknilegu stoðeiningarinnar (CS-SIS) og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamatunarkerfisins og fjölauðkennaskynjarans.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„8. Með fyrirvara um ákvæði 1.–5. mgr. má einnig leita í gögnum Schengen-upplýsingakerfisins um einstaklinga og skilríki í gegnum evrópsku leitargáttina.

9. Með fyrirvara um ákvæði 1.–5. mgr. má einnig senda gögn Schengen-upplýsingakerfisins um einstaklinga og skilríki um örugga fjarskiptavirkið sem um getur í d-lið 1. mgr. Þessar sendingar skulu takmarkaðar að því marki sem gögnin eru nauðsynleg að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/818.“

3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 7. gr.:

„2a. SIRENE-skrifstofan skal einnig tryggja handvirka sannprófun mismunandi auðkenna í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818. Hún skal hafa aðgang að gögnum sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu og fjölauðkennaskynjaranum í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 21. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818, að því marki sem nauðsynlegt er til að framkvæma þetta verkefni.“

4) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 12. gr.:

„Aðildarríki skulu tryggja að allur aðgangur að persónuupplýsingum í gegnum evrópsku leitargáttina sé einnig skráður í þeim tilgangi að athuga hvort leitin sé lögmæt, fylgjast með lögmæti gagnavinnslu, vegna eigin eftirlits og vegna heilleika gagna og öryggis.“

5) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 44. gr.:

„f) það að sannprófa mismunandi auðkenni og berjast gegn auðkennasvikum í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/818.“

6) Í stað 7. mgr. 74. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Í þeim tilgangi sem um getur í 4. mgr. 15. gr. og 3., 4. og 6. mgr. þessarar greinar skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin, sem um getur í 4. mgr. 15. gr. og í 3. mgr. þessarar greinar og sem skulu ekki gera kleift að staðfesta deili á einstaklingum, í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal gera framkvæmdastjórninni og aðilunum sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar kleift að fá sérsniðnar skýrslur og tölfraeðilegar upplýsingar. Að fenginni beiðni skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa veita aðildarríkjum, framkvæmdastjórninni, Löggæslusamvinnustofnuninni og Landamæra- og strandgæslustofnuninni aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.“

61. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/816

Reglugerð (ESB) 2019/816 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. gr.:

„c) eru sett skilyrði þess að ECRIS-TCN-sakaskráakerfið stuðlar að því að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í ECRIS-TCN-sakaskráakerfið með þeim skilyrðum og í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 ^(*) með því að geyma auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar í sameiginlega auðkennasafninu (CIR).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).“

2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um vinnslu á auðkennisupplýsingum ríkisborgara þriðju landa, sem hafa hlotið refsídóm í aðildarríkjunum, í þeim tilgangi að greina þau aðildarríki þar sem slíkir dómar féllu. Að undanskildum ii. lið b-liðar í 1. mgr. 5. gr. gilda þau ákvæði þessarar reglugerðar sem eiga við um ríkisborgara þriðju landa jafnframt um borgara Sambandsins sem einnig hafa ríkisfang í þriðja landi og hafa hlotið refsídóma í aðildarríkjunum. Reglugerð þessi greiðir einnig fyrir og aðstoðar við rétta staðfestingu deila á einstaklingum í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð (ESB) 2019/818.“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 8. liðar falla brott.

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„19) „sameiginlegt auðkennasafn (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,

20) „gögn ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins“: öll gögn sem geymd eru í miðlæga kerfinu og í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 5. gr.,

21) „evrópsk leitargátt (ESP)“: evrópska leitargáttin sem komið var á fót með 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.“

4) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

- „a) miðlægu kerfi,“.
- b) Eftirfarandi liður bætist við:
„aa) sameiginlega auðkennasafninu (CIR),“.
- c) Eftirfarandi liður bætist við:
„e) fjarskiptavirki milli miðlæga kerfisins og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar og sameiginlega auðkennasafnsins,“.
- 5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangshlutans í 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„1. Fyrir hvern ríkisborgara þriðja lands sem hlotið hefur dóm skal miðlægt yfirvald aðildarríkisins þar sem refsisdómurinn féll stofna gagnaskrá í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu. Gagnaskráin skal innihalda:“.
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
„1a. Sameiginlega auðkennasafnið skal innihalda þau gögn sem um getur í b-lið 1. mgr. og eftirfarandi gögn í a-lið 1. mgr.: kenninafn, eiginnöfn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað (borg og land), ríkisfang eða ríkisföng, kyn, fyrri nöfn, ef við á, gervinöfn eða tökuheiti þar sem það á við, tegund og númer ferðaskilríkja einstaklingsins, auk heitis útgáfuyfirvaldsins. Sameiginlega auðkennasafnið má innihalda gögnin sem um getur í 3. mgr. Önnur gögn ECRIS-TCN-sakaskráakerfisins skulu geymd í miðlæga kerfinu.“
- 6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„1. Hver gagnaskrá skal geymd í miðlæga kerfinu og sameiginlega auðkennasafninu svo lengi sem gögn sem varða refsidóma hlutaðeigandi einstaklings eru geymd í sakaskrá.“
- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Að varðveislutímabilinu liðnu, sem um getur í 1. mgr., skal miðlægt yfirvald aðildarríkisins þar sem refsisdómur féll eyða gagnaskránni, þ.m.t. hvers konar fingrafaraupplýsingum eða andlitsmyndum, úr miðlæga kerfinu og sameiginlega auðkennasafninu. Eyðingin skal vera sjálfvirk, þar sem kostur er, og fara fram eigi síðar en einum mánuði eftir að varðveislutímabilinu lýkur.“
- 7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað orðanna „ECRIS-TCN-sakaskráakerfið“ í 1. mgr. koma orðin „miðlæga kerfið og sameiginlega auðkennasafnið“.
- b) Í stað orðanna „miðlæga kerfið“ í 2., 3. og 4. mgr. koma orðin „miðlæga kerfið og sameiginlega auðkennasafnið“.
- 8) Í 1. mgr. 10. gr. fellur j-liður brott.
- 9) Í stað orðanna „miðlæga kerfinu“ í 2. mgr. 12. gr. koma orðin „miðlæga kerfinu og sameiginlega auðkennasafninu“.
- 10) Í stað orðanna „miðlæga kerfisins“ í 2. mgr. 13. gr. koma orðin „miðlæga kerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins“.
- 11) Í stað orðanna „miðlæga kerfið“ í 2. mgr. 23. gr. koma orðin „miðlæga kerfið og sameiginlega auðkennasafnið“.
- 12) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„1. Gögnin sem færð eru inn í miðlæga kerfið og sameiginlega auðkennasafnið skulu aðeins unnin í þeim tilgangi að greina hvaða aðildarríki búa yfir sakaskráupplýsingum um ríkisborgara þriðju landa. Gögnin sem færð eru inn í sameiginlega auðkennasafnið skulu einnig unnin í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/818 til að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í ECRIS-TCN-sakaskráakerfið í samræmi við þessa reglugerð.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
„3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal aðgangur til að fletta upp í gögnum sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu einnig eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólk með tilskilda heimild hjá fagstofnunum Sambandsins sem eru lögbærar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818. Slíkur aðgangur skal takmarkast

við þau gögn sem það þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.“

13) Í stað 2. mgr. 32. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin sem um getur í þeirri málsgrein í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.“

14) Í stað orðanna „miðlæga kerfisins“ í 1. mgr. 33. gr. koma orðin „miðlæga kerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins og“.

15) Í stað 2. mgr. 41. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar refsidóma sem féllu fyrir þann dag þegar byrjað var að færa inn gögn skv. 1. mgr. 35. gr. skulu miðlægu yfirvöldin stofna sérstöku gagnaskrárnar í miðlæga kerfinu og í sameiginlega auðkennasafninu sem hér segir:

- a) alstafagögn skal færa inn í miðlæga kerfið og sameiginlega auðkennasafnið fyrir lok tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 35. gr.,
- b) fingrafaraupplýsingar skal færa inn í sameiginlega auðkennasafnið innan tveggja ára frá því að starfsemi hefst í samræmi við 4. mgr. 35. gr.“

X. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

62. gr.

Skýrslugjöf og tölfraeðilegar upplýsingar

1. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp fjölda fyrirspurna á hverja notandalýsingu evrópsku leitargáttarinnar, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraeðilegra upplýsinga.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

2. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum sem tengjast sameiginlega auðkennasafninu, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraeðilegra upplýsinga:

- a) fjölda leitarfyrirspurna í þeim tilgangi sem um getur í 20., 21. og 22. gr.,
- b) ríkisfangi, kyni og fæðingarári einstaklingsins,
- c) tegund ferðaskilríkja og þriggja stafa kóða útgáfulands,
- d) fjölda leitaraðgerða á grundvelli lífkennaupplýsinga og sem ekki eru á grundvelli lífkennaupplýsinga.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

3. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum sem tengjast fjölauðkennaskynjaranum, þó einungis vegna skýrslugjafar og tölfraeðilegra upplýsinga:

- a) fjölda leitaraðgerða á grundvelli lífkennaupplýsinga og sem ekki eru á grundvelli lífkennaupplýsinga,
- b) fjölda tenginga af hverri tegund og hvaða upplýsingakerfi ESB innihalda tengdu gögnin,
- c) hversu lengi gular og rauðar tengingar voru í kerfinu.

Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum.

4. Starfsfólk landamæra- og strandgæslustofnunarinnar sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp gögnunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar í þeim tilgangi að framkvæma áhættugreiningar og veikleikamat eins og um getur í 11. og 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 (38).

5. Starfsfólk Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp gögnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar í þeim tilgangi að framkvæma stefnumiðaðar, þematengdar og aðgerðamiðaðar greiningar eins og um getur í b- og c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794.

6. Í þeim tilgangi sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa geyma gögnin sem um getur í þeim málsgreinum í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu. Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum út frá gögnunum í miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu en gögnin skulu gera yfirvöldunum sem talin eru upp í 1., 2. og 3. mgr. kleift að fá sérsniðnar skýrslur og tölfraeðilegar upplýsingar til að efla skilvirkni landamæraeftirlits, til að aðstoða yfirvöld við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og til að styðja við gagnreynda stefnumótun á sviði fólksflutninga og öryggismála innan Sambandsins.

7. Að fenginni beiðni skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar Evrópustofnun grundvallarmannréttinda til að meta megí áhrif þessarar reglugerðar á grundvallarréttindi.

63. gr.

Umbreytingartímabil vegna notkunar evrópsku leitargáttarinnar

1. Í tvö ár frá þeim degi þegar evrópska leitargáttin hefur starfsemi skulu skyldurnar sem um getur í 2. og 4. mgr. 7. gr. ekki gilda og notkun evrópsku leitargáttarinnar skal vera valkvæð.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framselda gerð í samræmi við 69. gr. til að breyta þessari reglugerð með því að framlengja tímabilið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar einu sinni, um að hámarki eitt ár, þegar mat á framkvæmd evrópsku leitargáttarinnar hefur sýnt að slík framlenging sé nauðsynleg, einkum í ljósi þeirra áhrifa sem það að hefja starfsemi evrópsku leitargáttarinnar myndi hafa á skipulag og lengd landamæraeftirlits.

64. gr.

Umbreytingartímabil vegna ákvæðanna um aðgang að sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði.

Ákvæði 22. gr., skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar starfsemi sameiginlega auðkennasafnsins hefst, sem um getur í 3. mgr. 68. gr.

65. gr.

Umbreytingartímabil vegna fjölaufkennagreiningar

1. Í eitt ár frá tilkynningu Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um að prófuninni á fjölaufkennaskynjaranum, sem um getur í b-lið 4. mgr. 68. gr., sé lokið og áður en rekstur fjölaufkennaskynjarans hefst, skal miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins bera ábyrgð á framkvæmd fjölaufkennagreiningar og nota til þess gögnin sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum og Schengen-upplýsingakerfinu. Fjölaufkennagreining skal fara fram á grundvelli lífkennaupplýsinga eingöngu.

2. Sýni leitarfyrirspurn eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum eru eins eða svipaðar skal myndast hvít tenging í samræmi við 33. gr.

Sýni leitarfyrirspurn eina eða fleiri samsvaranir og auðkennisupplýsingarnar í tengdu skránum geta ekki talist svipaðar skal myndast gul tenging í samræmi við 30. gr. og málsmeðferðin sem um getur í 29. gr. skal gilda.

Ef um nokkrar samsvaranir er að ræða skal myndast tenging milli allra gagna sem kalla fram samsvörun.

3. Þegar gul tenging myndast skal fjölaufkennaskynjarinn veita miðlægrri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins aðgang að auðkennisupplýsingunum sem eru til staðar í hinum mismunandi upplýsingakerfum ESB.

4. Þegar tenging myndast við skráningu í Schengen-upplýsingakerfinu, aðra en skráningu sem er stofnuð skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1860, 24. og 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861, eða 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, skal fjölaufkennaskynjarinn veita SIRENE-skrifstofu aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna aðgang að auðkennisupplýsingum sem eru til staðar í hinum mismunandi upplýsingakerfum.

5. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins eða, í tilvikum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, SIRENE-skrifstofa aðildarríkisins sem stofnaði skráninguna, skal hafa aðgang að gögnunum sem geymd eru í staðfestingarskrá auðkennis og skal leggja mat á hin mismunandi auðkenni og uppfæra tenginguna í samræmi við 31., 32. og 33. gr. og bæta henni við staðfestingarskrá auðkennis.

6. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal ekki senda framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 3. mgr. 67. gr. fyrir en allar gular tengingar hafa verið sannprófaðar handvirkt og staða þeirra uppfærð í grænar, hvítar eða rauðar tengingar.

7. Aðildarríkin skulu aðstoða miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins ef nauðsyn krefur við framkvæmd fjölaufkennagreiningar samkvæmt þessari grein.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framselda gerð, í samræmi við 69. gr., í því skyni að breyta þessari reglugerð með því að framlengja tímabilið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar um sex mánuði, sem má endurnýja tvisvar um sex mánuði í senn. Aðeins skal veita slíka framlengingu í kjölfar mats á áætluðum lokum fjölaufkennagreiningar samkvæmt þessari grein, er sýni fram á að ekki sé unnt að ljúka fjölaufkennagreiningu fyrir lok eftirstandandi tímabils, annaðhvort skv. 1. mgr. þessarar greinar eða yfirstandandi framlengingar, af ástæðum sem eru óháðar miðlægri einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, og að ekki sé unnt að beita ráðstöfunum til úrbóta. Matið skal fara fram eigi síðar en þrem mánuðum fyrir lok slíks tímabils eða yfirstandandi framlengingar.

66. gr.

Kostnaður

1. Kostnaður í tengslum við stofnun og rekstur evrópsku leitargáttarinnar, sameiginlega lífkennamátunarkerfisins, sameiginlega auðkennasafnsins og fjölaufkennaskynjarans skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.

2. Kostnaður í tengslum við samþættingu landsbundnu grunnvirkjanna sem fyrir eru og tengingu þeirra við samræmdu landsbundnu skilfletina, sem og í tengslum við hýsingu samræmdu landsbundnu skilflatanna, skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.

Eftirfarandi kostnaður skal undanskilinn:

- a) skrifstofa verkefnastjórnunar í aðildarríkjunum (fundir, vinnuferðir, skrifstofur),
- b) hýsing landsbundinna upplýsingatæknikerfa (rými, framkvæmd, rafmagn, kæling),
- c) rekstur landsbundinna upplýsingatæknikerfa (samningar við rekstraraðila og þjónustusamningar),
- d) hönnun, þróun, framkvæmd, rekstur og viðhald landsbundinna fjarskiptaneta.

3. Án þess það hafi áhrif á frekari fjármögnun í þessum tilgangi eftir öðrum leiðum sem heyra undir fjárlög Sambandsins skal fjárhæð sem nemur 32 077 000 evrum úthlutað af 791 000 000 evra fjárhagsrammanum skv. b-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 515/2014 til að standa undir kostnaðinum við framkvæmd þessarar reglugerðar eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. Af fjárhagsrammanum sem um getur í 3. mgr. skal úthluta 22 861 000 evrum til Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, 9 072 000 evrum skal úthlutað til Löggæslusamvinnustofnunarinnar og 144 000 evrum skal úthlutað til Samtaka evrópskra lögreglumenntastofnana (CEPOL) til að styðja þessar stofnanir við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð. Slík fjármögnun skal vera undir óbeinni stjórnun.

5. Viðkomandi tilnefningaraðildarríki skulu bera þann kostnað sem tilnefnd yfirvöld þeirra stofna til. Hvert aðildarríki fyrir sig skal bera kostnaðinn af því að tengja hvert tilnefnt yfirvald við sameiginlega auðkennasafnið.

Löggæslusamvinnustofnunin skal bera þann kostnað sem hún stofnar til, þ.m.t. kostnaðinn við að tengjast sameiginlega auðkennasafninu.

67. gr.

Tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um yfirvöldin sem um getur í 7., 20., 21. og 26. gr. og sem er heimilt að nota eða hafa aðgang að evrópsku leitargáttinni, sameiginlega auðkennasafninu og fjölaufkennaskynjaranum eftir því sem við á.

Birta skal heildarskrá yfir þessi yfirvöld í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar hver samvirknieining hefur starfsemi í samræmi við 68. gr. Þegar breytingar eru gerðar á skránni skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa birta uppfærða heildarskrá einu sinni á ári.

2. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar prófununum, sem um getur í b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr., b-lið 4. mgr., b-lið 5. mgr., og b-lið 6. mgr. 68. gr. hefur verið lokið með fullnægjandi hætti.

3. Miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um í 65. gr. er lokið með fullnægjandi hætti.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma upplýsingunum, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr., á framfæri við aðildarríkin og almenning með opinberu vefsetri sem stöðugt er uppfært.

68. gr.

Upphaf starfseminnar

1. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag evrópska leitargáttin er tekin í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 8. gr. (2. mgr.), 9. gr. (7. mgr.) og 43. gr. (5. mgr.) hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á evrópsku leitargáttinni, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins sem heimilt er að nota evrópsku leitargáttina, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og laga-
legar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær.

Evrópska leitargáttin skal aðeins leita í gagnagrunnum Interpol þegar tæknilegar ráðstafanir hafa gert kleift að fara að ákvæðum 5. mgr. 9. gr. Ef ómögulegt reynist, af einhverjum ástæðum, að fara að ákvæðum 5. mgr. 9. gr. skal það leiða til þess að evrópska leitargáttin leiti ekki í gagnagrunnum Interpol en það skal ekki seinka því að starfsemi evrópsku leitargáttarinnar hefjist.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

1a. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal evrópska leitargáttin hefja starfsemi – sem takmarkast við sjálfvirka vinnslu samkvæmt 9a. og 22b. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 – frá og með þeim degi sem upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) hefur starfsemi í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1134.

1b. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal evrópska leitargáttin hefja starfsemi – að því er varðar sjálf-
virkar sannanir samkvæmt 20. gr., 23. gr., c-lið (ii) 6. mgr. 24. gr., 41. gr. og b-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 – þegar skilyrðum 88. gr. þeirrar reglugerðar hefur verið fullnægt.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag sameiginlega lífkennamatunarkerfið er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 43. gr. hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sameiginlega lífkennamatunarkerfinu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og laga-
legar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 13. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófuninni sem um getur í b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag sameiginlega auðkennasafnið er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 43. gr. og 10. mgr. 74. gr. hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sameiginlega auðkennasafninu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og laga-
legar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 18. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófuninni sem um getur í b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag fjöluauðkennaskynjarinn er tekinn í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 28. gr. (5. og 7. mgr.), 32. gr. (5. mgr.), 33. gr. (6. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 49. gr. (6. mgr.), hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á fjöluðkennaskynjaranum, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna og miðlæga einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og laga-
legar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 34. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins hefur sent framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 3. mgr. 67. gr.,
- e) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að prófununum sem um getur í b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-lið 5. mgr. sé lokið með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

5. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerðum hvaða dag hefja skuli notkun á sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum um gæði gagna þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 4. mgr. 37. gr., hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á sjálfvirku eftirlitskerfunum og verklagsreglunum fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísunum fyrir gögn og lágmarksstöðlunum fyrir gögn, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

6. Framkvæmdastjórnin skal ákveða með framkvæmdargerð hvaða dag miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið er tekið í notkun eftir að eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 39. gr. og 5. mgr. 43. gr. hafa verið samþykktar,
- b) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur lýst því yfir að alhliða prófun á miðlæga skýrslu- og tölfræðisafninu, sem hún hefur framkvæmt í samvinnu við yfirvöld aðildarríkjanna, hafi heppnast vel,
- c) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hefur fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 39. gr., og senda þau, og hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skal vera innan 30 daga frá samþykkt framkvæmdargerðarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður prófananna sem framkvæmdar eru í samræmi við b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr., b-lið 4. mgr., b-lið 5. mgr. og b-lið 6. mgr.

8. Aðildarríkin, miðlæg eining ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunin skulu hefja notkun á samvirknieiningunum frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1., 2., 3. og 4. mgr. eftir því sem við á.

69. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 63. gr. (2. mgr.) og 65. gr. (8. mgr.), í fimm ár frá 11. júní 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 63. gr. (2. mgr.) og 65. gr. (8. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar

í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 28. gr. (5. mgr.), 39. gr. (5. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 63. gr. (2. mgr.) og 65. gr. (8. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

70. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

71. gr.

Ráðgjafarhópur

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal koma á fót ráðgjafarhóp um samvirkni. Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. 54. gr. gilda meðan á hönnunar- og þróunaráfanga samvirknieininganna stendur.

72. gr.

Þjálfun

Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal hafa með höndum verkefni tengd því að veita þjálfun í tæknilegri notkun samvirknieininganna í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1726.

Yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins skulu sjá starfsfólki sínu, sem hefur heimild til að nota samvirknieiningarnar við vinnslu gagna, fyrir viðeigandi þjálfunaráætlunum að því er varðar gagnaöryggi, gæði gagna, reglur um persónuvernd, verklagsreglur sem gilda um gagnavinnslu og upplýsingaskyldu skv. 32. gr. (4. mgr.), 33. gr. (4. mgr.) og 47. gr.

Skipuleggja skal sameiginleg þjálfunarnámskeið um þessi viðfangsefni, eftir því sem við á, á vettvangi Sambandsins til að efla samvinnu og miðlun bestu starfsvenja á milli starfsfólks yfirvalda aðildarríkjanna og fagstofnana Sambandsins sem hafa heimild til að nota samvirknieiningarnar við vinnslu gagna. Huga skal sérstaklega að ferlinu við fjöluðkennagreiningu, þ.m.t. handvirkri sannpröfun mismunandi auðkenna og meðfylgjandi þörf á viðeigandi verndarráðstöfunum varðandi grundvallarréttindi.

73. gr.

Hagnýt handbók

Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og aðrar viðeigandi fagstofnanir Sambandsins, setja fram hagnýta handbók um framkvæmd og stjórnun samvirknieininganna. Handbókin skal innihalda viðmiðunarreglur um tækni og verklag, tilmæli og bestu starfsvenjur. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja hagnýtu handbókina í formi tilmæla.

74. gr.

Eftirlit og mat

1. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal sjá til þess að verklagsreglur séu fyrir hendi til að hafa eftirlit með þróun samvirknieininganna og tengingu þeirra við samræmda landsbundna skilflötinn með tilliti til markmiða í tengslum við skipulagningu og kostnað og til að hafa eftirlit með starfsemi samvirknieininganna með tilliti til markmiða í tengslum við tæknileg afköst, kostnaðarhagkvæmni, öryggi og gæði þjónustu.

2. Eigi síðar en 12. desember 2019, og á sex mánaða fresti eftir það meðan á þróunaráfangna samvirknieininganna stendur, skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um stöðu mála varðandi þróun samvirknieininganna og tengingu þeirra við samræmda landsbundna skilflötinn. Þegar þróuninni er lokið skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem útskýrt er ítarlega hvernig markmiðunum var náð, einkum þeim sem tengjast skipulagi og kostnaði, og hvers konar frávik rökstudd.

3. Fjórum árum eftir að hver samvirknieining er tekin í notkun í samræmi við 68. gr. og á fjögurra ára fresti eftir það skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um það hvernig samvirknieiningarnar hafa reynst tæknilega séð, þ.m.t. öryggi þeirra.

4. Að auki skal framkvæmdastjórnin, einu ári eftir hverja skýrslu frá Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, láta fara fram heildarmat á samvirknieiningunum sem felur í sér:

- a) mat á beitingu þessarar reglugerðar,
- b) athugun á árangri sem hefur náðst varðandi markmið þessarar reglugerðar og áhrif hennar á grundvallar-réttindi, þ.m.t. einkum mat á áhrifum samvirknieininganna á réttinn til banns við mismunun,
- c) mat á starfsemi vefgáttarinnar, þ.m.t. tölur um notkun vefgáttarinnar og fjölda beiðna sem leyst hefur verið úr,
- d) mat á því hvort þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar samvirknieiningunum eigi áfram við,
- e) mat á öryggi samvirknieininganna,
- f) mat á notkun sameiginlega auðkennasafnsins til staðfestingar á deilum,
- g) mat á notkun sameiginlega auðkennasafnsins til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði,
- h) mat á hvers konar afleiðingum í reynd, þ.m.t. óhóflegum áhrifum á umferðarflæði á landamærastöðvum og þeim sem hafa áhrif á fjárhagsáætlun Sambandsins,
- i) mat á leitinni í gagnagrunnum Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina, þ.m.t. upplýsingar um fjölda samsvarana í gagnagrunnum Interpol og upplýsingar um hvers konar vandamál sem koma upp.

Heildarmatið samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal innihalda öll nauðsynleg tilmæli. Framkvæmdastjórnin skal senda matsskýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, Evrópsku persónuvenndarstofnunarinnar og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda.

5. Eigi síðar en 12. júní 2020 og á hverju ári eftir það, þar til framkvæmdargerðir framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 68. gr., hafa verið samþykktar, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um það hvernig undirbúningi fyrir fulla framkvæmd þessarar reglugerðar miðar. Skýrslan skal einnig innihalda nákvæmar upplýsingar um þann kostnað sem stofnað hefur verið til og upplýsingar um hvers konar áhættu sem gæti haft áhrif á heildarkostnaðinn.

6. Tveimur árum eftir að fjölaufkennaskynjarinn er tekinn í notkun í samræmi við 4. mgr. 68. gr. skal framkvæmdastjórnin láta fara fram athugun á áhrifum fjölaufkennaskynjarans á réttinn til banns við mismunun. Eftir þessa fyrstu skýrslu skal athugun á áhrifum fjölaufkennaskynjarans á réttinn til banns við mismunun vera hluti af athuginni sem um getur í b-lið 4. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrslurnar sem um getur í 3.–6. mgr. Þessar upplýsingar skulu hvorki stofna vinnuáferðum í hættu né innihalda upplýsingar sem ljóstra upp um heimildarmenn, starfsfólk eða rannsóknir tilnefndra yfirvalda.

8. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar vegna heildarmatsins sem um getur í 4. mgr.

9. Sérhvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, með hliðsjón af ákvæðum landslaga um birtingu viðkvæmra upplýsinga og með fyrirvara um nauðsynlegar takmarkanir til að viðhalda öryggi og allsherjarreglu, koma í veg fyrir afbrot og tryggja að engum innlendum rannsóknnum verði stofnað í hættu, taka saman ársskýrslur um skilvirkni aðgangs að gögnum í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði, sem innihalda upplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar um:

- a) hver tilgangur uppflettinga er nákvæmlega, þ.m.t. tegundir hryðjuverka eða annarra alvarlegra refsiverða verknaða,
- b) þær gildu ástæður sem gefnar eru fyrir rökstuddum grun um að hinn grunaði, gerandi eða fórnarlamb falli undir reglugerð (ESB) 603/2013,

- c) fjölda beiðna um aðgang að sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknæði,
- d) fjölda og tegund mála sem hafa endað með því að staðfesting deila hefur tekist,
- e) þörfina á og beitingu undantekninga í brýnum tilvikum, að meðtöldum þeim tilvikum þar sem ekki var samþykkt að um brýnt tilvik væri að ræða í sannpröfuninni sem miðlæga aðgangsstöðin framkvæmdi eftir á.

Ársskýrslur aðildarríkisins og Löggæslusamvinnustofnunarinnar skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní næsta árs á eftir.

10. Aðildarríkjunum skal séð fyrir tæknilausn til að stjórna aðgangsbæðnum notenda sem um getur í 22. gr. og auðvelda þeim að safna upplýsingunum, sem taldar eru upp í 7. og 9. mgr. þessarar greinar, í þeim tilgangi að taka saman skýrslur og tölfræðilegar upplýsingar sem um getur í þessum málsgreinum. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem mæla fyrir um forskriftir fyrir tæknilausnina. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

75. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi evrópsku leitargáttina skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1. mgr. 68. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sameiginlega lífkennamatunarkerfið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 2. mgr. 68. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sameiginlega auðkennasafnið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 3. mgr. 68. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi fjölaúðkennaskynjarann skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 4. mgr. 68. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi sjálfvirku eftirlitskerfin og verklagsreglurnar fyrir gæði gagna, sameiginlegu gæðavísana fyrir gögn og lágmarksstaðlana um gæði gagna skulu koma til framkvæmda eftir því sem við á frá og með þeim dagsetningum sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 5. mgr. 68. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi miðlæga skýrslu- og tölfræðisafnið skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 6. mgr. 68. gr.

Ákvæði 6., 12., 17., 25., 38., 42., 54., 56., 58., 66., 67., 69., 70., 71., 73. gr. og 74. gr. (1. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá og með 11. júní 2019.

Þessi reglugerð skal koma til framkvæmda með tilliti til evrópska fingrafaragrunnsins frá og með þeim degi sem endurútgáfa reglugerðar (ESB) nr. 603/2013 kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 283, 10.8.2018, bls. 48.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 101, 16.3.2018, bls. 116.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvæðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1860 frá 28. nóvember 2018 um notkun Schengen-upplýsingakerfisins við endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði landamæraeftirlits og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og um breytingu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 14).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 frá 17. apríl 2019 um að koma á miðlægu kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsíðoma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskráakerfið)) til viðbótar við upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa og breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB C 233, 4.7.2018, bls. 12.

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 frá 16. apríl 2014 um að koma á fót, sem hluta af Sjóðnum fyrir innra öryggi, fjármögnunarleið til fjárstuðnings við ytri landamæri og vegabréfsáritanir og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 574/2007/EB (Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 143).

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

⁽¹⁹⁾ Ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43).

⁽²⁰⁾ Ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20).

⁽²¹⁾ Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

⁽²²⁾ Ákvörðun ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31).

⁽²³⁾ Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 52.

⁽²⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/149/DIM frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 50).

⁽²⁵⁾ Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 21.

⁽²⁶⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/350/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna að því er varðar afnám eftirlits á innri landamærum og um för fólks (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 19).

⁽²⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 frá 14. nóvember 2018 um Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-LISA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1987/2006 og ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 99).

⁽²⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).

⁽²⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamærareglurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).

⁽³⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (reglugerðin um komu- og brottfararkerfið) (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

⁽³¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008 um uppflettaaðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 129).

⁽³²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1).

⁽³³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2006/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).

⁽³⁴⁾ Rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM frá 13. júní 2002 um evrópsku handtökuskipunina og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 190, 18.7.2002, bls. 1).

⁽³⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).

⁽³⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 frá 26. júní 2013 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 604/2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna og um beiðnir löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulög-reglunnar um samanburð á gögnum í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 1).

⁽³⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 frá 15. febrúar 2007 um stofnun Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (Stjtið. ESB L 53, 22.2.2007, bls. 1).

⁽³⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 frá 14. september 2016 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 863/2007, reglugerð ráðsins (EB) 2007/2004 og ákvörðun ráðsins 2005/267/EB (Stjtið. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 1).